


Sjómannadagsblað Grindavíkur 2011



Bryggjuballið 2010 sló í gegn



Pétur Vilbergs dreymdi draum



Grindavíkurkortin ómetanleg

Í róðri með Verði EA 748



*Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn*

SJÓVÁ

Opið frá kl. 9.00 - 16.00 alla virka daga
Sími 426 7150 & 893 7140 - Fax 426 7151
Veffang gunnar.vilbergsson@sjova.is

Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
til hamingju með **sjómannadaginn 5. júní**

Eftir sjóróður er ekkert betra en heitt bað á upphitun og upplýstu heimili.
Afurðir eins og heitt og ferskt vatn og rafmagn koma frá Auðlindagarðinum.

Framleiðsla okkar skapar þægindi !

HS Orka hf

www.hsorka.is • hs@hs.is





Kæru sjómenn og fjölskyldur ykkar!

Til hamingju með sjómannadaginn



Grindavík...

útgerðarbær

www.grindavik.is



Heiður að fá leyfi höfundar fyrir birtingu Grindavíkurkortanna

Í þessu blaði birtast í fyrsta skipti saman í útgáfu öll Grindavíkurkortin sem Ómar Smári Ármannsson, rannsóknarlög-reglumaður og leiðsögumaður, hefur hannað og teiknað af Grindavík gamla tímans, þar sem hann náði að styðjast við heimildir margra fullorðinna Grindvíkinga, sem mundu aftur til nítjándu aldar. Margt af þessu fólki er nú þegar látið en fyrir Sjómannadagsblað Grindavíkur er það mikill fengur að leyfi skyldi fást hjá höfund, og hans skynjun sé sú að þau séu best varðveitt sem heimildir ásamt öðrum þeim heimildum sem blaðið hefur nú þegar safnað og birt á rómum tuttugu árum sem blaðið hefur komið út. Kortin sem eru orðin alls 7 birtast í blaðinu með þeim upplýsingum sem er að finna með þeim á þeim stöðum þar sem þau hafa verið sett upp.

Ritstjóri hins vegar fékk afrit af bréfi sem sent var til góðs vinar blaðsins, þar sem bréfitari lýsti hans sýn á blaðið og er ekki úr vegi að birta það svo lesendur átti sig á hvað bréfitari hefur fram að færa.

Bréf sent til Gunnars Tómassonar í Þorbirni hf., afrit til blaðsins

Sveinn Torfi Þórólfsson skráði:

„Ég var að fá sent Sjómannadagsblað Grindavíkur 2010. Ágætis blað, en mér finnst vanta meira efni frá Grindvíkingum sjálfum?

Samferðafólk mitt í Grindavík og aðrir, sem komnir eru eða að fara á aldur ættu að grípa pennann. Það er margt að segja frá, sem annars rennur í gleyskunnar hafsþjó!

Það væri hugmynd að fara með hljóðnema og taka viðtöl við fólk, bæði konur og karla. Það væri hugmynd að fá stúdenta í sögu, við Háskóla Íslands, til að annast það? Myndi ekki Þorbjörn hf. vera til í að sponsa slíkt verkefni?

Flott að Bói, Ólafur Rúnar Þorvarðarson, hefur tekið mikið af myndum. Ég man eftir Bóa með myndavélina að taka myndir. Hann kom nokkrum sinnum niður á bryggju og tók myndir. Hann tók myndir af mér við hin ýmsu störf, til dæmis að bæta troll niðri á bryggju.

Grein mín um Humarvertíð, á síðu 72 kemur vel út. Kristinn Benediktsson,

ritstjóri, valdi myndirnar. Myndirnar eru yfirleitt teknar eftir minn tíma í Grindavík, um 1970, en þær dekkja vel efnið. Mér finnst, að mynd Bóa frá 1964 á síðu 14, þar sem Hjalti Mag. er að bæta humartroll, og Dóri í Vík að hjálpa honum, hefði passað í greinina mína! Ég man vel eftir þessu umhverfi enda oft að bæta troll þarna á bryggjunni.

Ástæðan til að ég fór á humarveiðar, var að ég fékk ekki pláss á bátunum hjá Þorbirni h/f. Ég heyrdi, að Gvendur Karls væri að fara á humar, enda var pabbi að kenna honum að fara með troll.

Ég hringið í Gvend, og falaðist eftir pláss. Hann var lengi að hugsa sig um (er hægt að nota „skólastrák“ á sjó?).

Svo spurði hann allt í einu?

„Kannstu að bæta?“

„Já, mjög er góður,“ svaraði ég.

„Þú ert ráðinn, en þá verður þú að vera „kokkur.“ Við byrjum 1. júní og siglum þá út frá Hafnarfirði.“

Mitt síðasta próf á Laugarvatni var 31. maí.

Á síðu 94 má lesa um „Fisktækniskólinn kominn til að vera.“ Til hamingju! Það var tími til kominn. Flott að Grindvíkingar eru í fararbroddi um slíka menntun.

Við Einar Sím. ræddum oft þörfina á slíkum skóla, eða frekar námskeiðum, þegar við vorum að bæta eða gera við trollin þarna á bryggjunum árin 1964 – ’66. Einar sagðist myndi taka það upp hjá Sjómannafélaginu. Hvar áttu ungmenntu að læra allt sem gera þurfti um borð í bát, sem varð flóknara og flóknara?

Til dæmis að „splæsa,“ bæði tóg og víra, „bæta,“ o.s.frv.?

Það voru fáir, sem kunnu til verka þegar þeir fóru um borð í bátana. Og líka þeir sem í landi voru. Urðu að byrja að læra flest frá grunni, þegar þeir byrjuðu að vinna, ég lærði aldrei að flaka og fletja, og beitti aldrei línu. Hins vegar var ég einn af fremstu netamönnum, sem á bryggjunum í Grindavík hafa verið, samanber Einar Sím. Að „bæta“ lærði ég hjá mömmu, sem bætti reknet norður á Skagaströnd.

Það var mikill hörgull á fólki sem kunni að bæta net og að gera við veiðarfæri.

Hjalti Mag, Hjalti Magnússon netaviðgerðarmaður, annaði alls ekki þörfinni, og urðu bátar oft að biða langan tíma eftir að fá gert við veiðarfæri.

Sumarið 1960 var lítið að gera hjá Þorbirni hf. og kom Toddi og sagði við okkur vinnukarlana að reyna að fá vinnu einhvers staðar annars staðar.

Það var nú lítið um vinnu, helst byggingarvinnu. Mig langaði ekkert í byggingarvinnu.

„Hvað gerir maður nú? Hvernig getur maður selt sjálfur?“, hugsaði ég.

Eitt kvöldið rölti ég upp í Lágafell til Jæja, Þorvarðar Ólafssonar forstjóra Útgerðarfélags Grindavíkur, sem gerði út Mb Óðinn GK 150 á humar. Skipstjóri var Einar Sím, Einar Símonarson á Eyvindarstöðum.

Ég spurði hvort hann vantaði einhvern til að bæta og gera við troll. Hann horfði lengi á mig og spurði efins: „Kannstu að bæta?“

„Já,“ sagði ég og hann bara faðmaði mig og sagði:

„Komdu, förum niður á bryggju.“

Svo keyrðum við í flotta Buicknum hans niður á bryggju. Á bryggjunni lá hrúga af rifnu trolli, og svo Mb. Óðinn GK bundinn við bryggju.

„Geturðu ráðið við þetta?“ spurði Jæji.

„Það er alltaf hægt að reyna,“ svaraði ég.

Svo gerði ég við trollið þarna um nóttina, og Óðinn fór út með morgninum, með Einar Sím, brosandi eins og sól.

„Þakka þér alveg rosalega vel fyrir,“ sagði Einar og tók í höndina á mér.

Eftir það vorum við Einar góðir mátar!

Jæji hélt í fyrir mig á meðan ég bætti, en um klukkan 03 leytið um nóttina gafst hann upp og fór heim að sofa.

Hugsa sér! Útgerðarforstjórinn að halda í net hjá 14 ára strákpolla.

Það er gaman að rifja þetta upp!

Ég var í fermingarveislu á miðjum níunda áratugnum. Þá vindur sér að mér maður úr Sandgerði, sem sagðist hafa verið með Einari Sím. til margra ára.

Hann spyr: „Ert þú Torfi úr Grindavík?“

„Já, jú,“ ég kannaðist við það.

Þá sagði hann, að Einar Sím. hefði hælt mér mikið og sérstaklega fyrir alla aðstoðina við humarflotann í Grindavík, sem hefði verið í mestu vandræðum með að fá gert við trollin. Oft lágu margir bátar í Grindavík-urhöfn með rifin og eyðilögð troll. Ég hafði þá gengið á milli bátanna og aðstoðað sjómennina við að gera við trollin, samtímis sem ég var í að gera við trollin á Mb. Sveini Sveinssyni. Hann sagði það seint gleymast.

Ég var búinn að gleyma þessum atvikum, og gerði alls ekki ráð fyrir að nokkur myndi hugsa til þessa með svo jákvæðum huga. Mér vóknaði um augum við að heyra þetta og ætlaði að heimsækja Einar, en það varð ekkert úr því.

Kristinn Benediktsson
ritstjóri

Leiðrétting á sjómannaafslætti og kjarabaráttan framundan

Aðalfundur félagsins var vel sóttur milli jóla og nýárs líkt og undanfarin ár. Stjórn félagsins var endurkjörin til næstu tveggja ára og er fyllsta ástæða til að þakka félagsmönnum fyrir traustið sem okkur er sýnt.

Að venju urðu miklar umræður á fundinum um afnám sjómannaafsláttarins sem átti að taka gildi um áramótin en ríkisvaldið hefur algjörlega hundsáð sjómannasamtökin í þeirri viðleitni þeirra til að fá leiðréttingar á aðför þess að lögbundnum réttindum okkar. Það er því ljóst að sækja verður leiðréttingar til útgerðarinnar.

Kjaramál eru efst á baugi vetrarstarfsins enda hefur ekki verið samið við sjómenn í fjölda ára að heitið geti. Nú þegar þetta er skrifað á vormánuðum verður að segja að samningar við útgerðarmenn séu í biðstöðu þar sem allur veturinn hefur farið í kjara- viðræður við gerð heildarkjarasamninga vinnumarkaðarins. Nýlega var gengið frá undirskrift á samningi til þriggja ára en félögin eiga eftir að samþykka svo ljóst að einhver hreyfing ætti komast á okkar mál sem í grunninn taka mið af þessum nýgerða samningi. Rétt er að minna á að formaður LÍÚ hefur lýst því itrekað yfir að ekki verði gerðir kjarasamningar við sjómenn, fyrr en ljóst er hvaða breytingar verða gerðar á fiskveiðistjórnunar lögunum. Að öðru leyti er lítið hægt að tjá sig um þessi mál á þessu stigi

en alveg ljóst að sjómenn munu fylgja fast eftir kröfu um verulegar kjarabætur og leiðréttingu á ýmsum atriðum sem snúa að okkar sérkjarasamningum svo sem verðmyndun á fiski, orlofi, sjómannaafslætti, lífeyrismálum og fleira og fleiru. Sævar Gunnarsson formaður samtakanna fór vel yfir þessi atriði á fundinum og svaraði fjölda fyrirspurna.

Framkvæmdastjóri Gildis, sem er sá lífeyrissjóður sem sjómenn tilheyra, flutti fróðlegt erindi um stöðu sjóðsins fyrir og eftir bankahrun. Hann sýndi með glærum og útskýrði á mannamáli hvernig ávöxtunarkrafa sjóðanna virkar í hnotskurn. Þá sýndi hann að þrátt fyrir að sjóðurinn hafi orðið fyrir áföllum við hrunið kom hann betur út úr því en menn óttuðust þar sem varlega var farið með fjárfestingar á vafasömum fjárfestingarkostum. Ljóst er að lífeyrismál launafólks eru málefni sem hinn almenni félagsmaður verður að vera meðvitaður um og virkur í umræðunni því það dugar engan veginn að þessi mál séu látin afskiptalaus, til þess skipta þau of miklu máli fyrir hvern og einn sem og alla þjóðina.

Lögmenn félagsins lýstu nokkrum sláandi dæmum um hvernig reynt er að snúa slysrétti sjómanna upp í andstöðu sína í gerð alls kyns sérkjarasamninga þar sem reynt er að svína á mönnum ef þeir eru ekki á varðbergi. Því miður! Það er svo sannarlega að ýmsu að



hyggja þar sem umhverfi starfsins er stöðugt að breytast með nýjum skipum og búnaði auk þess sem veiðiskapur er sibreytilegur.

Að lokum var ályktað um málefni sumarbústað félagsins í Húsafelli og að lokum fékkst skýr niðurstaða í málið, því eindreginn vilji var um að hann skyldi seldur og nýr keyptur í staðinn. Það hefur nú farsællega gengið eftir og félagið eignaðist í vetur nýjan rúmlega 90 fermetra stóran bústað í Grimsneshreppi skammt frá bústað sem við eigum fyrir. Sá nýi er vel búinn húsgögnum og tækjum eins og vera ber svo félagsmenn geti notið þess að slaka á í fríum með fjölskyldunni.

Efnisyfirlit

Bls. 4	Ritstjórastill Kristinn Benediktsson
Bls. 5	Leiðréttingásjómannafslættiofgjaramálin framundan
Bls. 6-8	HermannMagnúsSigurðsson,formaður Hugleiðingar sjómannskonu eftir Ingvaldi Einarssóttur
Bls. 9	Lögin hennar mömmu, Margrétar Sighvatsdótturútgáfanýsgeisladisks kynnt
Bls. 10-13	Dreymdi að verið væri að landa 360 fótum af „SKÍT“! PéturVilbergsson,fyrirritstjóri,rifjar upp fyrstu ár sjómennsku sinnar
Bls. 14-23	Auka má veiði í þorski, það sjá allir, sem vilja sjá. KristinnBenediktssoniróðrímeðVerði EA 748
Bls. 26-29	FyrstiÍslandsmeistariínetaviðgerðum krýndur
Bls. 30-33	Heiðrun aldraðra sjómanna 2010
Bls. 34-35	Ávarpviðhátíðahólds sjómanna2010
Bls. 36-37	Dúkkulisurnar héldu uppi stuðinu á bryggjuballi 2010
Bls. 38-40	TánumtylltumborðiHrafnSveinbjarnarson GK. Kristinn Benediktsson á ferð út á sjó í vetur

Bls. 41	TM vinnur markvisst að því að skapa öryggi á vinnustöðum
Bls. 41	Dys Jóhanns Breiða frá sextándu öld
Bls. 42-73	Grindavíkurkortin ómetanleg Sjómannadagsblað Grindavíkur birtirGrindavíkurkortÓmarsSmáraÁrmanntsonarásamtöllumupplýsingum og myndum
Bls. 74-75	„Nýjstu sjóararnir“ skapa gömlu sjóurunum meiri tíma við veiðarnar KristinnBenediktssonfórisKemmtilega ferð út á land
Bls.76	Saltfiskuppskriftarkeppnin
Bls. 78-79	Brimlending við Grindavík Sveinn T. Þórólfsson skráði
Bls. 81-83	Ég yrði kannski ... HafsteinnGuðmundssonsskrifaríminningu góðs vinar, Viðars Hjaltasonar
Bls. 84-91	Forfallinn fuglaljósmyndari EyjólfurVilbergsson,véltjóri,ígalleríi blaðsins
Bls. 94	Uppskriftahornið
Bls. 95	Menningarverðlaunin2011komu íhlut Bryggjubræðra
Bls. 97	„Það er framtíð í fiski“ FisktækniskóliSuðurnesjaíGrindavík kynntur

Útgefandi:Sjómanna-ogvéltjórafélagGrindavíkur
Formaður: Hermann Magnús Sigurðsson
Ritstjóri: Kristinn Benediktsson
Ábyrgðarmaður: Hermann Magnús Sigurðsson
Uppsetning: Svavar Ellertsson, Staparent
Forsíðumynd: 20 tonna hal um borð í Verði EA 748, sjágrein bls. 14-23. KristinnBenediktsson tók myndina.

Verð í lausasölu 1200 kr.

Skrifstofa Sjómanna- og véltjórafélags Grindavíkur, Hafnargötu 9, sími 426 8400, fax 426 8405, skrifstofanerinallavirkadagafraðklukkan9.00-12.00. Öll afritun texta og mynda er óheimil nema með leyfi ritstjóra eða höfunda.

Leiðrétting:
Meinlegavillaslæddistinnítextannísíðastatölublaði SjómannadagsblaðsGrindavíkurígreininniúmróður með Jóhönnu Gísladóttur ÍS 7. Íupptalningunniááhöfn skipsins í þessariveiðiferð, þarsemsegir að Halldór Einarsson, yfirstýrimaður, sé að leysa af Þóri Sigfússon, átti að standa að Halldór leysirafskipstjóran, Þórð Pálmason, þegar hann fer ífrí, en að sögn Halldórshefur það fyrir komulag verið ífimmtánár. Halldór er beðinn velvirðingar á þessum mistökum og leiðréttist þetta hér með.

Hugleiðingar Sjómannskonu

Eftir Ingveldi Einarsdóttur

Innsiglingin til Grindavíkur.

Ljósmynd: Kristinn Benediktsson

Góðir áheyrendur!

Ef íslenskar sjómannskonur ættu sér eina ósk, sem þær væru alveg vissar um að fá uppfyllta, hygg ég að sú ósk myndi hljóða eitthvað á þessa leið: Auknar slysavarnir, meira öryggi til handa íslenskum sjómönnum. Og engan, sem þekkir kjör sjómannskonunnar til hlítar, myndi undra, þó ósk hennar hljóðaði svo.

Lífshamingja hennar og afkoma fer eftir því, hvernig búið er að íslensku sjómönnum, þessum mönnum, sem oft og réttilega hafa verið nefndir framherjar íslenskra atvinnuvega og víst er um það, að þegar við hugsum um þá hættu, sem alltaf vofir yfir þessari þjóð - þar sem eru sjóslysir, - þá finnum við best hve sjómennirnir eiga réttilega skilið að hér sé verið vel á verði um allt það, er gæti tryggt öryggi þeirra á sjónum og þá finnum við, að hér er um að ræða málefni, sem engum er með öllu óviðkomandi, málefni sem kallar okkur öll, konur og karla, til liðveislu og samstarfs, málefni, sem nú orðið er talið meðal fremstu menningar- og mannúðarmála þjóðanna.

Hér er líka ábyggilega svo göfugu takmarki að stefna að, að það hlýtur að vera hverjum góðum manni metnaðarmál að geta lagt því lið.

Hér er um að ræða hvorki meira né minna en að bjarga



mannslífum, dýrustu verðmætum hverrar þjóðar, hér er um að ræða að lækka tölu ekkna og föðurleysinga, hér er vissulega um að ræða að vinna kærleiksverk.

Það skal lofsamlega á það minnst, að samtök áhugamanna Slysavarnafélags Íslands hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf, til bóta í björgunarmálum þjóðarinnar hin síðari ár, enda er hér um að ræða málefni, er við eigum öll að geta sameinast um í einingu og bróðurkærleika, án tillits til þess, hvaða skoðanir við annars kunnum að hafa á landsmálum yfirleitt.

Ég minnst þess, hve íslenska þjóðin fagnaði, þegar björgunarskútan Sæbjörg kom til landsins.

Hve velkomin hún var, sást best á viðtökunum sem hún fékk, ekki síst á viðtökum kvenþjóðarinnar, sem bæði fjölmennti mjög við móttökuhátíðina, auk þess sem kvennadeildir slysavarnafélaganna í Reykjavík og við Faxaflóa

færðu Slysavarnafélagi Íslands stórar fjárhæðir að gjöf til reksturs björgunarskútunnar.

Við björgunarskipin íslensku eru ábyggilega bundnar fagrar vonir og sjómannskonurnar, að minnsta kosti, líta á björgunarskipin sem einskonar helgidóm hafsins og starf björgunarliðsins verður aldrei í þeirra augum fullþakkað. - En sjómannskonurnar

Eftirfarandi grein var upphaflega flutt sem útvarpserindi 21. mars 1946 og vakti þá verðskuldaða athygli. Höfundurinn, frú Ingveldur Einarsdóttir, hefur alla aðstöðu til að ræða þessi mál út frá eigin reynslu og þekkingu. Hún er alin upp í Grindavík, einni brimasömustu verstöð landsins, og hefur verið búsett þar lengi. Faðir hennar, Einar Einarsson í Garðhúsum, var athafnamikill útgerðarmaður um langt skeið. Gift er frú Inguveldur Rafni Sigurðssyni skipstjóra, er lengi stjórnaði millilandaskipum, eins og kunnugt er. Þótt erindi frú Ingveldar sé samið og flutt fyrir alllöngu, lítur Sjómannablaðið Víkingur svo á, að það eigi enn fullt erindi til landsmanna, og hefur því fengið leyfi til að prenta það.

setja sig nú flestum öðrum inn í hætturarnar sem fylgja störfum sjómannsins og eiga sjálfsagt öllum öðrum fremur andvökunæt-ur, þegar stormurinn æðir og brimið skellur á ströndina.

Í febrúarblaði Sjómannablaðsins Víkingur er eftirtektarverð grein, sem nefnist „Mannfall“. Er hún skrifuð í sambandi við 9. febrúar s.l. - en þá var enn einu sinni heimaður dýr skattur af þessari þjóð. 20 dýrmæt mannlíf sukku þá í hina votu gröf.

Í nefndri Víkings-grein er meðal annars talað um veðurfréttir, björgunarmál og tryggingarmál og sé sá dómur, sem þar er felldur, réttur, er hann vissulega allt annað en hugþekkur, en þar segir meðal annars, orðrétt tekið upp:

„Veðurfregnir eru því miður ákaflega ótraustar. Hvað eftir annað gefur Veðurstofan út veðurspár án þess að hafa fengið veðurfregnir frá Grænlandi eða hafinu milli Íslands og Grænlands. Vitað er, að Bandaríkjamenn og fleiri þjóðir halda uppi föstum flugferðum um Ísland og hljóta því að hafa fullkomið kerfi veðurathugana. Skortir veðurstofuna hér samvinnu við þessa aðila? Hvað veldur því að ekki fást veðurathuganir frá ýms-um hinum þýðingarmestu stöðvum? - Hér er á ferðinni alvarlegt mál, sem þarfnast tafarlausra umbóta.

Björgunarmálin eru í ólestri. Samtök áhugamanna, Slysavarna-félag Íslands, hefur unnið mikið starf og gott í þeim efnum, þótt mistök hafi að vísu komið fyrir. En hlutur ríkisins hefur mjög eftir legið og er þó verst hin síðasta gangan. Meðan fárviðrið geisaði 9. febrúar og hjálparvana vélbátar hröktust fyrir sjó og vindi um Faxaflóa, lágu mahognyfleytur við hafnargarðinn í Reykjavík. Voru það hin svonefndu björgunar- og strandferðas- skip ríkisins. Vafalaust voru þau best komin þar sem þau lágu. Hitt hefði aðeins orðið til þess að auka manntjónið, að senda þau til hafs í slíku veðri. En það verða forráðamenn björgunarmál-anna að skilja, að okkur vantar ekki mahognyleikföng, heldur góð skip og fullkomin, sem fær eru um að annast björgun og strandgæslu á viðeigandi hátt.

Tryggingamálin þurfa endurskoðunar við. Íslenskir fiskimenn hafa alla stund mátt horfa til þess með ugg og kvíða, að konur þeirra, börn og aðrir nákomnustu vandamenn, sætu uppi með tvær hendur tómar, ef þeirra missti skyndilega við. Ef til vill hefur sá uggur orðið hvað áleitnastur og valdið mestum geig, er barist var við æðandi storm og úfinn sæ.“

Svo mörg voru þau orð.

Ábyggilega hafa íslenskar sjómannsekkjur gert sér aðrar og meiri vonir um hin nýju björgunarskip en hér segir og þó að tryggingarmálunum hafi þokað nokkuð áleiðis hin síðari ár, vantar enn mikið á að sjómenn geti verið áhyggjulausir þeirra vegna.

Í sambandi við slysfarirnar 9. febrúar minnst ég þess einn-ig að hafa heyrt talað um, að einn bátur hafi komist að landi nefndan dag vegna þess að hann hafði alveg sérstaklega góðan seglaútbúnað, eins og það var orðað.

Nú vil ég mega spyrja:

Er til nema einn löglegur seglaútbúnaður? Sem sé - þessi, sem kallaður er sérstaklega góður. -

Er hugsanlegt, að íslenska þjóðin stofni sonum sínum í hættu fyrir slíkt gáleysi og það, að hafa ekki seglaútbúnað fiskibát-anna í eins góðu lagi og frekast verður á kosið? Er ekki skylda



Norðurljós við Reykjanes. Ljósmynd: Eyjólfur Vilbergsson

skipaskoðunarmannanna að líta eftir þessu? Er ekki skylda útgerðamannanna við tryggingarfélagin að hafa þetta í lagi? Er það ekki skylda við íslensku þjóðina að vera á verði um að hún missi ekki mannlífina fyrir slíka vanrækslu? - Og síðan en ekki síst. - Er það ekki skylda við sjómannskonurnar - konurnar, sem í þessu tilfelli fórnar öllu - að mönnum þeirra og sonum sé ekki teft í lífshættu af þessum ástæðum?

Ég vil nota tækifærið til þess að skora á alla þá, er hlut eiga að máli, eða á einhvern hátt geta haft áhrif á þessi mál, að sjá um að sjómannskonurnar þurfi ekki að lifa í sífelldum ótta um menn sína og syni, fyrir það að öryggisútbúnaður allur sé ekki í góðu lagi á skipum þeirra, - þeim - sjómannskonunum - eru búnar svo margar áhyggjustundir vegna náttmyrkurs, brims og náttúru- hamfara, vegna þeirra afla, sem enginn fær ráðið, að ekki virðist nema sanngjörn krafa að létt sé af þeim áhyggjum, er gætu stafað af ónógum útbúnaði á einhvern hátt.

Þegar við hugsum um stöðu sjómannskonunnar í þjóðfélaginu, þá er það aðallega tvennt, að mínum dómi, er gerir henni lífið erfiðara en flestum öðrum kynsysturum hennar.

Í fyrsta lagi: Hinn stöðugi ótti er hún ávallt lifir í og óhjá- kvæmilega er samfara hinu áhættusama lífsstarfi eiginmanns hennar, og þó að þessa ótta gæti yfirleitt hjá sjómannskonum, hvort sem menn þeirra eru farmenn eða fiskimenn, hefur mér fundist bera einna mest á honum í brimveiðistöðvunum, og það vil ég setja í samband við, að þar hafa konurnar sjálfar, oft á tíðum, horft á hinar alvarlegustu slysfarir, er menn hafa farist í lendingu. Þá er og hins að gæta, að víða brimar svo fljótt, að um algert öryggi af þeim ástæðum er sjaldan að ræða, ef menn eru á sjó á annað borð.

Ég ætla að lýsa hér einum brimdegi í þeirri verstöðinni, er ég þekki best - Grindavík.

Það var 7. febrúar 1939.

Þá róa allmargir bátar um morguninn. Nokkru eftir að þeir eru komnir út á fiskimiðin, byrjar að brima. Um hádegi er komið hér aftakabrim, eins og verður hér mest, og enn eru ólentir 5 bátar.

Hvað verður nú um þá? Það er sýnilegt, að þeir muni ekki ná landi þar þennan dag. Hér eru 20 mannslíf í hættu, svo það er fullkomin alvara á ferðum. Það er hringt á Slysavarnafélag Íslands og Sæbjörg leggur strax af stað, tilbúin að veita alla þá hjálp og aðstoð, sem henni er unnt. Og þetta tekst allt giftu-samlega að þessu sinni, bátarnir lenda allir heilu og höldnu í Keflavík.

Úr hinu litla þorpi voru, eins og fyrr segir, hvorki meira né minna en 20 mannslíf í hættu og dagurinn fól einnig í skauti sínu, hvort að þar yrðu næsta morgun 7 ekkjur og 20 föðurlaus börn.

Hafið þið gert ykkur í hugarlund, áheyrendur mínir, hvernig líðan sjómannskonunnar muni vera á svona degi?

Barátta sjómannsins, sem verður að leggja frá heimahöfn í algerri óvissu um að ná nokkurs staðar landi, þarf ekki að lýsa og víst er um það, að á „landamærum lífs og dauða leikur enginn sér,“ - en á svona degi heyrir sjómannskonan einnig sína hörðu baráttu milli vonar og ótta og það er alveg víst, að dagur eins og þessi skilur eftir djúp spor í sálarlífi sjómannskonunnar. Og það er einmitt óttinn við að þetta - eða eitthvað þessu líkt - endurtaki sig, sem alltaf fylgir sjómannskonunni.

Þá kem ég að hinu atriðinu - en það er hin langa fjarvera far-mannsins frá heimilinu.

Af henni leiðir, að konan verður oft á tíðum að ráða ein fram úr ýmsum og oft erfiðum vandamálum heimilisins, auk þess sem uppeldi barnanna hvílir að miklu leyti á hennar herðum einnar.

Allir sjá hinn mikla mun á þessu, eða aftur hinu, þar sem hjónin geta daglega rætt vandamálin og staðið þétt saman um þau - stutt hvort annað í lífsbaráttunni.

Hugsið ykkur hið mikla vandamál, uppeldi barnanna, - annarsvegar þar sem hjónin eru samtaka um að gera allt sitt besta í þeim efnum. Þeirra nýtur beggja við til framkvæmdanna, hinsvegar þar sem að konan verður að standa að miklu leyti ein, faðirinn kemur í stutta heimsókn endrum og eins, og - mér liggur við að segja - er þá eins og gestur á sínu eigin heimili.

Og svo eru gleðistundirnar.

Hugsið ykkur hátíð barnanna - jólin.

Annars vegar safnast fjölskyldan öll saman í kring um jólatréð, í þeirri friðsælu gleði, er jölunum er samfara.

Á hinu leitinu er móðirin ein með barnahópin senn en faðirinn heldur sín jól á hafinu. - Ég læt þetta nægja um aðstöðu-mun sjómannskonunnar miðað við aðrar konur þjóðfélagsins.

Fyrir mörgum árum átti ég langt tal við mjög greinda og greinagóða konu.

Við ræddum um dag og veg sjómannskonunnar og sjómannastéttarinnar yfirleitt, ef ég mætti orða það svo. Þessi kona var á engan hátt vandabundin sjómannastéttinni, en sjaldan hef ég heyrt talað af meiri samúð og dýpri skilningi á högum þeirrar stéttar en einmitt þá.

Og konan sagði að síðustu eitthvað á þessa leið:

„Ég fyllist alltaf sárri gremju, þegar mér finnst á einhvern hátt halla á eða ekki réttlægt tillit tekið til sjómanna okkar. Ég hef verið svona frá því ég var barn. Mér finnst þjóðin standa í svo stórrí þakkarskuld við þessa menn og hvað værum við án þeirra?

Ég geng oft niður á hafnarbakkann í Reykjavík, þegar skipin eru að koma og fara og alltaf bærast í brjósti mér sömu tilfinningarnar, þegar ég sé sjómennina kveðja konur sínar og börn, áður en þeir leggja á hafið.“

Mér hefur oft síðan verið hugsað til þessarar konu og orða hennar.

Mér varð hugsað til hennar, þegar þjóðin fagnaði fengnu frelsi 17. júní 1944 og dagana þar á eftir. Þá var vissulega bjart í hugum Íslendinga og það ekki að ástæðulausu, enda hafði undangengin atkvæðagreiðsla þjóðarinnar sýnt ótvíræðan vilja hennar í þessum efnum.

Í sambandi við hátíðahöldin voru veislur haldnar og þangað boðið fulltrúum ýmissa stétta og félaga.

Ég minnst ekki að hafa heyrt að neinn fulltrúi hafi verið boðinn þangað fyrir hönd sjómannastéttarinnar, - hefði þó mörgum þótt hinn ágæti sjómannaskólastjóri sóma sér þar vel fyrir stéttarinnar hönd - að öðrum ólöstuðum.

Mér varð hugsað til þessarar konu stundum á stríðsárunum. Saga þeirra ára sýnir, að íslenskir sjómenn hafa galdið hlutfallslega meira afhroð en herlið margra styrjaldarþjóðanna.

Á þeim árum varð þó til með þessari þjóð orðið „hræðslupeningar,“ sem heiti á nokkrum hluta á kaupum sjómanna.

Mér varð hugsað til þessarar konu þegar ég heyrði að tillaga hefði komið fram um að taka nokkurn hluta af hinum nýbyggða, veglega sjómannaskóla fyrir geðveikrahæli og mér varð enn hugsað til hennar þegar ég heyrði að raddir hefðu verið uppi um að fá enskar áhafnir á „mahognyskipin“ fyrrnefndu, ef Íslendingar gætu ekki eða þyrðu ekki að sigla þeim.

Óneitanlega eru þetta kaldrar kveðjur til sjómannastéttarinnar, fyrir störf hennar á undangengnum árum - en bót er í máli, að hér munu aðeins fáir menn að standa.

Yfirleitt mun íslenska þjóðin standa einhuga með sjómönnum sínum, viðurkenna áhættuna í starfi þeirra, karlmennsku þeirra og hugrekki.

ÍSLENDINGAR! Hvað getur þjóðin þá gert, til að sýna í verki hug sinn til þessara manna?

Fyrst og fremst ber að fullkomna slysavarnirnar eins og frekast verður við komið - og því næst dettur mér annað í hug, er ég vil bera hér fram í fullri alvöru:

Getum við stofnað sjóð - minningarsjóð sjómanna?

Íslenska þjóðin hefur sýnt í verki hvað hægt er að gera, ef góður vilji og almenn þáttataka haldast í hendur, og milljónir hafa safnast hér á allra síðustu árum, til líknar bágstöddum, utan lands og innan.

Myndi þjóðin ekki með sama stórhug vilja mynda sjóð, er ætti að hafa það markmið að hjálpa ekkjum druknaðra sjómanna, þeim, er þess þurfa með. Létta af þeim áhyggjum daglegrar afkomu og stuðla að því að börn þeirra gætu fengið sæmilega menntun.

Einn dagur á ári yrði almennur fjárflokkardagur sjóðsins, auk þess mætti afla honum tekna með minningargjöfum, áheutum og á annan hátt. Sjóðsstjórnin yrði ávallt skipuð hinum hæfustu mönnum, konum og körlum.

Á virðulegri hátt gætum við ekki minnst hetjanna okkar föllnu og á drengilegri hátt gætum við ekki komið fram við ekkjur þeirra og börn.

Ef hinni stórhuga íslensku þjóð er alvara, þegar hún talar um sjómennina sem framherja íslenskra atvinnuvega, - „ef hjartað er með, sem undir slær“ - þegar minnst er á hetjur hafsins, þá efa ég ekki að slíkur sjóður sem þessi yrði gildur á tiltölulega stuttum tíma og með honum yrði létt þungum áhyggjum af mörgu heimilinu í þessu landi.

Eigum við ekki á þennan hátt að minnst sjómanna okkar, mannanna,

„sem flytja þjóðinni auð,

sækja barninu brauð,

færa björgin í grunn, undir framtíðarhöll.“

Lögin hennar mömmu, Margrétar Sighvatsdóttur

Um sjómannadagshelgina síðustu kom út afskaplega fallegur geisladiskur með lögum Margrétar Sighvatsdóttur sem alltaf er kennd við Vísi hf. í Grindavík ásamt eiginmanni sínum Páli H. Pálsyni. Eitt lagið er einmitt Söngur sjómannskonunnar samið til hans, þegar hann var á sild á Siglufirði á árum áður en hún í Grindavík að ala upp barnahópinn þeirra, sem hér stígur á stokk og flytur lög móður sinnar í tilefni af 80 ára afmæli hennar 23. maí 2010 ásamt þekktum hljóðfæraleikurum. Þess var getið að andvirðið rynni óskipt til Krabbameinsfélagsins en bleika slaufan eftir Sif Jakobs, gullsmíð, fylgdi með hverjum disk.

Margrét Sighvatsdóttir fæddist 23. maí 1930 og ólst upp í stórum hópi systkina sem öll höfðu áhuga á tónlist. Hún var ellefu ára þegar hún byrjaði að læra á píanó og síðar á lífsleiðinni fór hún í söngnám. Hún lék einnig á gítar og harmoníku og hafði gaman af að semja lög. Bræður hennar voru í hljómsveit sem hét Ragnheiðarstaðabræður og ferðuðust þeir um sveitirnar á pallbíl með tvær nikkur og trommusett. Margrét var hins vegar á þessum tíma í sönghópi sem kallaði sig Engjarósir og tróðu þær oft upp á böllum með þeim bræðrum þannig að það hefur oft verið líf og fjör í sveitinni í stórum systkinahópi. Börnin hennar Margrétar sem hér feta í fótspor hennar á geisladisknum eru í hljómsveitinni Baggalábandið, þau Margrét, Páll Jóhann, Pétur Hafsteinn, Kristín Elísabet, Sólný Ingibjörg og Svanhvít Daðey. Auk þeirra syngja á disknum 2 barnabörn, tvær dætur Margrétar Pálsdóttur, þær Björg og Þórdís Pétursdætur.

Á umslagi geisladisksins segir um lögin



hennar Margrétar að þau urðu til við ýmis tækifæri og eru flest samin í Grindavík á árunum 1965-1985, þar sem hún og Páll bjuggu í fjóra áratugi svo sem eins og Söngur sjómannskonunnar sem hún samdi til mannsins síns á sild en Tunglskinsnótt varð til þegar hún var síðla nætur að bera út Morgunblaðið og lét sig dreyma um ferðlög til framandi landa.

„Mamma samdi barnasöngleiki sem nefndust Lóan kemur og Vordraumur og setti þá upp í Festi. Hún sá um allt sjálf. Hún samdi lögin og textana, málaði leiktjöld, hannaði búninga, samdi dansa og leikstýrði svo öllu og lék undir á píanó. Texti barnaleikritanna lýsir einkar vel þeirri bjartsýni og því jákvæða hugarfari sem alla tíð hefur einkennt mömmu.

Tónlistin hefur verið líf hennar og yndi og það var gott að alast upp hjá móður sem lét ekkert stoppa sig í að gera

lífið skemmtilegra. Mamma kom víða við í söngnum og tónlistinni,” segja börnin hennar Margrétar og bæta við að til að fá meiri upplýsingar sé upplagt að slá inn vefsíðu sem hún heldur úti:

<http://www.facebook.com/pages/Margr%C3%A9t-Sighvatsd%C3%B3ttir/128453657191202?ref=ts> <http://www.facebook.com/pages/Margr%C3%A9t-Sighvatsd%C3%B3ttir/128453657191202?ref=ts> eða sjá:

www.myspace.com/maggasighvats

Lítið minningarbrot að gefnu tilefni:

Ritstjóra eru minnisstæð mörg augnblik á um liðnum árum þar sem Margrét kom fram og söng bæði sín lög og annarra. Eitt atvik er sérstaklega minnisstætt en það var árið sem Grindavíkurbær hélt fyrst 17. júní skemmtun hátíðlega, 1984, með tilheyrandi skrúðgöngu og útihátíð við barnaskólann. Þá var leitað til bæjarbúa til að leggja til heimatilbúin skemmtiatriði sem öll voru auðfengin og þar söng Margrét nokkur lög.

Ég stóð til hliðar við sviðið. Þar voru nokkrir strákar með ærsl og sussaði Þórarinn heitinn Ólafsson, skipstjóri á Albert GK á þá:

„Hættið þessum hávaða, strákar,” þrumaði hann með sinni dimmu röddu, „hún Margrét er að syngja.” Allt datt í dúnalogn og Þórarinn hlustaði í leiðslu ásamt bæjarbúum.



Björg Pétursdóttir,
barnabarn, söng.



Engjarósirnar



Ragnheiðarstaðabræðurnir



Margrét Sighvatsdóttir við skemmtarann



Dreymdi að verið væri að landa 360 fötum af „SKÍT“!

Pétur Vilbergsson, fyrrum ritstjóri, rifjar upp fyrstu ár sjómennsku sinnar

Haustið 1960 hóf ég sjómennsku mína hjá Sigurpáli Aðalgeirssyni á m/b Hafrenningi GK 39. Það var ekki auðvelt fyrir 16 ára gutta sem varla fékk á sig passlegan hlífðarfatnað að byrja sína sjómennsku á reknetum. En svona var það, annað hvort að hrökkva eða stökkva.

Sigurpáll, skipstjóri, var föðurbróðir minn, afar skemmtilegur og góður maður eins og allir muna sem hann þekktu. Vélstjórinn var Demus Jónsson. Hann var mitt aðal tryggðartröll og hélt verndarhendi yfir mér, var alltaf að spá í að ég

færi mér ekki að voða. Svo var kokkurinn, hann Gunnar Þorsteinsson frá Múla. Sá ágæti drengur. Um suma menn er sagt „Hann var drengur góður.“ Þetta má segja um þessa menn alla.

Fyrsti báturinn alltaf minnisstæður

Lítið fékkst af síld þetta haust. Vertíðin 1961 var erfið sökum illviðra. Endurminningin frá þessari vertíð er megn slagvatnsfýla sem angaði af öllum sem um borð komu. Hafrenningur GK var 52 tonna blöðrubátur með „Drottningarrass-

gat“ eins og rúnnaður skuturinn var oftast kallaður. Í þessum bátum var lúkar með kojum fyrir 6 menn og eldunaraðstöðu. Olíueldavélin var alltaf kölluð kabyssan en hún var einnig nýtt til að hita upp þessa einu sameiginlegu vistarveru áhafnarinnar um borð. Einn vaskur var um borð og var hann við hliðina á kabyssunni og þar var allt þvegið sem þurfti að þvo og sneri að mannskapnum, fötin eða þeir sjálfir. Aftur í bátnum var vélarrúmið og aftan við það var káetan en þar voru yfirleitt 4 kojur. Skipstjórinn hafði svo sína konu í bestikkinu en svo var lítil skonsa nefnd í



Stýrimaðurinn, sem líka var að byrja sína stýrimannstíð, var bróðir hans, Jón Elli, báðir mjög góðir sjómenn. Þessir menn reyndust mér afar vel og hefur aldrei verið skugga á vináttu okkar síðan.

Þeir höfðu mjög gaman að setja saman

vísur og fundu fljótt að ég hafði gaman að því líka. Eitt sinn er við komum úr róðri með góðan afla var faðir þeirra mættur á bryggjuna til að taka við endanum, sem hann gerði oft. Jón Elli, stýrimaður, var á bílnum að taka á móti löndunarmálinu og



Sigurpáll Aðalgeirsson, skipstjóri.

stýrishúsinu. Íbúð skipstjórans.

Í dag væri sagt að Hafrenningur GK væri vanbúinn hvað tækjakost varðaði. Enginn radar var í brúnni, ekkert rafmagnsstýri og þaðan af síður plotter eða fiskileitartæki eins og þykir sjálfsagt í dag. Aðeins kompás, áttaviti, dýptarmælir og fatan. Ekki einu sinni stóll fyrir skipstjórnann að sitja í á stíminu.

Fatan var forveri WC í bátum nú til dags. Ef veður var vont var farið með fötuna niður í vélarrúm þegar þurfti að gera þarfir sínar, annars var farið aftur fyrir stýrishús og málin afgreidd.

Margt væri hægt að skrifa um þessa vertíð, bæði gott og slæmt. En ég ætla bara að eiga minninguna fyrir mig.

Gaman væri að eiga prest

Haustið 1961 réðst ég á sildarbátinn Faxaborgu GK 133 frá Hafnarfirði. Áhöfnin var saman sett af sjómönnum úr Grindavík og Hafnarfirði. Skipstjórinn, sem var að byrja sína skipstjórnartíð, var Pétur Guðjónsson frá Höfn hér í Grindavík.



Hafrenningur GK 39.



Stuðlaberg NS.

losa það, en ég var að fara niður í lest. Þá kallar stýrimaðurinn til mín og segir:

„Þegar Pétur fer í lest fær hann miklar kvaðir gaman væri að eiga prest fyrir tengdafaðir.“

Þeir voru ópreytandi að stríða mér með eldri dóttur séra Jóns Árnasonar. Ég svaraði hins vegar um hæl án umhugsunar:

„Þó að þetta feita flón hoppi þarna og sprelli heitir hann ljótu nafni Jón og aukanafni Elli.“

Það þarf ekki að taka það fram hvað gamla mannum, föður hans, fannst gaman að þessu. Hann hló og hló. Svona sprell var í hávegum haft um borð hjá þeim bræðrum frá Höfn.

Snarræði skipstjórans skipti sköpum

Um haustið var verið fyrir sunnan og landað ýmist til vinnslu eða bræðslu í Hafnarfirði, Grindavík eða Vestmannaeyjum. Stundum lentum við í vanda, sérstaklega þegar veður voru vond. Eitt dæmið var í byrjun vetrar 1962, við höfðum legið í Vestmannaeyjum í marga daga vegna ótíðar. Einn morguninn ákvað skipstjórinn að leggja í hann frá Vestmannaeyjum til Hafnarfjarðar og ljúka þessari sildarvertíð. Ekki man ég neinar tímasetningar en þegar við vorum komnir vestur í Grindavíkurdýpi á hörku lensi

lagðist báturinn og ef ekki hefði verið fyrir snarræði skipstjórans og góða sjómennsku hefði getað farið illa. En þetta blessaðist allt saman og við komumst klakklaust til Hafnarfjarðar undir miðnætti þetta kvöld.

Daginn eftir þegar við vögnuðum eftir góðan nætursvefn bárust okkur þær fréttir að bátur sem var stutt á eftir okkur hafði farist með manni og mús við Stafnesið þá um nóttina. Þessi bátur hét Stuðlaberg og var frá Seyðisfirði.

Eftir þetta fórum við á þorskanet til vors. Vertíðin einkenndist af miklum óveðursköflum sem tóku frá okkur marga góða sjómenn úr flotanum. Að lokinni vertíð var venjulega stoppað og báturinn settur í slipp.

Dreymdi skít

Ekki man ég hvenær við fórum að undirbúa sumarsildarvertíðina en við vorum allir mjög spenntir og biðum með eftirvæntingu eftir að fara af stað.

Loks kom að því að við lögðum úr höfn frá Hafnarfirði. Öll uppstilling, bæði á dekki og í lest var ófrágengin þegar lagt var af stað. Á fyrstu mílunum á leiðinni út Faxaflóa var þessu öllu komið í lag og allt orðið klárt þegar við komum á Breiðafjörðinn en þá var fyrst hægt að fara í koju og leggja sig.

Mig dreymdi að við værum komnir norður og værum að landa úr lestinni, en það var ekki sild, heldur voru það 360 fötur af „SKÍT“.

Þegar ég kom á fyrstu rórvaktina spurði skipstjórinn hvort mig hefði dreymt eitthvað og sagði ég honum þessa sögu. Hann bara hló að mér og sagði að nú væri komið að því að læra á kompás. Hann notaði sérstaka aðferð við að kenna mér, það var krónu aðferðin. Hann skipti rósinni í 25-50-75-100 og með þessari aðferð var hann fljótur að kenna mér að stýra eftir kompás.

Þegar við komum inn á Húnaflóann urðum við varir við síld sem við köstuðum fljótlega á og fengum hátt í lestina en fundum svo ekki meira og fórum inn til Skagastrandar og lönduðum 360 tunn-um af gullfallegru síld.

Eftir þetta var ég oft spurður út í draumana mína, en ekki var um auðugan garð að gresja hjá mér í því frekar en öðru. Eftir þetta lönduðum við oftast á Siglufirði eða Raufarhöfn, en á báðum stöðum var mikið um að vera í þá daga.

Þá splæsi ég í bland

Vélstjórinn okkar var leigubílstjóri sem var bara á sjó um stundarsakir vegna þess að hann hafði misst leyfið út af sprúttölu. Einn daginn kom hann upp í brú þegar ég var á vakt með skipstjóranum til að láta hann vita að olían væri að verða búin. Mér fannst þetta skritið, vegna þess að við tókum olíu áður en við fórum í þennan túr, þannig að ég hafði á tilfinningunni að hann langaði svona mikið að komast í land.

Skipstjórinn bað hann að athuga betur stöðuna á oliunni, en á meðan kom þessi vísa:

Olían þegar búin er
förum við í land
svo kaupið þið bara sprútt hjá mér
þá splæsi ég í bland.

Vélstjórinn brást hinn versti við og kallaði mig öllum illum nöfnum.

Róið með mislöngum árum

Um há sumarið var oft lítið um síld og voru túrarnir þá stundum langir. Það var eitt sinn að við höfðum verið býsna lengi úti og orðnir kostlitlir að við létum reka stutt frá Rauðanúp. Veðrið var frábært en enga síld að fá. Fleiri bátar létu reka á svipuðum slóðum og biðu þess að það tæki að rökkva.



Faxaborg GK 133

Kokkurinn bað þá tvo af hásetunum að fara í næsta bát og fá lánaðar kartöflur. Það var auðsótt mál. Léttbátur var settur á flot og árarnar settar um borð. Kom þá í ljós að þær voru mis langar. Þeir gerðu bara ráð fyrir því með því að hafa lengri árina meira inni en hina, á meðan róíð var í næsta bát, Sigurð SI.

Á þeim bát voru líka Grindvíkingar og voru þar tvær stúlkur kokkar, svo það var hið besta mál að fara þangað til að fá lán-aðar kartöflur.

Við horfðum á eftir þeim fara um borð með hjálp þeirra stráka sem þar voru og

við þekktum vel. En okkur tók að lengja eftir þeim þannig að skipstjórinn minn fór í talstöðina og náði sambandi við hinn bátinn og bað um að þeir færu nú að koma, það var farið að húma að kvöldi. Við veittum því athygli að eitthvað var bogið við drengina þegar þeir fóru í létt-bátinn sem lá við stóra bátinn.

Mikið var hlegið þegar þeir byrjuðu að róa því þeir gleymdu að gera ráð fyrir mismuninum á árunum og réru í hringi alla leiðina til okkar. Okkur fannst þeir vera óvenju glaðir og kátir þegar þeir komu loks til okkar og sáum við strax

hverskyns var. Þeir höfðu fengið í staupinu hjá hinum strákunum. Þeir höfðu einnig fengið nægar kartöflur og ástarpunga í alla vasa. Þeim tókst þó ekki að rétta kartöflurnar til okkar og misstu þær í sjóinn, en skipstjórinn var snöggur til og gat húkkað einn kassa upp úr sjónum með krókstjaka.

Pönnukökur eða góðgæti eftir löndun

Seinna um kvöldið fengum við síld og vorum komnir til löndunar á Siglufirði um hádegi daginn eftir. Löndunin á Siglufirði og Raufarhöfn var með sama hætti í þá daga, að ef landað var í salt, þá var talað um uppsaltaðar tunnur en í bræðslu var talað um mál. Þegar landað var í salt voru vagnar á spori á bryggjunni sem voru fylltir og þeim ýtt meðfram síldarbeðunum og látið renna úr þeim í þau, þar sem söltunarstúlkurnar tóku við. En í bræðslunni voru elvatarar sem fluttu síldina úr lestinni upp á band sem flutti síldina í þró.

Oft var kokkurinn búinn að baka pönnukökur eða eitthvað góðgæti þegar búíð var að landa, og mæltist það vel fyrir. Aðstaða kokkanna í þá daga var ekki öfundsverð, ekki auðvelt að geyma matinn þar sem ekki voru ísskápar eða önnur þægindi. Eins var með þrif á mannskapnum, engin sturta eða þess háttar. Löndunargallinn var hengdur í spotta aftan í bátinn þegar farið var út, það var allur þvotturinn á honum.

Oft var mannskapurinn þreyttur eða slæptur, en það kom ekki í veg fyrir galsa og glettur. Þarna voru bræður úr Hafnarfirði sem tókust oft harkalega á, hlutu blóðnasir og rifin fót upp úr krafsinu. En þeir bræður skildu ávallt sem bestu vinir sama hvað gekk á. Þarna um borð voru úrvals menn, aðallega frá Grindavík og Hafnarfirði. Af tillitssemi við þessa ágætu menn nefni ég ekki nöfnin þeirra en þeir geta kannske lesið sjálfa sig svolítið í þessari stuttu sögu sem er að verða fimmtíu ára gömul.

Allavega er ég ríkari maður eftir að hafa verið samskipa þessum ágætu mönnum. Þeir verða ætíð stór hluti minninga minna.

Pétur Vilbergsson



Pétur og Valur Guðmundsson greiða netin um borð í Hrafn Sveinbjarnarsyni GK á níunda áratug síðustu aldar.

Auka má veiði í þorski, þá



Áhöfnin á Verði EA í þessari veiðiferð. Fremri röð til vinstri: Bragi, Sigurður Daníel, Ásgrímur Kristinn, Þorgeir, Tryggvi, Reynir Garðar, Guðmundur Jón og Ragnar Aðalsteinn. Aftari röð til vinstri: Önnundur, Gunnar Þór, Gestur Breiðfjörð og Davíð Sveinn.

„Brælukóngurinn, Elli á Steinunni SF frá Hornafirði, var að hlæja að mér í helvítis bræluinni í síðasta túr, þegar ég lét reka í tvo tíma fyrir sunnan Hraunið. Þetta var nú hálfgerð sýndarmennska satt best að segja því veðrið var byrjað að ganga niður þegar ég ákvað að taka það inn fyrir og láta reka. Svona getur það verið, en svo slæmt var veðrið að prentari fyrir áhafnartölvuna í brúnni hrökk út á gólf upp úr þar til gerðu sæti sem átti að halda honum kyrrum,” sagði Geiri á Verði EA 748, Þorgeir Guðmundsson skipstjóri, og stýrir skipinu vestur fyrir Reykjanesið í kvöldhúminu á leið okkar í hólfið út af Sandgerði sem undanfarin ár hefur opnað á miðnætti 1. maí og litlu togarnir flykkjast að, því þarna hefur fiskast vel fyrstu dagana.

„Ég fyllti í síðasta túr nánast á rétt rúmum sólarhring þarna austur frá þrátt fyrir brælu og var aflinn blandaður til helminga, þorskur og ýsa, en það er alveg

með ólíkindum hvað þessi skip mega fiska. Ætli Elli hafi ekki sett Íslandsmet í marsmánuði en hann landaði ábyggilega um og yfir 700-800 tonnum og svo voru bátarnir, Helgan RE og Drangavíkin VE, mættir strax aftur á svæðið eftir að hafa fyllt á skömmum tíma og farið inn til löndunar. Samt eru allir að flýja þorskinn og strekkjast við ýsuna nema þessi skip. Þarna vorum við í mofskíni nema Oddgeir EA sem verður að vera utan við línuna þar sem hann er lengri og þar fiskaðist mun minna. Þetta er nú eina svæðið sem við njótum góðs af stuttleikanum,” segir hann hlæjandi og bendir á AIS-ið, þar sem sést að Smáey VE og Suðurey VE eru á eftir okkur með stefnu vestur fyrir Reykjanes í hólfið góða.

Skipstjórnir hafa verið gagnrýndir

Nú opnaðist útsýnið vestan við nesið til norðurs og þar má sjá ljós frá nokkr-

um skipum og ljóst að um 13 skip hefja veiðarnar í „Grjótinu”. Samkvæmt Geira er það nafngiftin á hólfinu, en það nær suður undir Reykjanes, ef kolahólfið er talið með og alveg norður í 64.20°, lína sem liggur um miðjan Faxaflóann. Feiknastórt svæði sem hefur verið vinsælt hjá litlu togurunum því venjulega er gott fiskirí þarna þegar hólfið er opnað ár hvert, þar sem fiskurinn hefur haft góðan frið til hrygningar. Skipstjórnir hafa verið gagnrýndir fyrir að liggja í hrygningarfiskinum þarna og stjórnmöld og Hafró fyrir að hafa svæðið ekki lengur lokað þar sem oft hafa hrogn og svil sprautast úr fiskinum í allar áttir þegar trollið er hift inn og í aðgerðinni.

Þetta árið er það sammerkt hjá öllum skipum að vera á flóttu undan þorski og því byrjar Vörður EA norðan til á svæðinu, út af Sandgerði, til að freista þess að fá frekar ýsu og kola.

Í birtingu um morguninn hafa skipin

Það sjá allir, sem vilja sjá

Vörður ÞH að koma úr síðasta túr.



Vörður EA við bryggju í Grindavík.



híft þrisvar sinnum um nóttina og voru að gefa upp um 4-6 tonn af blönduðum fiski þar sem þorskur er frá fjórðungi upp í helmings skiptingu. Kolinn mun minni. Greinilegt er að fiskurinn er langt kominn í hrygningu og jafnvel búinn því hrognasekkir voru nánast tómir. Um borð í Oddgeir EA er eftirlitsmaður frá Fiskistofu og reyndist mælingin hjá honum vera 10% smáfiskur svo ekki kom til lokunar eins og menn jafnvel óttuðust. Jón skipstjóri á Oddgeir EA sagði að mælingin hefði komið vel út en svæðum er lokað þegar smáfiskur fer yfir 20% af afla viðkomandi hals.

Ljóst er að mikill fiskur er á slóðinni því flotinn, sem samanstöð af skipum frá Grundarfirði á Snæfellsnesi, Nesfiski í Garði, Gjögur hf. í Grindavík og síðan Vestmannaeyjatogararnir allir nema Yaris-flotinn, en svo kalla sjómenn togarana frá Berg-Huginn hf., er allur að fá góð hól eftir um 60-80 mínútna tog en þá



Geiri í talstöðinni og svo kominn í aðgerð skömmu seinna.

lyfta skipstjórnir trollinu upp og biða ef aðgerð er ekki lokið þannig að skipverjar hafa staðið í stanslausri aðgerð alla nóttina.

Ánægður með nýja skipið

Geiri er ánægður með nýja skipið Vörð EA 748 sem kom nýr í júní 2007 með öllum nýjustu tækjum, bæði í brú og annars staðar í skipinu. Það er 29 metra langt og 10 metra breitt og nánast hljóðlaust sem er gífurlega mikil breyting frá vélarhljóðinu í þeim gamla en hans er



samt sárt saknað. Áhöfnin er nánast sú sama ár eftir ár og nú eru auk Þorgeirs Guðmundssonar, skipstjóra, þeir: Reynir Garðar Gestsson, yfirstýrimaður, Ragnar Aðalsteinn Pálsson, 2. stýrimaður, Gunnar Þór Sæþórsson, yfirvélstjóri, Önnundur G. Haraldsson, vélavörður, Bragi Guðmundsson, matsveinn og hásetarnir Ásgrímur Kristinn Gylfason, Davíð Sveinn Guðmundsson, Gestur Breiðfjörð Ragnarsson, Guðmundur Jón Helgason, Sigurður Daníel Halldórsson og Tryggvi Sæmundsson. Tveir fastamenn eru í fríi, Ragnar Gestsson, netamaður, er í prófum vegna fjarnáms fyrir stýrimanninn og Óskar Friðriksson, háseti, sem er að láta ferma. Geiri segir að Ragnar verði sá fimmti um borð með stýrimannsmenntun þegar hann lýkur prófunum.

Áhöfnin er ánægð með skipið, sérstaklega aðbúnaðinn sem að henni snýr. Í fyrstu stóð til að leggja báðum gömlu bátunum, Verði EA og Oddgeiri ÞH, þegar ákveðið var að hefja smíði á nýju skipi í Póllandi 2006. Að sögn Geira var hugmyndin sú að hann ásamt Hjálmarí, skipstjóra á Oddgeiri ÞH, skiptust á með skipið en síðan átti að sjá til þess að áhafnirnar sameinuðust á skipið eftir starfsaldri en þeir sem dyttu út áttu vil-yrði um pláss annars staðar hjá Gjögri hf. Fljótlega, nokkuð snögglega, eftir að nýja skipið hafði farið nokkrar veiðiferðir ákveða eigendurnir að halda í gamla Oddgeir ÞH og freista þess að láta aflaheimildirnar duga fyrir tvö skip en það kom sér betur fyrir útgerðina að dreifa þeim svona. Þá tók Geiri gamla Oddgeir ÞH, og fór yfir með sína gömlu áhöfn. Fljótlega kom í ljós að Hjálmar vildi frekar fá sinn gamla bát aftur svo enn skiptu áhafnirnar um skip og þá urðu eftir hjá Geira þrír úr gömlu Oddgeirsáhöfninni, Gunnar vélstjóri, Ragnar og Óskar.

Stofnað í Grenivík, starfsstöð í Grindavík

Að sögn Geira verður Útgerðarfélagið Gjögur hf. 65 ára gamalt fyrirtæki á þessu ári en það var stofnað á Grenivík í

20 tonn, sæmilegt það!



Eyjafirði 1946. Allan þennan tíma hefur félagið starfað með sama sniði, án þess að skiptast upp eða sameinast öðrum útgerðum og ku því vera elsta útgerðarfélag landsins um þessar mundir.

Í grein sem Björn Ingólfsson skrifaði fyrir Sjómannablaðið Víking og birtist árið 2006 segir, að aðalhvatamaður að stofnun þess var Þórbjörn Áskelsson, en mikil bjartsýni var ríkjandi í Grenivík sem og annars staðar á landinu eftir að stríðinu lauk og uppgangstímar fram undan. Sérstaklega bundu menn vonir við síldveiðar en þrír stærstu bátarnir í Grenivík, 7-9 tonna bátar, voru seldir í stríðinu en

öll stríðsárin höfðu menn mokað upp síld fyrir norðan og austan. Á Grenivík sáu djarfhuga menn tækifærin blasa við og 16. júní þetta umrædda ár er boðað til fundar í skólahúsinu til að ræða hvort gerlegt væri að stofna hlutafélag um skipakaup. Fundurinn átti að vera undirbúningsfundur en svo fór að félagið var stofnað enda hafði Þórbjörn tryggt hlutafjárloforð 35 manns að upphæð 135.500 kr. og hafði hann von um meira. Honum var falin framkvæmdastjórn hins nýja félags og síðan var rætt um að kaupa tvo báta og var æskilega stærð þeirra talin vera 55-65 tonn. Formlegur stofnfundur var

Lestarkortið yfirfarið.



Önnundur, vélstjóri, með fiskihúfuna góðu.





**Vélstjórnir í vélarrúminu,
Gunnar Þór, Tryggvi og Önundur.**

Þættu ekki líklegir til stórræða nú á dögum. Þeir voru litlir og gangtregir, en þeir voru hafskip á þeirra tíma mælikvarða. Og hægt var að fiska á þá. Báðir voru þeir með aflahæstu bátum bæði á vetrarvertíð og síld. Stundum á toppnum.

Vörður ÞH var happafleyta

Vörður TH var happafleyta og var í eigu Gjögurs í 22 ár. Hann var síðan seldur til Vestmannaeyja 1966 og fékk nafnið Guðfinnur Guðmundsson VE 445. Sama gifta fylgdi ekki Von TH. Hún strandaði við Reykjanes í mars 1958. Mannbjörg varð en báturinn ónýttist. Árið eftir að Von TH fórst lét Gjögur hf. smíða fyrir sig nýjan eikarbát í Danmörku, Áskel ÞH 48. Hann var litlu stærri en Vörður TH, 73 brl, og varð happaskip sem bar til hafnar margan góðan farm af þorski og síld. Þau urðu endalok Áskels ÞH að hann brann og var ónýttur 1988. Fjórði bátur Gjögurs hf. var Oddgeir ÞH 222. Stálskip, smíðað í Hollandi 1963, 164 brl. að stærð.

Þegar gamli Vörður TH var seldur þurfti félagið að verða sér úti um annan bát. Nýr Vörður ÞH 4 var smíðaður í Norgei 1967, 248 brl. stálskip. Oddgeir ÞH og Vörður ÞH hafa að langmestu leyti verið gerðir út á bolfisk. Þeir hafa nú gengt sínu hlutverki með prýði í um fjóra áratugi en svara ekki lengur kröfum tímans, komnir í hóp með mestu öldungum flotans.

svo haldinn 14. nóvember um haustið og þá var svo gott sem búið að tryggja kaup á tveimur 67 brl. bátum sem voru í smíðum í Landssmiðjunni. Á fundinum undirrituðu 28 manns stofnsamninginn og áður en árinu lauk höfðu 20 bæst á listann.

Vörður ÞH byrjar að róa frá Grindavík 1953

Fyrri báturinn frá Landsmiðjunni var afhentur 10. febrúar 1947 og hlaut hann nafnið Vörður TH 4 og kostaði tæpar 690 þúsund krónur. Vörður TH var sendur á vetrarvertíð í Hafnarfirði um leið og hann kom nýr. Skipstjóri var Jóhann Adolf

Oddgeirsson. Seinni báturinn, Von TH 5, kom í lok júní og fór beint á síldina. Skipstjóri á Von TH var Haraldur Halldórsson.

Fyrstu vetrarvertíðirnar var gert út frá Hafnarfirði og lagt upp hjá Jóni Gíslasyni. Á sex vertíðum þar var Vörður TH þrisvar aflahæstur og þrisvar í öðru sæti. Algengt var að vertíðarbátar fiskuðu á þessum árum frá 650 upp í 1000 skippund. Árið 1953 byrjaði Vörður TH að róa frá Grindavík, þá var Von TH þar eina vertíð. Von TH lagði upp hjá Einari í Garðhúsum, Vörður TH var hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur.

Bátar eins og Vörður TH og Von TH



**Bragi, matsveinn,
stóð í aðgerð
allan tímann en
galdraði samt
fram sunnudags-
steikina.**





Krapakarið góða.



Stanslaus aðgerð allan túrinn.



Ragnar, stýrimaður, í lestinni.



Í brúnni, Þorgeir, skipstjóri og stýrimennirnir Ragnar og Reynir.

Árið 1975 festi Gjögur hf. kaup á 363 brl. stálskipi, Heimi SU 100, og fékk það nafnið Hákon ÞH 250. Skipið var stækkað tveimur árum seinna upp í 414 brl. Það var síðan selt úr landi og afskráð í árslok 1987 þegar nýr Hákon ÞH 250 var smíðaður í Noregi, 821 brl. af stærð. Hákon ÞH hefur verið mikið aflaskip á rækju, loðnu og síld. Árið 2001 fékk hann nýtt nafn og númer, Áskell EA 48. Nýr Hákon EA 148, kom svo til Gjögurs hf árið 2001., 75 metra langt stálskip smíðað í Chile og 1554 brl. að stærð, meðal stærstu og fullkomnustu fjölveiðiskipum Íslendinga. Fyrir 5 árum þegar fyrirtækið fagnaði 60 ára afmæli var gerður samningur um að smíða ísfisktogara í Póllandi sem er 29 metra langur með 235 metra fiskilest. Skipið kom 2007 fánum prýtt og fékk nafnið Vörður EA 748 og eins og fyrr segir stóð til að gömlu bátarnir Vörður ÞH og Oddgeir ÞH viku en síðan var aðeins Vörður ÞH afskráður.

Löndunarerfiðleikar á Grenivík

Hugmyndin á bakvið stofnun Gjögurs hf. var að efla atvinnulíf á Grenivík og tryggja þannig afkomumöguleika hreppsúa og áframhaldandi og vaxandi byggð þar. Hafnleysi á staðnum kom þó í veg fyrir að þeir draumar yrðu að veruleika. Á Víkinni var einn bryggjustúfur, sem bátarnir gátu varla lagst að og alls ekki nema í kyrru veðri þar sem hann var óvarinn fyrir hafáttinni. Höfn kom ekki á Grenivík fyrr en 1968.

Nokkrar tilraunir voru þó gerðar til að efla atvinnu heimafélks. Félagið reisti geymslu- og fiskverkunarhús árið 1949. Það var jafnan kallað Gjögurshúsið og stóð til ársins 1991 þegar það var rífið vegna gatnaframkvæmda. Nokkur fyrstu árin eftir að Vörður TH og Von TH komu reru þeir frá Grenivík á vorin og lönduðu þar frá því vetrarvertíð lauk í byrjun maí fram til þess að síld fór að veiðast í lok júní. Þeir veiddu í troll og fiskuðu vel. Saltað var um borð. Eitt haustið reri Vörður TH með línu frá Grenivík. Beitt var í Gjögurshúsinu og lagt upp í Hrísey. Tvö vor, 1956 og 1957, komu bátarnir heim frá vetrarvertíð fullir af saltfiski sem heimafélkið fékk vinnu við að þurrka, meta og pakka. En þó fyrirtækinu tækist ekki að efla atvinnulífið eins og til stóð þá veitti það fjölmörgum hreppsbúum atvinnu. Á árinu 1958 voru 150 manns á launskrá hjá Gjögri hf. Þar af voru 84 heima menn en þetta ár var meiri vinnu að hafa en venjulega. Fyrstu tvo áratuginu voru að jafnaði 25-40 manns úr Grýtubakkahreppi í fastri vinnu hjá félaginu meiripartinn úr hverju ári.

Skipsrúm á Gjögurbátunum eftirsótt

Árið 1956 byrjaði Gjögur hf. að verka fisk í Grindavík í eigin húsnæði og í fyrstu lögðu einungis Vörður TH og Von TH þar upp en síðan var farið að taka á móti afla af fleiri bátum, einkum aðkomubátum.

Fólk úr Grýtubakkahreppi þust suður á vetrarvertíð. Fjölskylduféður til að sjá sér og sínum farborða, ungir menn og konur til að reyna eitthvað nýtt og afla sér fjár í leiðinni. Saltfiskverkun Gjögurs hf. var skemmtilegur vinnustaður þrátt fyrir erfiða vinnu og oft langar tarnir þegar aflahrotur komu. Og vinnan þar gaf oft ágætar tekjur.

Skipsrúm á Gjögurbátunum voru líka eftirsótt. Vörður TH var venjulega með hæstu bátum meðan Jóhann Adolf Oddgeirsson var með hann. Oftar en einu sinni hæstur. Og fleiri voru fisknir. Oddgeir Ísaksson var nokkrar vertíðar með Áskel ÞH. Veturinn 1964 fékk hann á tólfta hundrað tonn og var aflahæstur netabáta í Grindavík.

Á síldinni voru Vörður TH og Von TH jafnan talin til aflaskipa, einkum þó Vörður TH. Eftir sumarið 1955 voru þau í 1. og 2. sæti mótorskipa með hringnót. Þegar allur aflinn hafði verið umreiknaður í mál var Vörður TH með 4.224 mál og Von TH 4.207 mál.

Tap við strand Vonar TH tilfinnanlegt

Allt er breytingum undirorpið. Á sjöunda áratugnum var byggð höfn og frystihús á Grenivík. Heimamenn hættu því að þurfa að sækja vinnu í öðrum landshlutum. Síldinni var sjálfhætt, hún hvarf um sama leyti. Mikilvægi Gjögurs hf. fyrir atvinnulíf í Grýtubakkahreppi minnkaði til muna. Þannig var það næstu árin en þegar stóru skipin komu varð skipsrúm á þeim eftirsótt. Og þótt engin regla sé til hjá Gjögri hf. sem segir að Grenvíkingar skuli sitja fyrir mun vera tiltölulega auðvelt fyrir þá að komast í laus pláss.

Stóráföll hafa ekki verið mörg í ríflega sextíu og fimm ára sögu þessa félags. Það hefur að vísu misst tvo báta en aldrei sjómann þótt stundum hafi munað mjóu. Áfallið 1958 þegar Von TH strandaði var verst og ekki bara bátstapi. Tekjur á útgerðarreikningi Vonar TH voru, þegar hún fórst, komnar í rúmar 600 þúsund krónur. Á tekjuhlíð útgerðarreiknings Varðar TH allt þetta ár voru tæpar 2 milljón krónur.

Gjögur hf. hefur ekki gert mikið af að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum. Á síldarárunum þegar slegist var um löndunarpláss varð félagið að tryggja bátum sínum aðstöðu. Það eignaðist hlut í síldarplan-



Vörður TH landar síld á Sigló.



Gjögurshúsið á Grenivík.



Von TH sem strandaði við Reykjanes.



Hákon EA, flaggskip útgerðarinnar, á loðnumiðunum.

Sjómenn til hamingju með laginn!



VOOT BEITA

Hafnargata 27 • 230 Reykjanesbær • Sími 581 2222 • Fax 581 2223 • www.beita.is

inu Borgum á Raufarhöfn og Seyðisfirði og hlut í plani á Siglufirði á móti Sigfúsi Baldvinssyni. Núna á Gjögur hf. þriðjungs hlut í Síldarvinnslunni hf. á Neskaupstað.

Við stjórnvölinn

Við stofnun félagsins mun hafa legið beinast við að Þórbjörn Áskelsson tæki að sér stjórn hins nýja fyrirtækis. Hans var hugmyndin, hann undirbjó félagsstofnunina og enginn var líklegri leiðtogi en hann í hópi stofnenda. Dugnaður hans var ódrepani og þörfin fyrir að vasast í hlutunum. Það sem hann ætlaði sér gerði hann. Þegar bankastjórar voru tregir til að lána fé í fyrirtækið sagði hann: „Hér sit ég þangað til ég fæ eitthvað!”

Þórbjörn sótti sjó frá 16 ára aldri, fyrst sem háseti og síðan stýrimaður. Tæplega þrítugur keypti hann og gerði út frá Grenivík vélbátinn Hjalta TH, fyrst með Skapta bróður sínum en lengst af einn. Fyrstu árin var hann sjálfur með bátinn en flutti sig síðan í land og stjórnaði verki í eigin söltunarahúsi en réði aðra til að stýra bátnum. Þórbjörn seldi Hjalta TH í árslok 1945 enda farinn að undirbúa stærri útgerð. Hann var vinnuþjarkur og ósérhlífinn og ætlaðist til þess sama af öðrum. Þess vegna þótti mörgum hann harður húsbóndi. Það duldust hins vegar engum sem hjá honum vann að hann bar hag sinna manna fyrir brjósti.


Sviplegt fráfall

Þórbjörn fór með flugvélinni Hrímfaxa við Fornebuflugvöll 14. apríl 1963. Hann var að koma frá Hollandi þar sem verið var að afhenda honum Oddgeir ÞH 222.

Um hann skrifaði Jónas Rafnar bankastjóri í minningargrein í Morgunblaðið 27. apríl 1963:

„Eftir að hann fór sjálfur að veita atvinnurekstri forstöðu gat hann sér almenningssorð fyrir frábæran dugnað og áreiðanleika í öllum viðskiptum. Hann var hygginn og gætinn í fjármálum en þó stórhuga. Hann var ótrauður að leggja í framkvæmdir ef hann taldi að byggt væri á traustum grundvelli. Þá lá hann ekki á liði sínu, vann sjálfur af hörku og hvatti aðra til dáða.”

Skyndilegt fráfall Þórbjarnar Áskels-



Þórbjörn Áskelsson.

sonar var þungt áfall fyrir félagið. En Guðmundur Þorbjörnsson hafði frá upphafi fylgst með störfum föður síns við fyrirtækið og reyndar unnið við hlið hans í nokkur ár. Hann var því öllum hnútum kunnugur og lá beinast við að hann tæki við rekstrinum. Það mun ekki hafa verið létt verk að taka við af skörungi eins og Þorbirni. Höfðu sumir enda nokkrar áhyggjur af hvernig fyrirtækinu mundi reiða af þegar hann var allur. Þær áhyggjur voru ástæðulausar. Guðmundur hefur verið framkvæmdarstjóri í rúm 45 ár og nú hefur þriðji ættliðurinn tekið við þar sem Ingi Jóhann Guðmundsson er. Hann er, að segja má, fæddur og uppalinn í fyrirtækinu og með þetta allt í blóðinu.



Hákon EA 148 nýkominn frá Chile. Á bryggjunni eru útgerðarmennirnir og skipstjórin; Ingi Jóhann Guðmundsson, Oddgeir Jóhannsson, Guðmundur Þorbjörnsson og Njáll Þorbjörnsson. Ljósmynd: Úr bókinni, Bein úr sjó.

Síðustu hálfa öld hafa útgerðarfyrirtæki komið og farið, spröttið upp og splundrast. Gróin fyrirtæki hafa horfið af sjónarsviðinu við að sameinast öðrum eða lagt upp laupana. Í gegnum alla þá sviptivinda hefur Útgerðarfélagið Gjögur hf. komist klakklaust. Gjögur hf. er gott dæmi um fyrirtæki sem ekki kollkeyrir sig vegna of mikillar yfirbyggingar. Þar er meira hugsað um hagnýta hluti en ytra útlit. Í engu er sinnt þeirri kröfu tímans að vera í sviðsljósinu, eiga glæsibyggingar og áberandi merki. Aftur á móti er vel fylgst með nýjustu tækni ef hún getur aukið afköst og aflánýtingu og bætt aðbúnað starfsmanna.

Lengst af verið hjá útgerðinni

Þorgeir, skipstjóri, eða Geiri á Verði EA eins og hann er alltaf kallaður í seinni tíð, var 18 ára gamall þegar hann byrjaði sem háseti hjá Guðmundi bróður sínum 1978.

„Guðmundur var þá nýtekinn við Verði ÞH og Pétur Vilbergsson var stýrimaður hjá honum,” segir Geiri og bætir við að þeir hafi byrjað á loðnu þennan veturinn. Þá var Jonni, Jón Ragnarsson, með Oddgeir ÞH og Hjálmar Haraldsson, stýrimaður, en Flóvent Aðalgeirsson með Áskel ÞH og Oddgeir með Hákon ÞH, sem var ekki orðið eingöngu uppsjávarskip þá, eins og síðar varð. Á þessum bátum var farið á net að lokinni loðnuvertíð og svo var trolað allt sumarið en á haustin var skipt yfir á síld. Áskell ÞH var á humri og síðan línu á haustin áður en netavertíðin hófst.

„Ég fór í Stýrimannaskólann 1982-’84 á sama tíma og Reynir sem er stýrimaður hér hjá mér. Á skólaárunum var ég á bátunum austur í hverfi hjá pabba, Þorbirni GK og Þórkötu GK. Árið 1985 kom ég aftur á Vörð ÞH og var 2. stýrimaður hjá Jonna sem þá var tekinn við Verði ÞH. Árið 1988 er ég stýrimaður á vertíð með Gumma bróðir á Þorbirni II. GK og tók síðan bátinn um sumarið á humarinn en um haustið bauðst mér yfirstýrimannsstaða á Verði ÞH og greip ég það. Það er flökt á manni þegar maður er ungur, eins og gengur og gerist. Maður er ekki tilbúinn að binda sig á sama stað fyrir lífstíð en allt í allt er ég búinn að vera hjá þessari útgerð meira og minna alla mína sjómennsku síðan 1978.



Á gamla Verði ÞH. Verið að setja í gám. Í setustofunni eru Halldór heitinn matseinn og Önnundur að spjalla saman en Jonni skipstjóri í brúarglugganum.

ÞJÓNUSTA :



HÖNNUN VEIÐARFÆRA

Hönnun veiðarfæra: Hönnun veiðarfæri frá grunnni ef með þarf. Einnig sjáum við um breytingar og lagfæringar á veiðarfærum til að aðlagja þau að óskum kaupenda.

UPPSETNING OG FRÁGANGUR VEIÐARFÆRA

Sjáum um uppsetningu og frágang veiðarfæra að óskum kaupenda.

VIÐHALD VEIÐARFÆRA

Yfirförum allar gerðir veiðarfæra.

VÍRAR, HÓLKAR, 600TN VÍRAPRESSA

Eigum á lager flestar gerðir vinnsluvíra og kranavíra. Erum með 600tn vírapressu, og þrykkjum bæði ál og stálhólka með hefðbundnum augum með eða án kóssa. Erum einnig með stálaugu f/ víra og vírmanillu.

ROCKHOPPERAR OG FÓTREIPI

Erum með rockhopperpressu. Setjum upp og lagfærum lengjur af öllum stærðum og gerðum, að óskum kaupenda. Eigum ávallt til á lager rockhopperdiska 10-24" í ýmsum þyngdum. Einnig erum við með milligúmmí af flestum stærðum. Setjum einnig upp fótreiði fyrir draghnætur og humartroll.

KEÐJUR OG LÁSAR

Stálkeðjur 9-32mm og galvanisíraðar 4-32mm frá Trygg í Noregi. Patentlása frá Parson og Silverline, og járnavara frá Markussen.

NET TÓ OG GARN

Net tó og garn frá Hampiðjunni, Cotesi og Euronet í Portugal.

ALL T Í NETAÚTHALDIÐ

Eigum efni í færi, sérta, baujur, belgi, teina og fleirra

NETAFELLING OG AFSKURÐUR

Tökum að okkur netafellingu og afskurð.

SKILJUR

Setjum upp og sjáum um viðhald á Sort-V smáfiskaskiljum og rækjuskiljum.

SJÓFATNAÐUR

Sjófatnaður, vettlingar, hnífar, brýni og ýmislegt fyrir útgerðina.

Frekari upplýsingar færðu á www.veidarfaeri.is

Jonni var mikill sómamaður og það var gott að vera hjá honum. Ekki var mikill hávaðinn í honum en hann gat alveg blásið ef þörf var á. Það er einnig eftirsjá af gamla Verði ÞH. Hann var alltof gott skip til að fara en það voru komnir fram miklir viðhaldspunktur sem ekki var hægt að horfa framhjá. Hann var smíðaður í Noregi 1967 og síðan yfirbyggður 1981,” segir Geiri og bætir við að þeir hafi verið á hefðbundnum veiðiskap í fyrstu, netum á vertíð, trolli á sumrin og síld á haustin, fyrir utan fjögur sumur 1994- ’97 sem þeir fiskuðu humarkvóta fyrirtækisins og lönduðu í Fiskanes.

„Hjálmar var byrjaður að trola allt árið nokkrum árum á undan okkur en við sáum saltfiskverkuninni í Gjögri hf. fyrir hráefni í nokkur ár áður en við byrjuðum sjálfir að trola allt árið. Við fiskuðum að vísu óhemju í netin eða oft og iðulega um og yfir 1000 tonn enda varð Jonni aflakóngur eitt árið og við vorum myndaðir bak og fyrir,” segir Geiri og heldur áfram. „Allt róðrarlag breyttist mikið og útivera jókst til muna þegar byrjað var á trolli allt árið. Á þessum tíma var róið miklu meira en í dag. Trúlega er það kvótastaða fyrirtækisins sem hægir sóknina. Nú eru túrarnir nokkuð styttri enda alltaf verið að gera meiri kröfu um ferskleika. Við líkt og þeir á Oddgeir ÞH fiskuðum í gáma en stóri þorskurinn og ufsinn fóru upp í hús í salt. Við vorum alsælir að fá einn gám í viku. Það þurfti ekki mikið til að bjarga mánuðinum en tekjurnar urðu jafnari og öruggari.

Krappakarið tær snilld

Ég tek svo formlega við þessu nýja skipi í október 2007 og hef verið með það síðan. Þetta er vel heppnað skip, þó hann sé númer tvö í smíðaseríunni, Vestmannaey VE á undan, en þar sem hann er breiður þá getur verið erfitt að toga á móti miklum straum eða vindi og eins þarf að fara mjög varlega í innsiglingunni til Grindavíkur þar sem rennan er svo mjó. Að öðru lagi er hann eins og hugur manns, hljóðlátur og þægilegur. Krapakarið á millidekkinu frá Optimar ehf. í Reykjavík er algjör snilld enda segir verkstjórinn í saltinu að það sjáist langar leiðir fiskurinn af Verði EA í staðunum fyrir hvað hann er hvítur. Kvótastaðan er þokkaleg og munar um að fiska fyrir Grenivík en þar var slegið upp þjóðhátíð þegar vinnslan var hafin aftur hjá Kaldbak hf. og við komum þangað 30. janúar í fyrra og lönduðum fyrsta aflanum. Eigendurnir hafa taugar norður sem eðlilegt er og nú er öllum fiski sem hentar í þá vinnslu, ýsu og smáþorski, ekið norður en annar afli fer á markað þegar frá er talinn



Geiri fylgist grannt með öllu og einkum skoðar hann samsetningu aflans.

fiskurinn sem fer í salt eins og áður segir,” segir Geiri og bætir við að hann er mjög ósáttur við hvernig núverandi stjórnvöld taka á sjávarútvegsmálum.

„Það sjá það allir sem vilja sjá, að það má auka verulega við veiði í þorski.”

Á reki inn í sólarlagið

„Hér er allt orðið rautt,” segir Geiri. Á fallaskiptum um eftirmiðdaginn kastar Geiri norður eftir út af Stafnesinu en þar hefur hann haldið sig allan tímann. Eftir 5 mínútur kemur auminginn, neðsti aflaneminn, inn á skjáinn í brúnni og segir að 300 kg. eru komin í trollið. Eftir 9 mínútur smellur pungur númer tvö inn og aflinn í trollinu að nálgast tonnið. Þegar togað hefur verið í 30 mínútur er þriðji pungurinn orðinn stöðugur við þrjú tonn-in og höfuðlínuneminn sýnir góða innkomu. Þegar liðnar eru 43 mínútur frá því trollið var í botni segist Geiri ekki þora að toga lengur og lyftir því upp í sjó og býður í rúman klukkutíma meðan strákarnir hans klára niður síðasta hal.

Ljóst er að þetta hal verður gott því pokinn og belgurinn flýtur upp þeg-

ar hopparalengjan skröltir inn dekkið nokkru síðar. Settir eru tveir gilsar á belginn og stuttu síðar kemur 20 tonna pulsa undir brakandi gilsum án nokkurra erfiðleika en glögggt var það. Ekki mátti muna centimeter svo hægt væri að opna móttökulúguna.

„Þetta er of mikið en það er erfitt að átta sig á hvort það verða 10 eða 20 tonn þegar aðstæður eru svona og reynt sé að fara varlega,” segir Geiri glottandi og drífur sig í galla og fer í aðgerð til miðnættis með strákunum. Á meðan lét hann reka inn í sólarlagið þetta fallega kvöld á miðunum vestur af Stafnesi með ljósadýrdina frá Sandgerði og flugvellinum á áðra hönd í bland við gufuna frá HS Orku hf. suður á Reykjanesi sem stóð beint upp í loftið þetta fagra vorkvöld 1. maí.

Athugasemd ritstjóra:

Guðmundur Þorbjörnsson, forstjóri Gjögurs hf., staðfesti að nafn föður hans er rétt með farið í greininni. „Hann notaði alltaf broddinn yfir o-inu, en ekki ég,” svaraði Guðmundur.

Mælar
Netverslun

RAFEYRI

alltaf í stúdi!

Rafeyri ehf - Norðurtanga 5 - Akureyri
 sími : 460 7800
 Netverslun: www.rafeyri.is

Hönnun - Teikningar
 Forritun - Skjástýringar
 Viðgerðir - Viðhald - Breytingar



VSM 422



AC & DC mælar



Rofar



Rafgeymaröf



Bræðivör



Hleðslu deilar



Siglingataeki
aðvörunarkerfi



BLUE SEA
SYSTEMS
www.blueseasystems.com



COELMO
MARINE
GENERATORS
www.coelmo.it



SAM
Electronics
Lyngsø Marine
an  communications company

*Óskum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og
öðrum Grindvíkingum
til hamingju með daginn*

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!



Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

LÖGMENN

JÓNAS & JÓNAS ÞÓR

Uppgjör bóta vegna vinnu- og umferðarslysa

Alhliða lögmennspjónusta

Jónas Haraldsson hrl. • Jónas Þór Jónasson hdl.

Stórhöfði 25 • 110 Reykjavík
Sími 562-9066 • Fax 575-9809



Ertu búinn að vera á sjónum í eitt ár eða meira?
Langar þig að fara á námskeið eða í skóla?

Átt þú rétt á styrk?

Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfyrirtækja. Félagsmaður, sem hefur unnið í a.m.k. sex mánuði sl. 12 mánuði skv. kjarasamningi SA/LÍÚ við Sjómannasamband Íslands hjá útgerðum innan LÍÚ og greitt til aðildarfélags Sjómenntar á þeim tíma, á rétt á stuðningi til náms.

Samtök atvinnulífsins (SA), Landsamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Sjómannasamband Íslands (SSÍ) standa að Sjómennt.

Nánari upplýsingar á www.sjomennt.is og á sjomennt@sjomennt.is



Sjómennt – Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins – Háteigsvegi – 105 Reykjavík – sími 514 9000

Fyrsti Íslandsmeistarinn í netaviðgerðum krýndur

Sú skemmtilega nýbreytni að skipta bænum upp í fjögur mislit svæði sem hluti af skemmtuninni á bæjarhátíðinni Sjóarinn síkati var lykillinn að vel heppnaðri hátíð um sjómannadagshelgina ásamt því að veðurguðirnir léku á alls oddi, sólskin og léttur andvari allan tímann. Bæjarbúar voru hvattir til að taka þátt í hverfaskiptingunni og skreyta göturnar, garðana og húsin undir litunum appelsínugulur, rauður, grænn og blár. Hvert hverfi með sinn lit og þema en þessi háttur var reyndur í fyrsta skipti 2009 eftir margra ára þælingar þar til að allt í einu hrökk hugmyndin í gang. Það hefur löngum sýnt sig að þegar Grindvíkingar fá gott veður um sjómannadagshelgina þá er öllu til tjaldað og bæjarbúar skarta sínu besta pússi enda er maður manns gaman.

Dagskrá Sjóarans síkati byrjaði á fimmtudegi með þátttöku leikskólabarna í að skreyta bæinn sinn auk þess sem Verslunin Palóma bauð upp á tiskusýningu og Mamma mía tónleika um kvöldið. Föstudagurinn rann upp bjartur og fagur með fjölda atriða allan daginn frá því



Séra Elínborg Gísladóttir.

snemma morguns þegar fyrstu keppendur mættu í ratleik helgarinnar sem var helgaður björgunarafrekum við Grindavík í tilefni af 80 ára afmæli Slysavarnadeildarinnar Þorbjörns.

Um eftirmiðdaginn buðu svo eigendur Þorbjörns hf. bæjarbúum á opnun sýningar undir yfirskriftinni „Fiskveiðar og fiskvinnsla í Grindavík á vegum fyrirtækisins.“ Á sýningunni, sem er haganlega komið fyrir í glugga við Hafnargötu 12 og í 8 gluggum (lúgum) gamla fiskmóttöku-



Diljá Líf Guðmundsdóttir og Guðmundur Jónsson fluttu ritningarorð.



Hilmar Helgason, skipstjóri, flutti ræðu.



Skírn á sjómannadaginn.



hússins við Ægisgötu, eru gamlir munir sem safnast höfðu upp hjá fyrirtækinu í gegnum árin, bæði tengdir fiskveiðum og vinnslu auk þess sem ríkulega er skreytt með lifandi myndum og ljósmyndum frá ýmsum tímum. Í upphafi opnunarinnar styrktu eigendur fyrirtækisins Ólaf Rúnar Þorvarðarson, kennara og áhugaljósmyndara, um eina milljón króna til að vinna við ljósmyndasafn sitt og koma því í stafrænt form. Benóný Benediktsson, fyrrum starfsmaður Þorbjörns hf., sýndi gestum gamalt handbragð og setti lok á trétunnu eins og dixil-mennirnir þurftu að gera á síldarvertíðum og fórst það vel úr hendi þó liðin séu mörg ár frá því að þessi handbrögð voru síðast notuð.

Um kvöldmatarleytið mættu bæjarbúar vel skreyttir og uppábúnir í grillveislur sem hverfin sameinuðust um í hverju hverfi og síðan var gengið fylktu liði sem leið lá niður á hátíðarsvæðið við Saltfisksetrið þar sem trúbatarar úr hverju hverfi héldu uppi brekku- eða bryggjusöng. Síðan voru veitt verðlaun fyrir nokkur atriði við mikinn fögnuð þeirra sem unnu en öllum til ánægju enda hélt gleðin svo áfram fram á nótt en um kvöldið spilaði grindvíska ungmennahljómsveitin Nói og síðan hinar einu sönnu Dúkkulísur.





*Leiktækin
vinsæl.*

Söngvarinn vinsæli Ingó ásamt Veðurguðunum luku síðan bryggjuballinu en fjörið fór þá inn á skemmtistaðina og stóð fram eftir nóttu.

Laugardagurinn gaf föstudeginum ekkert eftir í veðursæld. Bærinn iðaði af lífi og fjöri enda rak hver viðburðurinn annan en mótið um sterkasta mann Íslands varð fyrirferðarmikið í aðal dagskránni en margt var að gerast í kringum og var meðal annars farið í skemmtisiglingu með fjölskylduna, keppt í kappróðrum, tekin salíbuna með Grindjámum á mótorhjólunum þeirra eða með Fjörhjólaævintýrinu og fleira og fleira eins og myndirnar sína.

Sjómannadagurinn 2010 verður lengi í minnum hafður fyrir fallett veður. Í sjómannamessunni í Grindavíkirkirkju flutti Hilmar Helgason, skipstjóri, ræðu í tilefni dagsins en presturinn séra Elínborg Gísladóttir þjónaði fyrir altari, kór Grindavíkirkirkju söng undir stjórn Kára Allanssonar. Fermingarbörn báru krans niður að minnisvarðanum Von þar sem

Fjölmenni við hátíðahöldin í góðu veðri.



Fisktækniskólinn sigraði í róðrakeppni landsveita.



Sverrir Þorgeirsson afhendir verðlaun fyrir netabætingu.



Ólafur Rúnar Þorvarðarson fékk góðan styrk frá Þorbirni hf.

för fram táknræn athöfn til minningar um drukknada sjómenn. Fjölmenni var við hátíðarhöldin við Saltfisksetrið en ávarp dagsins flutti leikarinn góðkunn, Guðjón Davíð Karlsson, en síðan heiðraði Sjómanna- og vélstjórafélagið gamla sjógarpa, þá Ölver Skúlason, skipstjóra, Jón Ragnarsson, skipstjóra og Halldór Ingólfsson, matsvein á Verði EA. Þá voru veitt hefðbundin verðlaun fyrir kappróðra en að þessu sinni bættist við Íslandsmeistaratitill sem keppt var um í netaviðgerðum í fyrsta skipti í umsjón Fisktækniskóla Íslands og Veifarfarþjónustu Grindavíkur á Kviabryggjunni. Íslandsmeistari varð Ingvi Örn Ingvason, skipverji á Guðmundi í Nesi RE en í öðru sæti Valdimar Birgisson einnig skipverji á Guðmundi í Nesi RE, báðir búsettir í Grindavík.

Dagskráin hélt síðan áfram niður við höfnina með tilheyrandi bægsla- og gusugangi en Guðrún Gunnarsdóttir, söngkona, söng fyrir eldri borgara í Víðihlíð að þessu sinni en það er komin góð hefð á að sjómenn hugsi til eldri borgara bæjarins sem eiga ekki heimangengt, með hjartnæmu tónlistaratriði.

Benóný Benediktsson fór fimlega með dixelinn.



Sveit Visis hf. sigraði í róðrakeppni kvenna.



Sveit Sturlu GK sigraði í róðrakeppni báta.



Bláa hverfið sigraði í hverfakappinn.

Fyrsta Íslandsmeistaramótið í netabætingu. Íslandsmeistarinn, Ingvi Örn Ingvason, lengst til hægri.





Halldór heiðraður og síðan fékk hann árnaðaróskir frá skipsfélögum.

Halldór Ingólfsson, matsveinn á Verði EA 478

Halldór Ingólfsson, matsveinn á Verði EA 478 fæddist í Hrísey í Eyjafirði 20. apríl 1940, sonur hjónanna Ingólfs Ólafssonar, málameistara á Akureyri og Aðalheiðar Benediktsdóttur, húsmóður. Ingólfur, faðir Halldórs, var við málaraströf í Hrísey á þessum tíma með konuna sína með sér á staðnum og komst hún ekki til Akureyrar þegar fæðinguna bar að og eignaðist því Halldór á ynni. Fjölskyldan flutti síðan til Selfoss þegar Halldór var kornungur og er 5 ára þegar hann missir föður sinn. Móðir hans flutti þá til Reykjavíkur en þegar hann er 10 ára gamall réði hann sig í sveit og fór að sjá um sig sjálfur enda voru tímar erfiðir á þessum árum.

Árið 1957 þegar hann er 17 ára gamall ræður hann sig fyrst til sjós sem hjálparkokkur í eldhúsið á Hvassafellinu, skipi Sambandsins, og er í millilandasiglingum um sumarið. Halldór telur að þarna hafi örlögin spunnið sinn vef því upp frá þessu er hann viðloðandi eldamennsku til sjós meira og minna það sem eftir er til dagsins í dag.

Næsta vor réði hann sig á togarann Hafliða frá Siglufirði, einn af nýsköpunartogurinum, og síðan er hann til skiptis á togurum og vertíðarbátum í Reykjavík og víða úti á landi, háseti eða kokkur til skiptis.

Það vantaði alltaf kokka til sjós og þegar fréttist að Halldór kunni til verka við eldamennskuna var hann settur í kokkaríð, segir hann.

Í framhaldi af þessari reynslu skellir hann sér haustið 1959 í Matsveina- og þjónaskólann sem var til húsa í Stýrimannaskólanum og tók 4 mánaða námskeið og fékk síðan nokkru seinna sent bréf frá atvinnumálaráðuneytinu þar sem honum voru úthlutað réttindi sem matsveinn. Hann hugðist læra einhverja

iðn en gerði ekkert í því frekar því leiðin lá aftur út á sjó á ýmsa togara og báta til skiptis og svo vann hann smávegis í landi þess í milli á þessum árum.

Árið 1959 kynntist hann stúlku, Elísabet Esther Lunt að nafni, fædd og uppalin í Reykjavík, ekta borgarborn, og giftu þau sig síðan 1964. Halldór og Elísabet eignuðust 4 börn í hjónabandi sínu, Sigríði Svanhvíti fædd 1961, Halldór Margeir fæddur 1964, Guðjón Kristinn fæddur 1966 og Hafsteinn Smári fæddur 1970, dáinn 1992. Árið 1959 hafði Halldór eignast dóttur norður á

Siglufirði, Álfhildi Rögnu, sem er í góðu sambandi við fjölskyldu föður síns.

Árið 1967 lá leið Halldórs til Grindavíkur og 9. janúar byrjaði hann sem kokkur á Áskel ÞH, 75 tonna bát Gjögurs hf. Hann er síðan óslitið hjá Gjögri hf. til þessa dags eða rúm 40 ár fyrir utan eina vertíð á Náttfara ÞH, en hann kom strax aftur því honum líkaði afskaplega vel að vinna fyrir fyrirtækið.

Árið 1980 byrjaði hann sem matsveinn á Verði ÞH með Guðmundi Guðmundssyni, skipstjóra og síðan Jonna, Jóni Ragnarssyni, þegar hann tók við bátinum árið



Ólafur Örn Ólafsson, bæjarstjóri, Elísabet Esther Lunt, eiginkona Halldórs, Halldór Ingólfsson, Jón Ragnarsson.

Heiðrun 2010

1983. Hann er síðan með Jonna á Verði ÞH til 2006 er Jonni fór í land og Þorgeir Guðmundsson, yngsti bróðir Guðmundar, fyrrum skipstjóra á Verði, tók við. Saman fóru þeir Þorgeir svo yfir á nýja togarann þegar hann kom 2007 og líkar vel.

Halldór Ingólfsson; Sjómann- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf þitt á sjónum. Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megi þú njóta heiðursins.



Halldór hafði nýlega greinst með krabbamein þegar hann var heiðraður en kaus að greina ekki frá því fyrr en eftir athöfnina, nema sína allra nánustu.

Hann lést svo síðast liðið haust og er sárt saknað af skipsfélögum sínum á Verði EA.

Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur vottar aðstandendum hans virðingu sína, blessuð sé minning Halldórs Ingólfssonar, matsveins.

Jón Ragnarsson, skipstjóri

Jón Ragnarsson fæddist á Skagaströnd 4. ágúst 1937, sonur hjónanna Ragnars Magnússonar og Steinunnar Jónsdóttur, sem eignuðust 6 börn. Ragnar, faðir Jóns, var kosinn fyrsti formaður Sjómann- og vélstjórafélags Grindavíkur, þegar stofnuð var sjómannadeild innan Verkalýðsfélags Grindavíkur 1956 og varð vísirinn að stofnun félagsins. Jón byrjaði 12 ára að stunda sjóinn með föður sínum á sumrin er hann reri með honum á trillu sem Ragnar átti fyrir norðan.

Jón var 15 ára gamall þegar hann kom til Grindavíkur 1953 ásamt foreldrum sínum til að fara á vertíð með Guðmundi Karlssyni frá Karlsskála sem þá bjó á Skagaströnd en var að taka við Þórkötlun GK sem Hraðfrystihús Þórkötlustaða var nýbúið að festa kaup á. Feðgarnir voru ráðnir á bátinn en móðir Jóns var ráðskona á Lundi og sá um áhöfnina sem fékk skrinukost með sér á sjóinn en heita máltíð þegar komið var í land. Til gamans má geta þess að með Guðmundi komu einnig þeir Guðlaugur Óskarsson, Gulli í Höfða, og Eðvarð Ragnarsson, Lilli á Litla-Grund, sem seinna varð verkstjóri í Gjögri, en þeir voru einnig ráðnir hásetar á Þórkötluna GK.

Eftir þessa vertíð fóru svo foreldrar hans norður á Skagaströnd til að flytja



Jón heiddraður.

búslóðina suður og eftir það bjó fjölskyldan í Grindavík.

Jón var tvö ár með Gvendi Karls sem næst tók við Þorgeiri GK öðrum bát hjá HÞ, en 1957 var hann kominn á Stelluna GK með Gunnari í Vík á síldarreket á haustin, hefðbundna vetrarvertíð og svo fyrir norðan á síldveiðum með nót á sumrin.

Hann er með Gunnari í tvö ár en þá skellti hann sér í Stýrimannaskólan 1958-'59 og tók 120 tonna prófið.

Þegar Jón kom úr skólanum réði hann sig sem stýrimann hjá Símoni Þorsteinsyni, Simba í Múla, á Mána GK sem kom nýr til Hraðfrystihúss Grindavíkur 1960. Hann var 3 ár með Simba á Mána GK.

Árið 1961 trúlofaðist hann Kristínu Thorstensen og giftu þau sig árið eftir á sjómannadaginn og hafa verið í farsælu hjónabandi í 48 ár. Kristín flutti til Grindavíkur 4 ára gömul með foreldrum sínum, Katrínu Thorstensen ættaðri vestan úr Skutulsfirði og Hermanni Thorstensen frá Þingvöllum. Jón og Kristín eignuðust 3 börn, Magnús fæddan 1962, Ólína fædda 1964 og Steinunni fædda 1969 og eru barnabörnin orðin 9.

Árið 1963 varð Jonni, eins og hann er alltaf kallaður hér í Grindavík, fyrst skipstjóri er hann tók við Vísi KE, 50 tonna bát, sem fyrri eigendur Vísis hf. áttu. Hann var með bátinn eina vetrarvertíð og um sumarið á humar en um haustið tók hann við Sigurbjörgu SU og er með hann til haustsins 1964 en þá fór hann aftur í Stýrimannaskólann og lauk fiskimannaprófinu 1965.

Eftir skólann fór hann aftur til Simba í Múla sem þá var með Sigurð Bjarna GK, sem Fiskimjöl og lýsi hf. átti og er með honum í tvö ár.

Árið 1968 keypti hann Vísi KE í félagi við Gest bróður sinn og Vilmund Ingimarsson, sem seinna varð hafnarvörður.



Katrín Káradóttir, eiginkona Ölvers, Ölver Skúlason, Kristín Thorstensen eiginkona Jóns og



*Jón og Margeir
óska sjómönnum
til hamingju með daginn*

Jón og Margeir ehf

Seljabót 12 • Grindavík • Sími 840 1330 • jon@jonogmargeir.is

Þennan bát gerðu þeir út í 3 ár en þá seldu þeir hann og keyptu Sigurfara AK, 100 tonna bát, sem þeir skírðu Reykjaröst GK, og gerðu út í eitt ár en seldu hann þá til nýrra eigenda Vísis hf. og hættu útgerð.

Jonni byrjaði síðan hjá Gjögri 1975 er hann tók við Oddgeiri ÞH, sem hann var með á öllum veiðum til ársins 1983 en þá tók hann við Verði ÞH sem hann stýrði farsællega þar til síðla árs 2006 er hann kom í land og ákvað að láta gott heita, enda á 70 aldurári. Þar með lauk rúmlega 30 ára samstarfi við eigendur Gjögurs hf. og telur Jonni að ekki sé hægt að hugsa sér betri útgerð að vinna fyrir enda frábært að vinna með Guðmundi Þorbjörnssyni, forstjóra, allan þennan tíma og vill hann við þetta tækifæri koma á framfæri þakklæti til Gjögursmanna. Rétt er að nefna að árið 1989 varð Jonni aflakóngur yfir Suðurnesin með 1106 tonn en þetta var síðasta árið sem hægt var að veiða nokkuð óheft áður en kvótaskerðingin fór að segja til sín.

Árið 2006 var Jonni gerður að heiðursfélaga Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis á Suðurnesjum er félagið átti 60 ára afmæli og þótti honum vænt um það.

Jón Ragnarsson; Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf þitt á sjónum. Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megi þú njóta heiðursins.

Ölver Skúlason, skipstjóri:

Ölver Skúlason er fæddur 3. ágúst 1940 að Kirkjuferju í Ölfusi í Árnessýslu, sonur hjónanna Skúla Sigurðssonar og Svanlaugar Einarsdóttur. Þar ólst Ölver upp til 9 ára aldurs en þá fluttist hann með foreldrum sínum til Reykjavíkur og seinna í Kópavog.

Árið 1958 giftist hann Katrínu Kára-dóttur, 18 ára gamall, og eignuðust þau 3 börn; Kára Magnús 1959, Svandísi Þóru 1962 og Erlu Dagbjörtu 1972. Þau hófu búskap í Kópavogi en 1975 lá leiðin í Grindavík og hafa þau búið þar síðan.

Ölver hóf sjómennsku árið 1957, 17 ára gamall, á Blika MB, sem var trilla



Ölver heiðraður.

skræð í Borgarnesi, og var á handfærum með Ágústi Sörlasyni frá Djúpuvík á Ströndum, en svo lá leiðin á varðskipið Þór þar sem Eiríkur Kristófersson var skipherra. Þar var hann í eitt ár en hætti þá til sjós í um 11 ár og var við ýmis störf hjá Landsímanum, Vita- og hafnamála-stonfnu Íslands, eins og það hét þá, auk þess sem hann var með eigin vörubíl á Vörubílastöðinni Þrótti til 1970 en fór þá aftur á sjóinn.

Sjómennskan hófst aftur á báti með mági hans, Bjarna Sæberg, er þeir keyptu 26 tonna bát, sem þeir skírðu Sigmund Sveinsson en seinna keyptu þeir svo annan bát 105 tonna, Gömlu Ólafíuna, sem bar einnig Sigmundar nafnið hjá þeim.

Ölver fór í Sjómannaskólann 1972 og las að mestu utanskóla en hann útskrifaðist með hið meira fiskimannapróf 1973 og fékk ágætiseinkunn 7.26 en hæðst var gefin einkunnin 8.

Árið 1974 hættu þeir félagarnir í útgerð og fór þá Ölver til skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, SÍS, og var stýrimaður hjá þeim meðal annars á Skaftafelli og Hvassafelli í tæp 2 ár en þá fór hann að vinna hjá Hópsnesi hér í Grindavík. Það leiddi til þess að hann fór nokkra róðra með Jens Óskarssyni á Hópsnesi GK og einnig fór hann yfir á Höfrung II. GK og var með Eðvarð Júlíusyni og síðar Þorsteini Óskarssyni eftir að hann tók við Höfrung II. GK.

Árið 1979 var hann með Ásgeiri Magnússyni á Hrafn Sveinbjarnasyni II. GK en tók þá um áramótin við Blika ÞH sem Njörður í Sandgerði gerði út. Vorið 1982 tók hann við Sjávarborg GK hjá sama fyrirtæki. Eftir það var hann um tíma á togurunum Hauki í Sandgerði og Erling í Garði þar til haustið 1984 er hann fór á Geirfugl til Ómars frá Sandgerði, sem lengi kenndur var við Skúm. Árið 1985 var fyrsta vertíðin hans með Geirfuglinn en sú síðasta var vertíðin 2000 en þá sameinuðust 3 fyrirtæki hér og fór hann í land og vann til 2005 í löndunardeild Þorbjörns-Fiskanes og síðar Þorbjörns hf.

Um tíma var hann í stjórn Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis á Suðurnesjum auk þess að sitja í stjórn Farmannasambandsins.

Haustið 2005 fór hann á eftirlaun og hætti að vinna og hafa þau hjónin notið lífsins eftir bestu getu frá þeim tíma, ferðast mikið og hafa ekki yfir neinu að kvarta eins og Ölver orðar það glettnislega.

Ölver er spaugsamur maður í bland við alvöru lífsins eins og þeir best vita sem þekkja hann. Eitt af því sem hann hefur lagt fyrir sig er að yrkja og lét hann sig hafa það að senda inn nokkrar vísur ásamt sögum af sjónum í Sjómannadagsblað Grindavíkur 1995 en þar birtist eftir hann þetta vísukorn:

Aflabrögðin illa ganga
ekki er að fagna blíðunni.
Netin öll í henglum hanga
hálfónýt á síðunni.

Ölver Skúlason; Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf þitt á sjónum. Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megi þú njóta heiðursins.



Vinkonur hittast, Ragna, Kolbrún, Elínborg, Kristín og Esíher.

Ávarp við hátíðahöld sjómanna- dagsins í Grindavík 6. júní 2010

Guðjón Davíð Karlsson, leikari, gestur Sjómannadagsráðs, flutti ávarpið

Heiðraða samkoma!

Ég hef gengið um sjóðheita sanda.
Og brimgnýr ókunnra hafa
blandast þyti míns blóðs.

Ég hef látið úr höfn allra landa
og runnið í farveg hvers flóðs.

Og á botni hins óræða djúps
hef ég vitund og vilja minn grafið,
og ég veit ekki lengur,
hvort hafið er ég
eða ég er hafið.

Steinn Steinarr orti svona um hafið. Þau
eru ófá ljóðin og sögurnar sem tengjast
hafinu. Vinnustað ykkar, kæru sjómenn.
Til hamingju með daginn.

Það eru mikil forréttindi fyrir mig að
fá að vera hér, fyrir mig sem er alinn upp
á mölinni, leikari, sem ekki hefur migið
í saltan sjó. Fyrir mér er hafið skemmti-
legur staður að vera nálægt, flatmaga á
strönd og sleikja sólina. Ég verð að við-
urkenna að ég hélt að það væri verið að
gera grín þegar ég var beðinn að koma og
tala hér, en svo var ekki, eða hvað?

Er falin myndavél hér?

Ég hugsaði, bíddu, hvað á ég að segja?
En eftir nokkra umhugsun þá sagði ég,
já, auðvitað. Það sem ég verð að gera er
að ég verð að þakka ykkur fyrir allt sem
þið hafið gert fyrir okkur Íslendinga.
Sjómennskan er ekkert grín, hefur maður
heyrt sungið. Það er víst ábyggilegt, ég fór
nýverið með Herjólfu og það er sko ekkert
grín.

En að öllu gamni slepptu þá eruð þið
sú stétt eða starfsgrein sem leitt hefur
þjóðina og gert það að verkum að við
erum þjóð. Án ykkar væri engin byggð
á Íslandi. Þess vegna fyllist maður reiði
þegar maður heyrir talað um kvótalögin,
sér viðtal við reiða sjómenn. Ég veit ekkert
um hvað þetta snýst, ég ætla ekki einu
sinni að þykjast vera gáfulegur, en eitt veit
ég og það er það, að það er nóg af fiski í
sjónum, það hefur alla vega oft verið sagt
við mig, og þeir sem veiða hann eiga að
fá eitthvað fyrir sinn snúð og þeim á að
vera velkomið að veiða og við eigum að



Guðjón Davíð Karlsson.

segja takk. Það ætla ég að gera hér með,
takk. Takk fyrir að veiða fiskinn fyrir mig
og okkur öll. Og takk, sjómannskonur og
sjómannsbörn! Mér finnst að íslensku sjó-
mannskonurnar ættu að fá fálkaorðuna,
allar með tölu, þær sem standa vaktina
heima meðan makinn sækir gull í greipar
Ægis. En kannski er það bara til of mik-
ils mælst á Íslandi í dag, þar sem menn
virðast svo oft gleyma því hvar uppspretta
auðsins og hinna raunverulegu verðmæta
eru.

Hafið þið heyrt brandarann um
messaguttann? Æi, ekki svara, ég ætla að
segja hann samt, það væri svo leiðinlegt
ef þið segðuð öll já og ég þyrfti að hoppa
yfir stóran kafla úr þessari ræðu. Þá væri
ég bara í vondum málum. Alla vega. Þetta
er saga sem sögð var um miðja öldina sem
leið. Messaguttinn hafði eitt hlutverk um
borð sem ekki mátti fyrir nokkurn mun
bregðast. Það var að færa skipstjóranum
fyrsta kaffibolla dagsins upp í brúna. Þeg-
ar kallinn hafði dreypt á ilmandi, rjúkandi
kaffinu brá hann sjónauka að augum og
skimaði út í morgungrámann. Svo seildist
hann í vasa sinn og tók upp blað, braut
það sundur og las með andagt, hreyfði
varirnar eins og hann vildi innprenta
orðin í huga sér og sinni.

Guttinn var að sálast af forvitni. Hvað
var á þessu blaði?

Svo kom að því morgunn einn að hann

gat ekki á sér setið. Kallinn dreypti á
kaffinu, skimaði út á hafflötinn, tók svo
andaktugur blaðið upp úr vasa sínum,
braut það sundur og strákurinn teygði
fram álkuna sem hann framast þorði til
að sjá. Og sjá, á miðanum stóð skýrum
stöfum: „Stjórnborði hægri. Bakborði
vinstril!“

Það er mikilvægt að átta sig. Það getur
ráðið úrslitum. Öll þurfum við að minna
okkur á, rifja upp og reyna að muna
grundvallaratriðin.

En ég verð nú reyndar að nefna það
hér að ég á rætur að rekja til sjósóknara
og formanna, móðurfólk móðurafa míns
kom úr Grindavík, Móakot held ég að
það hafi heitið, föðurafi móður minnar
var Jón í Íragarði á Stokkseyri, kunnur
formaður á árabátum þar, þótti með
fádæmum farsæll sjómaður. Með mikla
bassaródd, sem Páll Ísólfsson sagði þá feg-
urstu sem hann hafði heyrt. Nú vitið þið
hvaðan ég fékk þessa bassaródd. Móðurafi
minn, Guðjón Jónsson, byrjaði 12 ára að
róa með föður sínum og fór það sama ár
að syngja með honum í kirkjukórnum! Og
síðar á ævinni reri hann meðal annars frá
Grindavík.





Það er merkilegt að skoða söguna. Rifja upp hvernig hlutunum var háttað fyrir á öldum. Formóðir Guðjóns afa var systir Þuríðar formanns. Þið hafið heyrt sögur af henni, ef ekki skuluð þið googla hana. Fara og skoða Þuríðarbúð á Stokkseyri og sjá aðbúnaðinn sem sjómenn þess tíma höfðu. Það er gott að minna sig á við hvaða kost þeir sem ruddu brautina þurftu að búa. Það voru engar „spring air never turn“- heilsudýnur og LCD skjáir. Það voru bara moldarfleti og myrkur.

Svo er gaman að hugsa til þess að þó svo að þessar konur, formæður Guðjóns afa míns hafi verið í fullu fjöri löngu fyrir daga jafnréttisbaráttunnar, þá voru þetta konur sem að stóðu hvaða kalli sem var á sporði og vel það. Reyndar þurfti Þuríður, vegna sjómenskunnar, að klæðast buxum og þurfti þar af leiðandi leyfi frá sýslumanni. Það eru breyttir tímar.

Langalangalangamma mín í móðururætt var hún Sesselja Grímsdóttir og var hún formaður. Hún lést árið 1875, reri fjölmarga sjóróðra á opnum árabátum frá Stokkseyri, 11 barna móðir, hún var ein af þessum ótrúlegu sjókonum sem Ísland átti, hörkuræðari og hamhleypa, henni hefur augljóslega hreint ekki verið físað

saman þessari konu. Ég man eftir að hafa heyrt sögu af því að fóstursonur hennar spurði hana þegar hún var orðin gömul hvað væri það mikilvægasta sem þyrfti að gera áður en lagt væri af stað á sjó.

Hann fékk þetta svar: „Fyrst verður þú að læra sjóferðarbænina, því enginn skal á sjó fara, nema hana kunni og lesi. Þegar komið er að skipi og allir tilbúnir að setja frá, taka allir ofan, signa sig og lesa hana í hljóði, en formaðurinn segir: „Leggjum nú hendur á í Jesú nafni.““

Þetta var henni efst í huga, þeirri lífsreyndu kraftakonu, um það sem helst má til heilla verða þegar haldið skal á sjó. Bænin í Jesú nafni.

Það þarf enginn að segja mér annað en að hún hafi upplifað margt á hafi úti. Hún hefur iðulega verið augliti til auglitis við hel, séð hversu styrkur, áráði og snarræði mannsins megnar, og eins hefur hún séð og reynt hitt, hinn æðislega leyndardóm fjörs og feigðar. En hún vissi hvað úrslitum veldur.

Ingibjörg, mágkona Sesselju, var 9 barna móðir og reri sem háseti um árabíl. Það fóru ýmsar sögur af atorku hennar og veiðiskap. Ein þeirra er sú að einhverju sinni voru börn Ingibjargar að

leik í Stokkseyrarfjöru og sáu þá sel liggja uppi á hleinunum. Þau hlupu upp að Traðarholti (sem er enginn smáspotti) og sögðu mömmu sinni frá. Hún var þá með barni og brá skjótt við, tók lurk í hönd sér og fór fram fjöruna og rotaði selinn. Kvenskörungur er það sem mér dettur í hug þegar ég heyri þessa sögu.

Það er gott að rifja upp fortíðina. Halda sögunni lifandi, minnst fortíðarinnar, og þeirra sem hvíla í votri gröf. Sem betur fer er nú tækninni alltaf að fleygja fram og skipin verða tæknilegri og sjósköðum fækkar. Vonum að sú þróun haldi áfram. Alltaf þegar maður heyrir sögur af sjónum, menn sem lent hafa í sjávarháska þá nefna allir það sama og það er bæn. Þeir fara með bæn eða bænir, leita til almættisins. Það liggur líka í augum uppi. Maðurinn er eitthvað svo ósköp smár miðað við hafið og þá er gott að hafa einhvern, vita af einhverjum sem alltaf er til staðar og hægt er að snúa sér að.

Mig langar að enda þetta ávarp mitt á því að lesa upp sálmm úr sálmabókinni. Ljóðið er eftir Jón Magnússon. Þetta er magnað ljóð sem mér þykir eiga vel við:

Föðurland vort hálft er hafið,
helgað þúsund fedra dád.
Þangað lífsbjörg þjóðin sótti,
þar mun verða stríðið háð.
Yfir logn og banabylgju
bjarmi skín af Drottins náð.
Föðurland vort hálft er hafið,
hetjulífi og dauða skráð.

Þegar brotnar bylgjan þunga,
brimið heyrst yfir fjöll.
Þegar hendir sorg við sjóinn,
syrgir, tregar þjóðin öll.
Vertu ljós og leiðarstjarna,
lægðu storm og boðaföll,
líknargjafinn þjáðra þjóða,
þegar lokast sundin öll.

Takk fyrir að leyfa mér að vera með ykkur hér í dag. Takk fyrir allt það sem þið leggið á ykkur fyrir mig, og okkur öll.

Kæru vinir, gleðilegan sjómannadag!





Dúkkulísurnar héldu upp stuðinu





á bryggjuballinu 2010





Hrafn Sveinbjarnarson GK.



Hilmar Helgason, skipstjóri.



Tánum tyllt um borð í Hrafn Sveinbjarnarson GK 255

Sjómann dagsblað Grindavíkur á ferðinni í vetur

„Undanfarin ár höfum við, skipstjórnir og útgerðarstjórnir ásamt eigendum hjá Þorbirni hf. í Grindavík leitað leiða til að spara olíuna við veiðarnar eða einhverra annarra möguleika til að auka arðsemina af veiðunum. Árni Bergmann, rafverktafi frá Akureyri, hefur meðal annars sett í skipið rafsíubúnað en fyrir um tveimur árum hafði Hjörvar, skipstjóri á Barða NK, vinur okkar Sigurðar Jónssonar, sem er skipstjóri hér um borð á móti mér, skipt yfir á flottrollshlera í einhverju fíkti en þetta eru miklu léttari hlerar en við höfum notað árum saman, og viti menn, árangurinn lét ekki á sér standa, varð umtalsverður á margvíslegan máta.

Við gripum þetta á lofti hjá honum og fljótlega sáum við að léttara var að toga trollið svo þar náðist fram umtalsverður olíusparnaður, trollið sat léttara í botni svo veiðarfæratjón snarminnkaði og fiskir jókst töluvert hvert tog þar sem hlerarnir héldu trollinu betur opnu en þeir gömlu gerðu, og nú er svo komið að síðasti túr ársins er á frírri olíu, um 170 tonn. Annað sem breytti skemmtilega hjá okkur var að þar sem veiðarfæratjónið minnkaði svo mikið sem raun ber vitni, gátum við minnkað netalagerinn verulega og þess vegna skipt geymslunni undir netastykkin í tvennt og innréttað líkamstærstöð í öðrum helmingnum þar sem

áhöfnin æfir reglulega til að halda sér í formi,“ segir Hilmar Helgason skipstjóri á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK 255 brosandandi við blaðamann Sjómann dagsblaðs Grindavíkur sem með engum fyrirvara var staddur í brúnni hjá honum vestur á Halamiðum til að fylgjast með veiðum og vinnslu þegar nóvemberbrælan var að ganga niður í lok síðasta mánaðar. Niðri í skipinu kepptist morgunvaktin á fullu við að pakka þorskinum, helmingnum af síðasta hali, sem stýrimaðurinn skaut á að væru 5-6 tonn að minnsta kosti, þegar pokinn lá á dekkinu nokkru áður.

Á Halamiðum í dag, Kaupmannahöfn á morgun

Hann er alltaf glaðlegur þar sem hann stendur við þökkunarborðið á morgunvaktinni og pakkar flökum með hröðum handtökum í kapp við félaga sína þrjá, Pétur Axel, Steinar og Helga. Hann lokar hverri öskjunni á fætur annarri og vippar pönnunni léttilega inn í frystitæki númer tvö fyrir aftan hann og gengur frá nýrri pönnu í rekkunum undir borðinu og gripur fullan bakka af flökum af færibandinu frá vigtarmanninum fyrir endanum á þökkunaraðstöðunni. Það er ekki að sjá að hann sé neitt þreyttur eftir að vera nýkominn niður á vinnsludekkið eftir að hafa tekið trollið ásamt trollgenginu. Hér unir Andrzej Ostrowski, 37 ára gamall



Andrzej að pakka.

Pólverji, sér vel enda orðinn þaulvanur á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK eftir að hafa verið fastur skipverji um fimm ára skeið. Andrzej er fæddur og uppalinn í pólsku borginni Lomza, 70 þúsund íbúa borg, tvo tíma fyrir austan höfuðborgina, Varsjá, en þaðan kom hann ásamt Sylwiu eiginkonu og syni sínum Marcin til Grindavíkur fyrir 12 árum, en hún var æskuastin hans og þau gift í 15 ár eftir að hafa þekkt hvort annað í 5 ár.

Nú er spenningur í honum og ekki laust við að votti fyrir áhyggjusvip því innan skamms mun Hilmar skipstjóri kalla í hann til að gera sig tilbúinn að fara yfir í Grandaskipið, Örfirisey RE, sem er að fara í land, en Andrzej á að vera mættur daginn eftir suður á Keflavíkurflugvöll



Helgi, bátsmaður, og Pétur Axel, netamaður, skutluðu Andrzej yfir í Örfirisey RE á léttabátinum.



til að taka flugið til Kaupmannahafnar með fjölskyldu sinni og júðófólki frá Grindavík. Þetta er annað árið sem efnt er til slíkrar ferðar á þetta danska stórmót í júdó í lok nóvember en Marcin sonur þeirra sem nú er orðinn 13 ára gamall er á fullu að æfa júdó hjá Jóa júdó, sem er einstakur þjálfari. Marcin er orðinn nokkuð liðtækur í júdóinu, vantar lítið upp á að hreppa Íslandsmeistaratitil í sínum þyngdarflokki, en hann fór upp um flokk í vetur, 13-14 ára, svo hann er að keppa við sér eldri stráka.

Andrzej segist hafa æft júdó ásamt fleiri íþróttum á sínum yngri árum í Póllandi og er mjög stoltur af syni sínum og þau hjónin nota hvert tækifæri til að fara með honum á stórmótin þegar hann er að keppa, sérstaklega þegar hann er í landi. Nú er það algjör undantekning að fá að fara í land áður en túr lýkur.

Aðspurður segir Andrzej að þau hafi komið til Grindavíkur upphaflega vegna mikils atvinnuleysis í Póllandi. Þau voru ráðin í Þorbjörn hf. og man hann að þegar hann kom var fiskvinnslan ennþá á gamla staðnum þar sem nú er Veifaræfariþjónusta Grindavíkur.

„Ég fór að vinna við löndun, slægingu og aðra tifallandi fiskvinnu hjá fyrirtækinu en Sylwia fór í snyrtingu og söltun, hefðbundna kvennavinnu. Það var voðalega vel tekið á móti okkur í upphafi og allt gert til að okkur liði vel og ættum gott með að aðlaga okkur nýju lífi í Grindavík. Á þessum tíma voru um 40 Pólverjar í Grindavík og ekki leið á löngu að við þekktum þá alla auk þess sem við kynntumst mörgum Íslendingum. Marcin fór í Grunnskólann og gekk strax vel að læra íslenskuna. Satt best að segja gekk okkur öllum mjög vel enda vorum við staðráðin í að bjarga okkur í nýja landinu og ná tökum á málinu, vinnunni og síðum landsins. Grindavík er mjög fjölskylduvænn bær

svo það gekk miklu betur að aðlagast en við áttum von á,” segir Andrzej brosandir og bætir við að þegar hann var búinn að vera 4 ár í Grindavík þá bauðst honum að fara afleysingatúr á Gnúp GK.

„Þetta var mjög freistandi, því tekjurnar voru mun betri en í landi. Ég hafði aldrei verið á sjó svo ég var hálf smeykur við að fara en lét þó slag standa og dreif mig. Ég var rosa sjóveikur fyrstu dagana, alveg að drepast en ég var staðráðinn í að gefast ekki upp og reif mig upp á vaktirnar, því mér fannst ekki koma til greina að liggja veikur á bekknum og væla. Smám saman leið sjóveikin frá og ég komst betur og betur inn í vinnuna. Strákarnir sem ég lenti með á vakt voru líka svo hjálpsamir, sem auðvitað gerði gæfumuninn,” segir hann glottandi og bendir á að á þessum tíma var erfitt að fá pláss á togurunum í Grindavík og því hafi hann einsett sér að standa sig sem best til að fá fast pláss enda tekjumunurinn mikill.

„Ég var að berjast við sjóveikina fyrstu tvö árin. Alltaf fyrstu tveir dagarnir í hverjum túr en svo vann ég smám saman á henni og nú finn ég ekki lengur fyrir henni,” segir Andrzej og brosir um leið og hann heldur áfram, „mér bauðst svo pláss á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK og hef verið þar síðan. Hér eru finir strákar sem gott er að vinna með og svo eru þeir svo góðir félagar. Fljótlega eftir að ég byrjaði hér fór að bera á að menn hættu og fóru í land. Menn voru óánægðir með tekjurnar því íslenska krónan var sterk og togararnir voru með lítinn þorsk og afurðaverðið

var lágt á karfa, ufsa og öðrum tegundum en þorskinum. Eftir bankahrunið snerist þetta alveg við og núna eru flestir gömlu jálkarnir komnir aftur og „mórallinn” orðinn mjög góður.

Þetta var auðvitað mjög erfitt fyrir Sylwiu, konuna mína, þegar ég fór á sjóinn og að ég var svo lengi í hverjum túr en ég fer í tvo túra og svo einn í frí. Hún er svo dugleg og stendur sig mjög vel. Þegar ég var fyrst að fara á sjóinn spjallaði ég heillengi við Marcin og sagði honum hvers kyns væri og hann yrði að vera duglegur strákur og hjálpa mömmu sinni. Í fyrstu tók hann hlutverkið svo alvarlega að hann ætlaði að stjórna mömmu sinni. Það gekk svo langt að hún varð að tala við hann því hann tók hlutverkið full alvarlega. Í framhaldi af því þá slakaði hann á en er samt



Andrzej ásamt fjölskyldu sinni, Sylwiu, Marcin og Ksaveri Adam.

MD VÉLAR

VAGNHÖFÐA 12, REYKJAVÍK | S. 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | mdvelar.is

Mamma Mia
PIZZERIA • GRILL • BAR

Hafnargata 7a • Grindavík • Sími 426 9966 • mammamia.is

Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn

Sibbi að hreinsa
drasl úr aflanum.



duglegur að hjálpa eins og að setja vörur í pokann í búðinni og halda á innkaupapokunum, fara í sendiferðir og passa litla bróðir sinn, Ksawery Adam, sem fæddist fyrir einu ári síðan. Sylwia hætti í Þorbirni hf. því henni bauðst vinna í Grunnskóla Grindavíkur sem skólaliði og er mjög

stolt af því. Henni gekk svo vel að læra íslensku enda lagði hún sig mjög hart fram við að læra hana og tók öll þau námskeið sem buðust. Nú notum við tímann vel þegar ég er í landi og förum mikið saman sem fjölskylda, sérstaklega þegar Marcin er að keppa í júdóinu,” segir Andrzej og þakkar í óða önn.



Villi með
besta hráefni
í heimi.

Sibbi kominn heim í frí ásamt dætrum sínum, Dagbjörtu 3 ára, Karólínu 12 ára, Arney Ingibjörgu 17 ára og Karítas Líf 7 ára.

Maturinn góður ef það eru gestir

Í matsalnum á vaktaskiptum er mannskapurinn hress og kátur. Helsta umræðuefnið er fótþol og aftur fótþol, körfubolti og aftur körfubolti, fiskiríði og maturinn hjá kokkunum.

Þennan dag mætir Sigurbjörn Dagbjartsson þreyttur í matinn eftir stranga vakt. Ekkert snap alla vaktina. Hann er „rotta“ í þessum tús en það er starfsheiti þeirra um borð sem vinna eingöngu á vinnsludekkjunni, frystihúsinu, en þeir fara ekki upp á trolldekk þegar er híft og slakað. Þeir eru fastir í snyrtigunni, slá úr tækjunum og ganga frá niður í lest. Sibbi fór fyrst einn tús 2003 svo hann vissi alveg um hvað vinnan í frystitogara snerist þegar hann ákvað að skella sér aftur á sjóinn 2008 þegar hann varð skyndilega atvinnulaus á miðju ári eftir að fyrirtæki sem hann vann hjá flaug í strand.

Nú er hann ánægður með lífið um borð, góður andi meðal strákanna, finar tekjur og góð frí inn á milli. Hann stefnir á að komast á trolldekið því þá er meiri fjölbreytni.

„Heyrðu Kristinn, þú þarft að koma oftar með okkur út á sjó. Það er svo miklu betri matur í boði þegar þú ert með okkur,” hrópar Sibbi yfir matsalinn til mín þar sem ég sit í setustofunni með kaffibolla eftir matinn. Það er ekki laust við að örli á glotti, mannaskítsglotti.

„Hvað ertu að segja, fíflað þitt,” heyrir hrópað úr eldhúsinu. Villi, matsveinn,



kemur askvaðandi út úr eldhúsinu með steyttan hnefa og staðnæmist við matborðið þar sem Sibbi kjamsar á hamborgurum ásamt félögum sínum með kokktaíl-sósu tauminn út á kinn.

„Viltu endurtaka þetta, svo ég geti barið þig í klessu fyrir vanþakklætið, fíflað þitt!” bætir Villi við, er heldur ófrýnilegur þar sem hann stendur yfir Sibba.

„Heyrðu! Þetta átti nú bara að vera grín, strákar, ha er það ekki, elsku vinur” stynur Sibbi upp eftir að hafa náð að kyngja, óttasleginn á svipinn.

„Það er eins gott, fíflað þitt, ef þú ætlar að fá að borða í framtíðinni, mundu það, fíflað þitt.”

Hvernig er heilsan?

Heilsa og heilbrigður lífsstíll hefur orðið meira áberandi í okkar umhverfi og á að vera eitt af meginverkefnum hjá stjórnendum allra fyrirtækja.

Það hefur sýnt sig að vel á sig komnir einstaklingar takast betur á við sína vinnu og af meira öryggi – þeir takast betur á við veikindi og lífsgæði þeirra verða meiri þegar á heildina er litið.

Forvarnaráðgjafar TM búa yfir fjölbættri þekkingu og reynslu til að bæta heilsufar og almenna líðan sjómanna.

TM býður þeim sjávarútvegsfyrirtækjum, sem tryggja starfsemi sína hjá TM, ráðgjöf og tillögur að úrbótum á sviði mataræðis, heilsufars og öryggis sjómanna.

Ráðgjöf TM hefur vakið mikla athygli og skilar góðum árangri:

- Tillögur að breyttu mataræði og hreyfingu
- Samvinna við kokka á skipum
- Heilsufarsmælingar
- Vinnuaðstæður og líkamsbeiting um borð
- Önnur öryggismál

Hafðu samband við forvarnaráðgjafa TM.

Sonja Sif Jóhannsdóttir (515 2654 / sonjasif@tm.is) og Methúsaleml Hilmarsson (515 2602 / methusalem@tm.is)

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



Ef þú ert tryggður þá færðu það bætt



TM vinnur markvisst að því að skapa öryggi á vinnustöðum

Tryggingamiðstöðin hefur skipulega unnið að því að efla forvarnarstarf meðal sjómanna, og stór þáttur í því er að sjávarútvegsfyrirtæki hugi vel að heilsu starfsmanna og öðru öryggi. „Allt forvarnarstarf er jákvætt. Það er hagrur fyrir atvinnurekandann sem og fyrir einstaklinginn sjálfan. Það að hafa góða heilsu bætir lífsgæði fólks. Meginmarkmið forvarnarstarfsins er að efla þekkingu og nýja hugsun hjá stjórnendum og starfsmönnum um forvarnarmál,” segir Methúsaleim Hilmarsson og bætir við að meðal þess sem forvarnarstarfið byggist á er að verjast óhöppum og draga úr hættu á tjónum og slysum.

„Öryggismál eiga að vera hluti af menningunni um borð í skipum, ekki kvöð, og það dregur úr töpuðum vinnudögum og slysum. Þessi atriði hafa einnig vakið athygli hjá starfsfólki landvinnslunnar sem er farið að kalla eftir samskonar fræðslu,” segir hann og heldur áfram:

„Um borð í skipum er innleitt ákveðið öryggisstjórnunarkerfi, en tilgangur þess er að tryggja sem best að öryggisþættir séu undir stjórn, skip og búnaður sé í lagi og hæfni skipverja sé eins góður og nokkur kostur er. Öryggisstjórnun er m.a. til að takast á við mannlegu þættina í slysum og óhöppum en 80 til 85% sjóslysa eru rakín til þeirra. Kerfið byggist m.a. á skráningu óhappa, ekki síst „næstum því slysum.” Það á að vera og er eftirsóknarverðara að vinna hjá fyrirtæki sem er með forvarnir og öryggismál í lagi og fylgir þeim. Einn helsti ávinningur af góðu forvarnarstarfi er góð ímynd fyrirtækisins og öruggari starfsmenn.”

Góð heilsa dregur úr fjarvistum og eykur öryggi

Árið 2008 rannsakaði Sonja Sif Jóhannsdóttir heilsu sjómanna. Niðurstöðurnar voru alls ekki nógu góðar, 73% sjómanna voru of þungir eða feitir í upphafi. Um 8% þátttakenda voru með gott þrek í upphafi, aðrir voru með lágmarksprek eða sæmilegt þrek. Rúmlega 50% sjómanna var með of háan blóðþrýsting og kólesteról. Rannsóknin gekk út á að fylgja hluta sjómanna eftir í 6 mánuði. Á þeim tíma var reynt að bæta hollustugildi matarins með hjálp kokkanna um borð ásamt því að hvetja áhafnameðlimi til að hreyfa sig reglulega. Niðurstöðurnar voru afgerandi. Íhlutun á daglegu lífi sjómanna leiddi til þeirrar niðurstöðu að þeir léttust að meðtali um 4 kg, mittismál minnkaði og þrek jókst um 15% og 233% aukning varð á hreyfingu hjá rannsóknarhópnum. Þátttakendur í rannsóknarhópi bættu mataræði sitt til muna ásamt því að depurð og kvíði minnkaði hjá þeim.

„Mikilvægi þessarar rannsóknar er ótvírátt, því aukin hreyfing og bætt mataræði stuðlaði að betri heilsu og líðan sjómanna. Niðurstöðurnar gefa líka dýrmætar vísbendingar um að lífsstílsíhlutanir séu árangursríkar og því mikilvægt að hafa það í huga við skipulag heilbrigðis- og forvarnarstarfs,” segir Sonja Sif Jóhannsdóttir. „Mitt starf byggist að mestu upp á samvinnu við útgerðir sem við tryggjum. Við leggjum mikið uppúr heilsuefingu um borð í skipunum og þá skiptir miklu máli að fá kokkana í lið með sér. Ég reyni að fræða áhafnameðlimi um mikilvægi



Methúsaleim Hilmarsson, forstöðumaður forvarna, hjá Tryggingamiðstöðinni og Sonja Sif Jóhannsdóttir, forvarnarfulltrúi.

hreyfingar og holls matarædis ásamt öðrum öryggisþáttum.”

„Leita verður allra leiða til að fækka slysum á sjó,” segja þau Methúsaleim Hilmarsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir. „Með það að markmiði þarf að leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir, t.d. með því að bæta heilsu þeirra og auka vitund sjómanna um slysaáætlu, virkja eftirlit útgerða og áhafna með öryggismálum í skipum. Við hjá Tryggingamiðstöðinni höfum hugsað út fyrir „boxið” í þessum efnum með því að vinna markvisst að hvetja einstaklinga að huga vel að heilsunni. Segjum að það að huga að heilsunni sé grunnurinn að öllum forvörnum. Með markvissri þjálfun og notkun öryggisbúnaðar um borð hefur með skipulögðum hætti verið unnið að fækkun slysa. Gott heilsufar og heilbriggt mataræði skiptir þar einnig máli.”


Dys Jóhanns Breiða frá sextánda öld senn grafin upp

Jón Þ. Þór, sagnfræðingur og höfundur Sögu Grindavíkur, sagði frá því í fróðlegu erindi á fræðslufundi í lok marsmánaðar að í sumar munu fornleifafræðingar frá þremur virtum háskólum í Evrópu ráðast í viðamikinn uppgröft vestan Grindavíkur og freista þess að finna jarðvistarleifar John's Breye eða Jóhanns Breiða, ensks verslunarmanns, og hans manna er létu lífið er Íslendingar gerðu aðför að þeim og stráfelldu þá um miðja nótt í júní 1532. Það var Íslenska vitafélagið-félag um strandmenningu, sem stóð fyrir þessum fræðslufundi þar sem Jón sagði frá því að hann hefði verið að koma nýverið heim frá útlöndum og var staddur á Kastrupflugvelli í Kaupmannahöfn þegar hann rakst á frásögn í nýju tímariti þar sem sagt var frá því að fornleifafræðingar frá háskólunum þremur, Queens University í Belfast á Norður Írlandi, frægum þýskum háskóla og háskólanum í Vítnarborg í Austurríki



væru að leggja lokahönd á undirbúning til að hefja viðamikinn uppgröft og freista þess að finna mannvistarleifar frá þessu orlagaríku tímum í Íslandssögunni þegar stríð milli Englendinga og Þjóðverja stóð sem hæst á Íslandi um verslun á skreið auk veiðanna og vinnslunnar í landi. Hansakaupmenn, sem voru þóknanlegir dönskum stjórnvöldum, höfðu aukið verslun sína í Evrópu á fimmtánda öld og voru orðnir stórveldi á því sviði og ásældust því meir og meir veiðarnar við Ísland og þá verslun sem því fylgdi. Á grein þessari sagðist Jón skilja það svo að þegar væri búið að tryggja mikið fjármagn til rannsókna svo senda mætti flokk fornleifafræðinga ásamt aðstoðarfólki til stunda uppgröftinn vestan Grindavíkur í svonefndri Engelsklág þar sem sögur herma að Englendingar hafi reist virki mikið til að vernda starfsmenn verslunarinnar á staðnum en venjulega reistu þeir búðir á Gerðavöllum yfir sumartímann meðan verslunin fór fram.

Járngerðarstaðir



Ljóst er að hið sögulega svæði Grindavíkurminjanna er miklu stærra en kortin 7 gefa tilefni til og því enn ekki útséð hvort þau verða fleiri.

Verkefnið hefur verið samstarfsverkefni Saltfisksetursins og Grunnskóla Grindavíkur sem kennsluefni í samfélagsfræði og

er óhætt að fullyrða að ekkert sveitarfélag á landinu getur stáð af viðlíka verkefni þar sem skráning heimilda hefur verið unnin og uppfærð með þessum hætti.

Á síðasta ári fékk verkefnið menningarverðlaun Grindavíkurbæjar sem þá var verið að veita í fyrsta skipti og var það vel

að þeim heiðri komið.

Ómar Smári Ármannsson á höfundarréttinn af uppdráttunum. Sjómannablað Grindavíkur vill þakka honum sérstaklega fyrir að fá að birta þá ásamt sögutextunum, sem sjá má á skiltunum víðs vegar um Grindavík.

Járngerðarstaðir

Járngerðarstaðahverfið er einn þriggja byggðakjarna í Grindavík. Austast er Þórkötlustaðahverfi og vestast er Staðarhverfi.

Talið er að Grindavík hafi byggst mjög snemma. Í landnámsbók er talað um að Molda-(G)Núpur Hrólfsson hafi numið hér land (í kringum 934). Ekki er vítað nákvæmlega hvar hann og aðrir landnámsmenn byggðu sér bú. Gera má ráð fyrir því að bæjarkjarnar hafi byrjað að myndast á 10. eða 11. öld. Ekki er ólíklegt að staðsetning þeirra hafi ráðist af graslendi, aðgengi að vatni og aðstöðu til sjósóknar á þessum stöðum.

Talið er að þingstaður Grindvíkinga hafi frá upphafi verið á Járngerðarstöðum. Það bendir til þess að búið hafi verið þar allt frá landnámsöld.

Heimildir um sögu jarðarinnar og ábúendur fyrir 1700 eru mjög af skornum skammti. Helst er getið um fjöruréttindi, en þó er sýnt, að jörðin hefur komist í eigu Skálholtsstaðar ekki síðar en um miðbik 15. aldar.

Grindavík var verslunarstaður allt frá miðöldum og fram á 18. öld. Þjóðverjar og Englendingar höfðu aðstöðu við Járngerðarstaði á 15. og 16. öld. Sögulegur atburður gerðist hér áfaranótt 11. júní, 1532 við virki Englendinga ofan við Stórubót. Þá voru 15 þeirra vegnir vegna ágreinings. Sá atburður breytti verslunar-sögu landsins.

Af Jarðabókinni 1703 má sjá að Járngerðarstaðir voru taldir hin mesta kostajörð, en hún var þá enn í eigu Skálholtsdómkirkju.

Strax um aldamótin 1800 var þegar kominn visir að þéttbýli. Það samanstóð af tveimur býlum, sem þar voru, auk



Grindavík á fyrstu árum síðustu aldar.

hjáleiganna sem byggðar voru í landi jarðarinnar. Um aldamótin 1900 bjuggu flestir í Járngerðarstaðahverfi, 59 manns, en mun færri í hinum hverfunum. Á árunum 1840 og 1841 voru aðeins 7 aðalbýli í sókninni og 13 hjáleigur.

Á 19. öld hélt byggðin áfram að vaxa og varð Járngerðarstaðahverfi miðstöð byggðar í Grindavík. Árið 1974 fékk bærinn kaupstaðarréttindi. Um aldamótin 1900 voru íbúarnir 357 talsins en árið 2006 voru þeir um 2600.

Upphaf kaupstaðarins sem nú stendur má rekja til Einars Einarssonar frá Garðhúsum en hann setti upp verslun í húsi er hann byggði árið 1897. Einararbúð var síðan reist hér skammt frá 1917.

Árið 1931 var gerð bryggja hér niður

undan gömlu húsunum. Leifar hennar sjást enn. Árið 1939 var grafið skipalægi inn í Hópið þar sem aðalhöfnin er nú. Grindavík er einn öflugasti útgerðarbær landsins með fjölda báta og togara og sterkum sjávarútvegsfyrirtækjum.

„Tyrkjaránið“

Atburðurinn hafði mikil áhrif á alla landsmenn. Í langan tíma á eftir voru Íslendingar mjög á varðbergi. Þeir óttuðust endurkomu sjóræningjanna.

Það var um Jónsmessuna 1627 að skip kom að Grindavíkurströndum. Allt gekk sinn vanagang hjá Grindavíkurbændum. Íbúafjöldinn var nálægt 180 manns. Búðir kaupmannsins danska stóðu þá í Járngerðarstaðalandi.

Á Járngerðarstaðavíkinni lá danskt kaupskip. Lauritz Bentson, Grindavík-urkaupmaður, sendi átta Íslendinga að aðkomuskipinu. Þegar þeir komu um borð voru þeir umsvifalaust herteknir. Upplýst varð að fátt væri um varnir í landi. Foringi „Tyrkjanna“, Amorph Reis, fór frá skipi sínu með þrjátíu vopnaða menn. Þeir byrjuðu á því að hertaka danska skipstjórann og tvo menn með honum, rændu kaupmannsbúðina, en kaupmaður flúði og með honum aðrir Danir.

Þá gerðist margt á örfáum klukkustundum. „Tyrkirnir“ snéru sér að Grindvíkingunum. Þeir skunduðu eftir sjávargötunni heim að Járngerðarstöðum. „Tyrkjunum“ lá á því þeir gátu alveg eins átt von á að kaupmaðurinn sneri aftur með lið manna. Í bænum gripu þeir Guðrúnu Jónsdóttur, konu Jóns Guðlaugssonar. Hún var borin nauðug frá bænum. Í götunni kom þar að bróðir Guðrúnar, Filippus. Þegar hann



Verslun Einars í Garðhúsum.



Járngerðarstaðir og Dalur.

reyndi að koma henni til hjálpar var hann barinn og skilinn eftir hálfdaður. Annan bróður Guðrúnar, Hjálmar, bar þá þar að riðandi. Tóku „Tyrkir“ hestinn af honum og stungu. Lá Hjálmar óvígur eftir.

„Tyrkir“ rændu fé úr bænum á Járngerðarstöðum, tóku Halldór Jónsson, bróður Guðrúnar og tvo sonu hennar, Helga og Héðin, en bróðir hennar, Jón, hafði verið einn af þeim átta, sem fóru út í skipið í upphafi. Jón Guðlaugsson, bónda á Járngerðarstöðum ráku „Tyrkir“ til strandar með sonum sínum og Halldóri, en vegna þess að Jón var þá orðinn aldraður maður og veikur gáfu þeir hann lausan er hann féll við í fjörunni. Stúlku eina, Guðrúnu Rafnsdóttur, tóku þeir með húsrúnni og færðu til skips.

Pennan örlagaríka morgun var 12 Íslendingum, þar af helmingur Grindvíkingar, og þremur Dönum, rænt í Grindavík.

Á útleið ginntu „Tyrkir“ hafskip á leið til vesturs til sín með fölsku flaggi. Þeir hertóku það skip. Áður en „Tyrkir“ yfirgáfu Grindavíkursjó gáfu þeir tveimur mönnum, sem höfðu verið um borð í skipsbátnum, burtfararleyfi. Þeir náðu bát sínum og réru til lands. Eftir þetta fóru ræningjarnir burt frá Grindavík. Loks héldu þeir til heimahafnar í borginni Salé í Marokkó.

Afdrif Grindvíkinganna, sem rænt



Blóðþýrnir.

var, urðu með ýmsu móti. Þau Guðrún Jónsdóttir og Halldór bróðir hennar voru aðeins skamma hríð í þrældómi í Alsír. Komust þau til Danmerkur 1628 og heim til Íslands með vorskipunum sama ár. Halldór samdi rit um Tyrkjaránið. Um afdrif Guðrúnar Rafnsdóttur er ekki vitað. Árið 1630 skrifuðu þeir bræður Jón og Helgi foreldrum sínum bréf og voru þeir þá þrælur. Helgi varð frjálss eftir fjársöfnun 1636. Komst hann heim og setti ásamt eiginkonu sinni saman bú á Járngerðarstöðum.

Jón bróðir hans, Héðinn og Jón Jónsson, móðurbróðir þeirra, hvíla sennilega í afrískri mold. Sama gildir um bátsverjana fimm, sem reru út að ræningjaskipinu þennan morgun 1627.

Þótt sjóræningarnir hafi jafnan verið nefndir „Tyrkir“, sem var þá samheiti yfir alla múslima í grennd við Miðjarðarhafið, hafa þeir að öllum líkindum verið Evrópubúar.

Enn eru til örnefni og vísbendingar í og við Grindavík, sem minna á þennan atburð.

Má þar nefna „blóðþýrnir“ þann er vex hér við norðausturhorn gatnamótanna.

Sagan segir að: „Í bardaganum veitti landsmönnum miður. Særðu Tyrkjar suma, en tóku aðra; þó féllu margir af Tyrkjum.“

Helgi hét maður; hann barðist með kvíslarfæti og drap fimmtán Tyrki, en var síðan tekinn. Hann var keyptur út löngu seinna og er sú sögn eftir honum höfð, að hann hafi drepð tvo eigendur sína, hvorn eftir annan.“ Í þjóðsögum Jóns Árnasonar segir auk þess: „En svo segja Grindvíkingar og fleiri að þar vaxi þýrnir síðan þar kom saman kristið blóð og heiðið.“

Uppdrátturinn byggir á örnefnalýsingu frá árinu 1967, lýsingum Guðjóns Þorlákssonar í Vík, Tómasar Þorvaldssonar o.fl. á staðháttum. Hafa ber m.a. í huga að heiti túnbletta og einstakra húsa hafa tekið breytingum frá einum tíma til annars.

46 Sjómannadagsblað Grindavíkur



Hópið grafið út.

Í Manntali 1880 var bæjarstæðan nefnd Stóra-Hóp og Litla-Hóp, en í manntali 1910 nefndist hún Austur-Hóp og Vestur-Hóp. Þar var þrífylli frá 1850 og fram í byrjun 20. aldar. Gamli bærinn mun hafa verið rifinn um 1930. Tröð lá upp með vestanverðum bænum upp að túngarðinum. Önnur tröð lá frá bænum áleiðis niður á Vatnstanga, að ferskvatnslind. Fjaran var rétt neðan við bæinn, en gerð var uppfylling á henni eftir miðja 20. öld þar sem nú er vegurinn (Bakkalág).

Húsið Hóp var byggt árið 1935 af Einari Einarssyni í Garðhúsum og húsið Sjónarhóll var byggt af Guðmundi Þorsteinssyni árið 1951. Á túnakorti frá 1918 var hlaðin sundvarða þar sem íbúðarhúsið er nú.

Fremsta tóftin (suðvestanvert) við gamla Hóp er svonefnt Goðhús eða Goðatóft. Hún var friðlýst 1930. Nafnið bendir til þess að tóftin sé mjög gömul. Hún hefur verið endurbyggð til annarra nota líkt og flest önnur mannvirki á svæðinu. Í bréfi um byggingu jarða Skálholtsstóls í Grindavík frá 1563 er boðið að breyta bænhúskúldum þeim

sem voru á Hrauni, Þórkötlustöðum og Hópi í leigukúgildi. Gæti það verið vísbending um bænhús á Hópi.

Í túninu við Hóp eru leifar gamalla mannvirkja, s.s. gerðið og Gerðishúsið (Gerðatóft) svo og gamlar götur. Enn má sjá leifar gömlu Hópsbæjanna, Melbæjar, Hópskots, Hópsness (Ness) (síðasta íbúðarhúsið í Nesi var flutt yfir Hópið á bát á fimmta áratug 20. aldar og er nú Túngata 9), auk minja verbúðar frá Hópi ofan við Hópsvör, þurrgarða og ískofa. Elsta bryggjan neðan við Hópskot er sýnd á uppdrættinum, en hún er nú horfin og aðrar nýrri teknar við hlutverki hennar.

Síkið er syðst á Hópsnesi. Þar eru minjar. Ragnheiður A. Ásgrímsdóttir (f:1859) var í fóstri að Hópi. Eitt sinn var hún við fráferur við Síkið (um 1870). Heitt var í veðri. Er Ragnheiður var að leita að fersku vatni til að drekka fann hún kistil fullan af silfurpeningum. Tók hún þrjá silfurpeninga úr kistlinum. Gaf hún síðan vinnumanni á Hópi, sem smíðaði skart úr þeim. Kistillinn hefur ekki fundist aftur.

Auk örnefnanna má sjá ýmiss gömul mannvirki í Hópinu á þessu sögu- og

minjakorti, sem er eitt af nokkrum á völdum stöðum í Grindavík.

Landnám

Molda-Gnúpur nam land í Grindavík, en hvar.....? Bjó Molda-Gnúpur kannski að Hópi?

Í Landnámu segir að „... um vorið eftir fóru þeir Molda-Gnúpur vestur í Grindavík og staðfestust þar; þeir höfðu fátt kvikfjár. Þeir voru þá fulltíða synir Molda-Gnúps, Björn og Gnúpur, Þorsteinn hrungnir og Þórður leggjaldi.”

Hér að framan er einungis getið um Grindavík en ekki nákvæmlega hvar. Í önefnalýsingu um Hóp segir m.a. um jörðina Hóp: „...sem hefur um langt skeið verið miðsvæðis og ein af lykiljörðum byggðalagsins: Bærinn stendur niður við sjó, við Hópið, sem hann dregur nafn af. Sagt er, að hann hafi upphaflega verið nefndur Hof, og er hér gömul goðatóft til. Sagt er, að Hofsnafnið finnist og í gömlum heimildum. Vestar er stór hóll, sem heitir Miðaftanshóll. Hann er eyktamark frá gamla bænum.”

Í túninu umhverfis gamla bæinn eru jarðlægar tóftir og garðar svo til hvert sem

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi*



Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur



Reykjanesbær

Hóp

litið er. Garðarnir eru greinilega misgamlir og hafa flestir þeirra eldri verið sléttaðir út. Ofan við gamla bæjarhólinn, norðvestan fjárhúsanna má greina 5 tóftir, auk matjurtargarða. Heimtröðin sést vel vestan við hólinn og suðvestan við Goðatóftina fyrrnefndu. Jarðlægur vörslugarður hefur verið í boga ofan við gamla bæinn, en hann síðan verið færður út og stækkaður og auk þess hefur verið hlaðinn garður til norðurs. Hafa ber í huga að efni úr mörgum grjótgörðum í Grindavík var notað við bryggjugerðir á 4. áratug 20. aldar. Forvitnilegasta rústin er sú minnst sýnilega í túninu. Hún virðist vera leifar af fornum skála er snýr til SV og NA. Stærðin á mannvirkinu er svipuð skála þeim er sjá má í Húshólma og lögunin er áþekk. Um er að ræða áhugaverðar minjar, sérstaklega með hliðsjón af framangreindri lýsingu í Landnámu.

Hóp

Í Jarðabókinni 1703 segir að „öngvar engjar“ séu á Hópi. Þar var þá tvíbýli. „Heimræði árið um kring og lending hin besta sem hjer í sveit er, en ærið langt að setja, nema með flóði verði lent. Þar ganga vetur og sumar skip heimabænda. Ítem átttrætt skip stólsins og fylgir því búð og vergögn, sem hvorutveggja er innkom-ið í tíð Mag. Brynjólfs, en var ekki fyrr.“

Bærinn varð snemma eign Skálholtsstaðar. Árið 1840 eru „Miklar innnyrtjar við jörð þessa af Hópinu, ef notkaðar væru. Í því veiðist mergð hrognkelsa eftir Jónsmessu, einnig silungur og mikill áll, en við ekkert þetta er sú ástundun höfð sem skyldi, og engir viðburðir við tvennt það síðarnefnda. Veiðst hefir þar líka selur og lax, þótt minna fengist með jafnri viðleitni sem hið þrennt fyrst talda; þegar fiskur gengur grunnt, hefir þar inni þorskur fengist og þyrsklingur, en sú veiði er samt ekki teljandi.“

Árið 1847 var jörðin seld í tvennu lagi (Stóri- og Litliparturinn) eftir afsalsbréfum 8. ágúst 1787 og 26. janúar 1791. Tvíbýli var á Hópi fyrri hluta 19. aldar.

Inn á Túnakort 1918 er býlið Hópsnes merkt. Bærinn mun hafa staðið á hól, sem notaður var í vegagerð á 7. áratugnum og er bæjarstæðið sjálft því horfið. Enn má sjá vegghleðslur við bæjarstæðið, sem nú eru ofan við smábátahöfnina. Bærinn var jafnan nefndur Hópsnes, en ábúandinn gjarnan kenndur við „Nes“, til dæmis Guðmundur í Nesi.

Hópskot stóð suðaustan við gamla bæinn, skammt frá. Tvílyft íbúðarhús stóð þar fram á seinni hluta 20. aldar.

Melbær er merktur inn á túnakortið frá 1918. Það var um 160 m norðnorðvestan við bæ. Bærinn stóð rétt norðan við þar



Hópskot.

sem gamalt bárujárnshús stendur nú, rétt norðan við íbúðarhúsið á Hópi I. Nú er þar sléttað tún, en ummerkin sjást enn.

Gerðatóft, útihús, er fast norðan við bæjarhólinn. Þrátt fyrir að sléttað hefur verið yfir húsið má greinilega merkja útlínur þess. Það hefur verið 12x18 m að stærð og virðist hafa verið einfalt. Út frá vesturhlið má greina garðlag sem og út frá austurhlið þess. Mun þetta vera gerðið sem húsið var kennt við.

Langhóll er austan við Síkin, fast vestan við veginn er liggur suður á Hópsnes. Við hann er Álfakirkja. „Álfarnir sem þar bjuggu, sóttu kirkju í Álfakirkjuna,” segir í örnefnaskrá. Nyrst á Langhól er tóft og bogadregin grjóthleðsla liggur yfir Síkið. Önnur tóft er sunnar á hólum. Þetta eru leifar frá því að Hóp hafði útgerð ofan við Hópsvör. Hleðsluleifar eru í hrauninu á Hópsnesi. Þetta voru þurrkgarðar.

Í Vatnstanga neðan við Hóp sóttu húsfreyjur að Hópi vatn í kaffið og þótti hvergi betra vatn en á þessum slóðum,” segir í Sögu Grindavíkur.

Öskuhóll er hóll, fullur af gamalli ösku. Hann er beint norðan við eystri Hópsbæinn. Hóllinn er í sléttuðu túni, grasi gróinn. Hann er 15x25 m að stærð. Gömul leið liggur úr túni á Hópi til austurs um óræktina í átt að Þórkötlustöðum. Leiðin liggur í svipaðri hæð í túninu og Hópsbæirnir standa nú.

Gömul þjóðleið liggur ofan við Hóp áleiðis í Voga, Skógfellaleið. Hún var einnig nefnd Vogavegur. Leiðin er um 16 km, bæði greiðfær og áhugaverð.

Hafnargerð

Á fyrri öldum, og allt undir síðari heims-

styrjöld, ýttu Grindvíkingar bátum sínum á sjó og lentu í vörum. Var þá oftast svo, að ein vör a.m.k. fylgdi hverju lögbýli. Þær voru flestar við vík eða vikur, sem gengu inn í ströndina. Í flestum þeirra var þó lending bæði bág og hættuleg.

Engum sögum fer af lendingabótum í Grindavík fyrir 1800. Á síðari hluta 18. aldar. Þá lét Guðmundur Runólfsson, sýslumaður, mæla Hópið og ósinn, en ekkert varð af framkvæmdum.

Árið 1902 fól hreppsnefnd þeim Einari Jónssyni, hreppsstjóra, og Erlendi Oddsyni, að mæla dýpi og stærð Járngerðarstaðavíkur og ef unnt væri að gera uppdrátt af höfninni. Árið eftir ákvað hreppsnefndin að skoða Hópið og kanna hvað mundi kosta að gjöra innsiglingu fyrir haffær skip svo þar gæti orðið öruggt skipalægi. Fjórtán árum síðar, 1917, komust hafnarmálin aftur á dagskrá í Grindavík. Einar G. Einarsson, kaupmaður í Garðhúsum, tók sér penna í hönd og skrifaði Stjórnarráði Íslands.

Árið 1925 gerði mikið sjávarfljóð í Grindavík er eyðilagði allmikið af húsum og skemmdi stórkostlega uppsátrið í annarri vörunum. Einar hélt áfram að ýta á Stjórnarráðið um úrbætur. Bryggjusmiði hófst þó ekki fyrr en á árunum 1931-1933, en þá voru gerðar þrjár bátabryggjur, ein í hverju hverfi. Þörf fyrir bryggju hafði vaxið mjög í vikinni þegar vélbátaútgerð hófst þar árið 1928.

Gamla bryggjan í Járngerðarstaðahverfi, neðan við Flagg húsið, var byggð á árunum 1931-1932. Hún var með steypum veggjum og þekju, grjótfyllt og hallaði í sjó fram. Náði endi hennar u.þ.b. einn metra út fyrir stórstraumsfjöriborð. Þrátt



sendir sjómönnum bestu kveðjur í tilefni af sjómannadeginum.



Einnig óskum við eigendum og áhöfn Gnúpsins til hamingju með nýtt togvindustjórnkerfi, mótora og stjórnun fyrir grandaravindur.

Miðhella 4 | 221 Hafnarfjörður | s. 414 8080 | www.naust.is | naust@naust.is

A large photograph showing several seagulls in flight over a dark blue, turbulent sea with white-capped waves. The sky is a pale blue.

*Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn*

Frysti & kælipjónustan

Vagnhöfða 10 - Sími 567 3175 og 8975741 - Fax 587 1226 - frysti@islandia.is

fyrir mikinn fögnuð Grindvíkinga með bryggjuna þótti hún helst til of stutt. Árið 1933 var bryggjan lengd.

Sem fyrr varð að setja bátana í naust að kvöldi. Næsta skref var að gera varanlega höfn, þar sem allur bátaflotinn ætti öruggt lægi í öllum veðrum. Enn tók Einar G. Einarsson sig til árið 1938 og ritaði vítamálsstjóra bréf. Það hann um hæfan mann til að athuga hvort tiltækilegt væri að grafa skurð í gegnum grjót og malarrif það, sem lokar Hópinu.

Árið 1939 hófust framkvæmdir við að opna Rifósinn. Gerður var bráðabirgða stíflugarður við efra mynni væntanlegrar rásar, þannig að vatnið héldist inni í Hópinu um fjöru svo hægt væri að vinna 4-5 tíma að dýpkun um hverja fjöru. Handverkfæri voru notuð til að losa grjót og handbörur til að flytja það til. Í september var búið að gera 10 m breiða rás í gegnum eiðið og svo djúpt niður, að fiskibátarnir flutu inn og út um hálfvallinn sjó. Hinn erfiði setningur bátanna eftir hvern róður heyrði þá sögunni til. Eftir affermingu voru bátarnir færðir inn í Hópið og lágu þar til næsta róðurs.

Núverandi sundvörður við Hóp voru hlaðnar um þetta leyti. Steypu var smurt á þær sunnanverðar árið 1947. Það verk unnu þeir Benedikt Benónýsson og Sigurður Garðarsson. Eftir gröftinn var siglingarleiðin um Djúpsundið, beygð að innsiglingunni og síðan um hana inn í Hópið.

Árið 1945 var "grafvél" Reykjavík-urhafnar notuð til að breikka og dýpka innsiglinguna og um leið grafin renna upp að bryggju í Hópinu, sem gerð var 1944. Árið 1947 var gerður skjólgarður frá svonefndum Svíra og fram á Rifið, auk þess sem byggð var ein bryggja af þremur, sem áætlun hafði verið gerð um í Hópinu. Síðan hefur stöðugt verið unnið að úrbótum og betrumbótum á hafnaraðstöðinni í Grindavík.

Sumarið 1957 var byggð 80 metra bryggja. Var hún hugsuð sem viðlegukantur fyrir báta sem þegar hafði verið landað úr. Hafnargarðurinn var líka lengdur um fimmtíu metra árið 1958. Þetta hélt svo áfram smátt og smátt. Haldið var áfram við bryggjusmiði og eins við gerð skjólgarða. Í janúar 1973 þurfti að finna Eyjaflotanum höfn í kjölfar eldgoss á Heimaey og varð Grindavík fyrir valinu. Árið 1973 var gerð viðlegubryggja og árið 1974 var svo gerð bryggja við svonefndan Eyjabakka.

Byggingar- og framkvæmdarsaga Grindavíkurhafnar er ævintýri líkust. Í dag eiga Grindvíkingar eina bestu og fullkomnustu höfn á suðurströnd landsins.



Goðatóft við Hóp, friðlýst.

Sjávarútvegur og fiskvinnsla

Fyrstu grindvísku bátarnir voru mjög litlir. Jafnvel aðeins fyrir tvo til fjóra enda ekki ætlunin að veiða mjög mikið heldur aðeins í soðið. Skipin hafa verið smátt og smátt að stækka og talið er að um miðbik 14. aldar hafi tólfæringar verið mjög algengir í Grindavík. Strax á 15. öld sóttust erlendir menn mjög eftir fiski í Grindavík og lögðu útvegsmenn mikið kapp á að auka útgerð sína. Mikið var um að bændur í öðrum landshlutum sendu vinnumenn sína í verið á Suður- og Vesturlandi á vetrarvertíð. Fiskur var allur þurrkaður og ef ekki viðraði til að þurrka var fiskurinn settur í kös og var þá honum staflað á ákveðinn hátt. Miklar minjar fiskþurrkunnar eru í Grindavík.

Árið 1780 gengu til veiða úr Grindavík á vetrarvertíð 27 heimabátar, 8 áttæringar, 13 sexæringar og 6 feræringar. Upp úr 1860 fór bátum að fjölga verulega í Grindavík og sést það á að 1871 voru 18 bátar í Grindavík, en árið 1898 voru þeir orðnir 62. Eftir 1900 voru menn farnir að veiða í net og jókst aflinn til mikilla muna.

Vélbátatútgærd hófst í Grindavík árið 1924, nokkuð á eftir öðrum. Ástæðan fyrir því að Grindvíkingar tóku ekki vélbáta fram yfir árabátana fyrr, var sú að lendingarskilyrði voru mjög slæm. Fyrstu vélbátarnir voru áttæringar sem breytt var og vél sett í.

Árið 1928 var síðasta árið þar sem árabátar voru notaðir við veiðar í Grindavík og nú voru vélbátar eingöngu við líði og aflabrögd voru mjög góð. En eitt skyggði þó á og það var hafnleysið sem fyrr er lýst. Með opnuninni inn í Hópið gjörbreyttust aðstæður til útgerðar í Grindavík og nú risu upp fyrirtæki sem keyptu og ráku stóra báta. Hafist var handa við að byggja Hraðfrystihús Grindavíkur og var fyrsta verkefni þess frýsting beitusíldar. Nokkr-

um árum síðar var svo stofnað hraðfrystihús í Þórkötlustaðahverfi.

Eftir framkvæmdirnar á fimmta áratugnum var orðið mögulegt að koma stærri bátum inn í höfnina. Öll helstu útgerðarfyrirtæki á Grindavík ráku síldveiðar og söltun. Einnig lögðu aðkomubátar upp afla sinn í Grindavík. Þegar mest var lönduðu yfir hundrað bátar í Grindavík á degi hverjum. Á árunum 1975-1988 voru Grindvíkingar meðal umsvifamestu síldarsaltenda sunnanlands. En það var ekki bara síld sem barst til lands í Grindavík. Mikið var um loðnuveiði og þegar humarveiðar hófust voru Grindvíkingar fljótir að senda báta á vettvang. Allt þetta gerði það að verkum að Grindavík breyttist úr litlu sjávarplássi í ört vaxandi útgerðarba.

Við gerð uppdráttarins var m.a. stuðst við „Örnefni á Hópi“, sem séra Ari Gíslason skráði, Örnefnalýsingu Lofts Jónssonar, Jarðabók ÁM 1703, Manntöl frá 1880 og 1910, örnefni skv. upplýsingum Guðsteins Einarssonar, hreppsstjóra, sóknarlýsingu Geirs Backmanns frá 1840, Sögu Grindavíkur og upplýsingum og heimildum núlifandi aldraðra Grindvíkinga. Sérstakar þakkir eru færðar þeim Lofti Jónssyni, Tómasi Þorvaldssyni, Guðmundi Þorsteinssyni, Birgi Guðmundssyni, Huldu Dagmar Gísladóttur, Árna Jóni Konráðssyni og Jóni Guðlaugssyni fyrir aðstoðina við gerð uppdráttarins. Þá er Gunnari Tómassyni og Péttri Guðjónssyni þökk að afnot af meðfylgjandi ljósmyndum.



Nes, flutt austan úr hverfi.

Gerðavellir





Gerðavellir

Á Gerðavöllum og nágrenni má m.a. sjá leifar eftir svonefnda Junkara, sem hér voru við fiskveiðar allt frá því á 15. öld. Sumir telja að gerðið geti verið enn eldra, frá fyrstu tíð verslunar á 13. öld eða jafnvel frá upphafi búsetu í Grindavík. Þá eru örnefni er minna á sögusvið „Grindavíkurstriðsins“ árið 1532, s.s. Virkið og Engelskalág, en sá atburður breytti verslunarsögu landsins svo að segja á einni nóttu. Á svæðinu eru einnig minjar um búskap Járngerðarstaðabænda frá fyrri tíð. Utar á kámpinum er rétt á Skyggni. Í hana voru trippi rekin á vorin og þau klippt áður en þau voru rekin upp á Selsvelli. Gamla kirkju-gatan yfir á Stað lá hér um til 1908 og ekki má gleyma sjóskrímslunum er héðan hafa sést endrum og eins um aldir. Á landakorti frá 1590 eftir Guðbrand Þorláksson biskup, eru t.a.m. teiknuð inn mörg hafskrímsli.

Utan í Stekkhól er stekkur og á hólnum er hlaðið, uppgróðið mannvirki, hugsanlega dys eða brenniker, þ.e. eldur hefur verið kveiktur á þegar vantaði skip af hafi eftir að myrkvaði enda útsýni af hólnum hvergi betra yfir Járngerðar- og Staðarsund. Þetta gætu líka verið leifar frá tímum Junkara. Í Bjarnagjá og Hrafnagjá er fjölbreytt lífríki sem og í fjörunni með strandlengjunni. Meðfylgjandi uppdráttur er unninn upp úr örnefnalýsingum fyrir Járngerðarstaðahverfi eftir lýsingum fólks er best þekkir til staðháttu. Sérstakar þakkir eru færðar Lofti Jónssyni, Guðlaugi Tómassyni, Tómasi Þorvaldssyni, Gunnari Tómassyni og Guðjóni Þorlákssyni. Í textanum er auk þess vitnað í þjóðsögur og ævintýri Einaris Ól. Sveinssonar, 1952, Öldina okkar 1518 og 1532, Sögu Grindavíkur eftir Jón Þ. Þór, 1994, og fyrirlestra Jóns Böðvarssonar um Grindavíkurstriðið, 2006.

Junkaragerði

Gerðavellir eru nefndir eftir gerði Junkaranna. Garðarnir sjást enn mjög vel þótt sjórinn hafi brotið af þeim að austanverðu. Einar Ól. Sveinsson segir svo frá í útgáfu sinni á Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum: „Einhvern tíma í fyrri daga höfðu nokkrir menn - tólf eða átján - hafst við í óbyggðinni milli Grindavíkur, Hafna og Njarðvíka. Áttu þeir sitt skip í hverri þessari veiðistöð og höfðu þar rammgjört gerði til að geyma í skipið og það, er til þess heyrði. Enn heitir þær einn í Höfnum Junkaragerði, og gömul girðing, er leifar sjást af á Gerðavöllum milli Járngerðarstaða og Húsatófta í Grindavík, er líka kölluð Junkaragerði. Eiga þeir að hafa haldið sig þar, er þeir voru í Grindavík, og róid út úr Stóru-Bót, sem þar er hjá.



Leifar af virki Englendinga við Grindavík þar sem Jóhann Breiði var drepinn 1532, segir sagan

Þar er að vísu ekki ræði, nema brimlaust sé og vindur standi af landi. En Junkarar reru heldur aldrei nema þar, sem vindur stóð af landi og þá er svo var hvasst, að aðrir reru ekki. Þá er logn var, voru þeir á landi, komu þá til bæja og réðu einir öllu hjá konum, meðan karlmenn voru á sjó. Höfðu menn illan hug á þeim, en þorðu ekki á þá að ráða, því að þeir voru mestu garpar.

Ög þó að menn kæmust í gerði þeirra, þá er þeir voru eigi þar, þorðu menn eigi að láta Junkara sjá þess nein merki; þá var við hefnd að búast. Menn vildu samt fyrir hvern mun ráða þá af dögum og leituðu ýmsra bragða til þess.

Einu sinni boruðu menn göt á skip þeirra upp við hástokk, þar sem ekkert bar á, fyrr en skipið var orðið hlaðið. Þá rann sjór inn um götin; en Junkarar flöttu þá fisk og lögðu fyrir þau og björgðust svo til lands.

Í annað sinn voru dregnir af keiparnir, keipanaglarnir sagaðir sundur til hálfs og keiparnir svo reknir á aftur. Naglarnir brustu þá, er í land skyldi róa, því að þá var mótvindur. Þá reru Junkarar við hné sér til lands.

Í þriðja sinn voru skautarnir dregnir af árum þeirra, árástokkarnir svo sagaðir sundur til hálfs eða meira, skautarnir síðan negldir á aftur, svo að ekki bar neitt á neinu. Nú reru Junkarar, er vindur stóð af landi; en í það sinn komu þeir ekki að landi aftur. Sagt er, að hverjir fyrir sig; Grindvíkingar, Hafnamenn og Njarðvík-

ingar hafi lengi eignað sér það, að þar hafi Junkarar verið af dögum ráðnir.“

Í upphafi sögunnar er getið um stað í „óbyggðinni milli Grindavíkur, Hafna og Njarðvíkur“, sem Junkarar höfðust við í. Ekki er ólíklegt að hér geti verið átt við byrgin í Sundvörðuhrauni þar sem þeir hafi geymt birðir sínar. Hafa þeir getað flutt og falið þær þar og verið jafnlangt fyrir alla að sækja þangað aðdrætti.

Verslun og fiskveiðar útlendinga

Með ensku öldinni er átt við þann hluta sögu Íslands þegar Englendingar öðrum fremur sigldu til Íslands til að veiða og kaupa skreið og aðra vöru (t.d. vaðmál og brennistein) í skiptum fyrir ensk klæðafni, mjöl, bjór, vín og fleira. Hún hófst skömmu eftir að Svarti dauði herjaði á landið, 1402 til 1404, og siglingar frá Nor-egi lögðust að mestu leyti af í kjölfarið.

Um 1500 voru í raun tveir „kaupstaðir“ á Íslandi; Hafnarfjörður og Grindavík. Síðarnefndi staðurinn stóð betur að vígi því hann var aðalhöfn Skálholtsbiskups, sem hafði skip í förum. Bændur greiddu m.a. skatt sinn í osti, sem seldur var í Evrópu, en korn o.fl. flutt til landsins í staðinn. Grindavík var því mikil höfn um langan tíma og það löngu eftir að „Grindavíkurstriðinu“ lauk.

Enska tímabilinu lauk með bardaganum og drápi Englendinga í virki Jóhanns breiða hér ofan við Stóru-Bót í júní 1532. Þetta leiddi til þess að 16. öldin er stundum kölluð þýska öldin í Íslandssög-

unni. Elstu menn segja að enn megi sjá leifar virkisins sem og „Enskulágar“ eða „Engelskulágar“ þar sem hinir ólánssömu Englendingar voru grafnir. En sá bardagi átti sér langan aðdraganda.

Fram til 1300 veiddu Íslendingar aðallega við landið. Skömmu fyrir 1300 gjörbreyttist ástandið. Noregskonungur hafði einkaleyfi á veiðum við allar eyjar er tilheyrðu Noregi. Aðrir þurftu að fá leyfi til að veiða þar eða versla. Yfirleitt var slíkt leyfi ekki veitt. Síðast á 14. öld breyttist þetta ástand. Englendingar urðu fyrstir til að sækja á fiskimiðin við Ísland. Fram yfir 1380 voru fiskiskip lítil og ekki vel fallin til úthafssiglinga. Ný siglingatækni kom fram og Norðurlandabúar töpuðu forystunni á höfunum, en Englendingar tóku yfir; fyrst með tvímastra, þrímastra og jafnvel fjórmastra skipum. Fyrir 1400 voru Englendingar farnir að sigla á slíkum skipum hingað.

Fiskur var aðallega hertur. Árið 1432 byrjuðu Hansakaupmenn verslun sína hér á landi. Noregskonungur hélt fast í einkaleyfi sitt til vöru-, veiði- og verslunarferða á sínum svæðum. En vegna þess að norsk skip gátu veitt nær markaðinum í Evrópu var hann ekki eins fastheldinn á þennan rétt sinn er fjær dró. Er Englendingar fóru að koma til Íslands bannaði Noregskonungur för þeirra til landsins. Englendingar og Íslendingar tóku ekki mark á því banni. Íslendingar ómuðust að vísu í fyrstu við fiskveiðum Englendinga, en fögnuðu vöruflutningum þeirra og verslun. En fyrir vöruflutninga Englendinganna fengu þeir „þol til fiskveiða“. Englendingar urðu loks sterkastir við landið og víða með aðstöðu. Þjóðverjar, sem komu um 1430, urðu fljótlega vinsælli. Þeir keyptu fisk og skreidd á allt að 70% hærra verði og seldu sína vöru ódýrari. Mikil eftirspurn var eftir fiski í Evrópu svo þeir gátu selt hann á margfalt hærra verði þar. Trúarbrögð, fastan, var aðalástæðan. Þjóðverjar voru einnig vinsælli en Englendingar vegna þess að hinir síðarnefndu stálu oft á tíðum fiski frá Íslendingum; fiski sem safnað hafði verið saman til sölu um vorið. Þetta varð til þess að Englendingar töpuðu smám saman öllum höfnum sínum (sem að vísu voru ekki eiginlegar hafnir í okkar skilningi, heldur viðleguadstaða). Englendingar höfðu haft Hafnarfjörð fyrir aðalhöfn, en þeir sigldu jafnan til Straumsvíkur. Um 1480 ráku Þjóðverjar Englendinga frá Hafnarfirði og Straumsvík (Þýskabúð) og tóku sér fasta búsetu í Hafnarfirði. Englendingar fluttu sig til Grindavíkur, en Þjóðverjar til Básenda. Sú regla gildi að sú áhöfn sem fyrst kom að höfn að voru átti einkaaðstöðu þar það sumarið. Upp spratt verslunarstétt, nefnd



Bjarnagjá.



Skyggnisrétt.

„verslunarduggarar“. Þeir fóru að sigla til Íslands, ekki bara yfir sumarmánuðina, heldur alveg fram í nóvember. Íslendingar unnu hjá þeim og sáu um veiðar og vinnslu aflans, t.d. í Grindavík, á Básendum og í Hafnarfirði. Eftir að Englendingar byrjuðu að sigla hingað komu þeir sér upp umboðsmönnum. Í Grindavík var það Marteinn Einarsson frá Stað. Stjórnandi hann verslun Englendinga hér. Eftir að Þjóðverjar lögðu undir sig Hafnarfjörð fóru þeir að herja á Englendinga annars staðar, t.d. á Básendum við Stafnes.

Þegar Þjóðverjar komu til landsins 2. apríl 1532 fóru þeir ekki til Grindavíkur heldur inn á Básenda. Fyrirliði þeirra var Ludtkin Smith.

Skömmu síðar komu Englendingar að Básendum og báðu um að fá þar aðstöðu. Ludtkin hafnaði því. Skömmu síðar kom annað enskt skip þar að. Öðru skipinu

var siglt inn á höfnina og réðst áhöfnin á Þjóðverjana. Þeir söfnuðu liði meðal heimamanna og tókst þeim í sameiningu að gersigra Englendinga. Skipinu var sökkt og náðu Þjóðverjar hinu.

Grindavíkurstríðið

Englendingar, sem griður var gefinn á Básendum, flúðu hingað til Grindavíkur. Tóku þeir allmikið af fiski til sín, sem tilheyrði m.a. Þjóðverjum. Um það leyti kom að landi í Grindavík John nokkur Breye, eða Jóhann breiði, eins og landinn nefndi hann, á skipi sínu Peter Gibson. Lét hann þegar reisa virki á Járngerðarstöðum, ofan við Stóru-Bót. Gerðust Englendingar bitrir út í Íslendinga vegna stuðnings þeirra við Þjóðverja á Básendum. Hótuðu þeir landanum og bönnuðu honum að selja þýskum fisk. Pyntaði Jóhann mann, hótaði öðrum og tók lömb og sauði frá manni sem sinni

*Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum hamingju- og
heillaóskir á sjómannadaginn*



ÞORBJÖRN

Sími 420 4400 - FAX 420 4401

*Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum hamingju- og
heillaóskir á sjómannadaginn*



VÍSIR

**FÉLAG SKIPSTJÓRNARMANNA
Á SUÐURNESJUM**

Hafnargötu 90 - 230 Keflavík - Sími 421 4942

Gerðavellir

ekki þessu verslunarbanni hans. Nam hann hest af manni og gerðist alldjafur til kvenna. Flutti hann t.d. konu eina út í skip sitt og hélt eiginmanninum þar í böndum á meðan.

Um þessar mundir var Diðrik af Mind-en fógeti á Bessastöðum. Skipaði hann þýskum og öðrum er hagsmuna áttu að gæta að finna sig við Þórðarfell ofan við Grindavík. Lofaði hann öllum þeim sem það gerðu mála í nafni konungs. Hafnarfjarðarkaupmenn tóku tilmælunum strax vel og safnaðist fljótt allnokkuð lið við Þórðarfell, eða um 280 menn (aðrar heimildir segja 180), þ.á.m. átta skips-hafnir frá Bremen, sveit Diðriks, liðsmenn frá Hafnarfirði, Njarðvíkum og frá Básendum. Diðrik lýsti Englendingana í Grindavík réttldræpa, en alla sem gegn þeim færu friðhelga að lögum. Ástæðuna fyrir aðförinni sagði hann m.a. virkisgerðina, sem hann taldi vera atlögu að sjálfum Danakonungi, auk yfirgangs Englendinganna og afbrota. Hér virtist því fyrst og fremst vera um nokkurs konar lögreglu-aðgerð að ræða.

Margir Englendinganna voru á sjó þennan dag, 10. júní 1532. Jóhann breiði, fálkatemjari konungs, og 13 aðrir Englendingar voru í virkinu. Aðfararnótt 11. júní, kl. 02.00, læddust Hafnfirðingar og Njarðvíkingar að virkinu, en Básendamenn og Þjóðverjarnir héldu í átt að skipunum sem lágu utan við Stóru-Bót. Útsiningsshraglandi var og úfinn sjór. Þegar menn nálgudust virkið var gert áhlaup á það með óhljóðum og látum. Vaknaði Jóhann breiði og menn hans við vandan draum, en náðu ekki að verjast. Voru þeir allir drepnir, alls 15 manns. Náðist að kyrrsetja skip Jóhanns á legunni, en fjögur skip Englendinga lágu utar. Búðir annarra Englendinga voru þarna skammt frá og voru þeir, sem þar voru, handteknir, átta talsins. Voru þeir látnir grafa félaga sína undir virkisvegnum. Fjórum skipum tókst að leggja frá landi, en eitt fórst á grynningunum á leið út.

Diðrik sló upp veislu, en eftir nokkra daga gaf byr svo skipi Peter Gibson var siglt til Bessastaða, enda nú metið eign danska kóngsins. Herinn var um kyrrt í Grindavík í tíu daga, enda Englendingarnir þar til alls vísir. Margir þeirra höfðu verið á sjó þegar atlagan var gerð og þótti þeim aðkoman að landi heldur kuldaleg.

Þegar staðið er hér ofan við Stórubót má glögglega gera sér grein fyrir að umhverfið hefur breyst mikið á umliðnum öldum. Sjórinn hefur brotið mikið af landinu og ströndin er því önnur en hún var árið 1532 þegar framangreindir atburðir urðu hér að kvöldi 10. júní. Talið er þó að enn megi sjá hluta af leifum



Stekkhóll.



Hrafnagjá.

Virkisins og grafstaður Englendinganna fimmtán er sagður í Engelskulág norð-austan við þær. Þótt mikið hafi gengið á á skömmum tíma þetta kvöld og margir lát-ið lífið hefur lítið verið skráð um atburðinn sjálfan, en þess meira um aðdragandann og eftirfylgjuna.




Gerðavellir, tóft.

Hinrik VIII Englandskonungur og Maximillian Þýskalandskeisari þrættu um málið um stund, en að lokum var undirritaður friðarsamningur á milli þjóðanna og sættir náðust.

Skrímsli

Á landakortum fyrri alda má oft á tíðum sjá, auk landa og örnefna, hinar ýmsu kynjaskepnur hafsins. Landakönnuðir og kortagerðamenn, sem vildu láta taka sig alvarlega, skráðu það eitt er þeir sjálfir sáu eða fengu staðfest eftir áreiðanlegustu heimildum. Af því að dæma ættu kynjaskepnurnar að hafa verið til á þeim tímum, þótt ekki hafi alltaf tekist fullkomlega að teikna þær af ítrustu nákvæmni, þ.e. hvað varðar lögun og lit. Stærðina höfðu menn þó jafnan á hreinu og voru ekkert að draga úr henni svo neinu næmi. Oftar en ekki brá skepnunum einungis fyrir stutta stund og yfirleitt við verstu aðstæður, s.s. í myrkri, brábrimi eða þegar einhver var í sjávarháska. Vitað er, ef tekið er mið af steingervinum sem fundist hafa, að til voru forsögulegar skepnur, bæði í sjó og á landi, er voru ægilegri og með annað svipmót en nú þekkist og miklu mun stærri, lengri og hærri. Margar frásagnir eru til af skrímslum hér á landi og enn eru að finnast kvikindi, sem ættu að vera útdauð fyrir löngu.

Hraun



Molda-Gnúpur Hrólfsen nam land í Grindavík árið 934. Lítið sem ekkert er vitað um sögu Grindavíkur næstu aldir. Hrauns er getið í rekaskrá Skálholtsstaðar árið 1270. Í Fitjaannál segir að árið 1602 hafi 24 piltar og 1 stúlka druknað þegar stórt farmskip Skálholtsstaðar fórst utan við Hraun. Þau voru grafin við kirkjuna á Hrauni. Annað skip frá Skálholtsstóli fórst með allri áhöfn 8. mars árið 1700, auk þriggja annarra frá Grindavík.

Tvær hjáleigur voru í landi Hrauns árið 1703. Önnur var við heimabæinn en bar ekkert sérstakt nafn og hin var hjáleigan Vatnagarðar. Þriðja hjáleigan nefndist Garðhús. Ekki kemur fram hvar hún var. Um gæti verið að ræða býli við túngarðinn í svonefndu Draugagerði við Tíðahliðið. Um miðja 19. öld var heimræði frá Hrauni aflagt vegna erfiðra lendingarskilyrða og var eftir það aðallega róið úr Þórkötlustaðanesi.

Jón Jónsson bjó á Hrauni eftir 1822. Hann reisti m.a. þrjú stór og reisuleg timburhús á jörðinni. Voru það fyrstu timburhúsin í hreppnum.

Selstaða frá Hrauni var fram til u.þ.b. 1900 inn undir Núpshlíðarhálsi. Minjar þar sjást enn.

Skammt austan við gamla bæjarhólinn, sem fjárhúsin eru nú, eru tóftir. Þar var áður sjóbúð ofan við Hraunsvörina. Ofan við hana var kirkjan.

Þegar kemur fram á 19. öld er Hraun orðið hið mesta myndarbyli. Þrjár hjáleigur eru þá á Hrauni, auk Vatnagarða; Hraunkot, Sunnuhvoll og Bakkar (Bakki).

Skammt ofar, milli Húsafells og Fiskidalsfjalls, var loftskýtastöð hersins um og eftir miðjan síðasta áratug. Við Hraun hefur löngum verið eitt stærsta krúvarp landsins.

Túngarður, brunnur og refagildra

Hlaðinn garður heimatúnanna sést enn. Honum hefur verið haldið við, enda fékk Jón bóndi „Dannebrogssorðuna“ fyrir hleðslu garða við Hraun. Í þá tíð vildi Danakóngur hvetja þegna sína, ekki síst á Íslandi, til uppbyggingar og framþróunar



Tíðahlið á Hrauni.

á ýmsum sviðum - stundum með góðum árangri. Grjót úr gördunum var fyrir miðja síðustu öld tekið og notað undir Grindavíkurbryggjur.

Gömul hlaðin refagildra er ofar í hrauninu og önnur nær bænum. Austar er Gamlibrunnur á Hraunssandi. Í hann sótti fólk úr Þórkötlustaðahverfi vatn í þurrkatíð.

Kapellulág

Í Kapellulág (ofan Hrólfsvíkur) er þúst. Við hana er merki: „Friðlýstar minjar“. Á 6. áratug 20. aldar gróf Kristján Eldjárn, þáverandi þjóðminjavörður, þar upp kapellu og fann í henni ýmsa gripi. Síðan var sandi mokað yfir minjarnar. Talið er að kapellann sé frá því á 14. öld.

Dys

Þegar „Tyrkir“ rændu hér á landi árið 1627 gerðu þeir landgöngu í Grindavík. Sagt er að þeir hafi komið upp á Járngerðarstöðum og söfnuðust menn saman og gengu móti þeim og varð bardagi í fiskigörðunum fyrir ofan varirnar.

„Þá bjó karl gamall á Ísólsskála. Hann átti stálpaðan son; rauða meri átti hann líka. Karlsson heyrði talað um að Tyrkir væru í Grindavík. Hann bað föður sinn

lofa sér að fara þangað til að sjá þá. Karl var tregur til þess, en sonurinn sótti fast eftir. Karl lét það þá eftir og setti hann á bak Rauðku og bað hann ríða hægt þangað til hann sæi Tyrkja og snúa þá aftur og flýta sér sem mest.

Hann fór nú og segir ekki af honum fyrr en hann sá Tyrkja þar sem þeir börðust við landsmenn. Þá stukku tveir strax og ætluðu að taka hann. Hann varð dauðhræddur, reið undan og barði á báða bóga, en Rauðka var ekki viljugri en svo að Tyrkjar voru alltaf í nánd við hana. Þó dróst svo austur á Hraunssand að þeir náðu henni ekki. Ofan til á miðjum sandi náðu báðir undir eins í taglið á henni, en hún sló aftur undan sér og setti sinn hóf fyrir brjóst hvorum Tyrkja svo þeir féllu niður dauðir, en Rauðka hljóp nú svo hart að karlssyni þótti nóg um og kom hann heill heim á Skála.“

„Tyrkirnir“ eru sagðir hafa verið settir í Dysina, sem er rétt við þjóðveginn.

Hellar

Við Efri-Hellu sunnan undir Húsafelli er hellir. Um hellinn er sagt að í hann ætluðu Grindvíkingar að flýja kæmu „Tyrkir“ aftur. Var talið að hellirinn myndi rúma alla Grindvíkinga. Opið, eða öllu heldur opin, eru vandfundin.



Festarfjall.




Gamli brunnur.



Ætluð dys.

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi*



Sjómannasamband Íslands

Farmanna- og
fiskimannasambandið



HAPPDRAETTI

– búum öldruðum
áhyggjulaust æviköld



Íslandsbanki

Hraun

Guðbjargarhellir er skammt ofan við Hraun. Í hann á samnefnd kona frá Hrauni að hafa flúið er hún vildi fá að vera í friði.

Festarfjall

Frá Hrauni blasir Festarfjall við í norð-norðaustri. Í miðju berginu er grá rák, berggangur upp í gegnum bergið, og nefnist Festin. Sagan segir að rák þessi sé silfurfesti sem tröllkona ein hafi einhvern tíma í fyrndinni hengt fram af berginu með þeim ummælum að þá er dóttir bóndans á Hrauni, sú sem bæri nafn hennar, gengi þar neðan undir þá skyldi festin detta niður og verða eign stúlkunnar. Því miður lét tröllkonan ekki nafnsins getið svo að ekki hefur verið auðvelt að láta heita eftir henni. Hangir festin því enn óhreyfð.

Hnyðlingar

Í Hrólfsvíkinni eru hnyðlingar; brot úr framandbergi. Brotin eru úr gígrás eða úr þaki kvikuþróar. Oft eru þau úr gröfkornóttu djúpbergi og skera sig því greinilega úr fin- eða dulkornóttum bergmassanum.

Gamlar götur

Frá Hrauni lágu fyrrum götur til vesturs yfir í Þórkötlustaðahverfi. Neðst, syðst, var Eyrarvegur (Randeðarstígur), ofar Hraunkotskata og Þórkötlustaðagata og efst Hraunsvegur. Leið lá einnig til austurs frá Hrauni um Siglubergsháls.

Fiskgarðar

Í Slokahrauni eru miklir fiskgarðar, svo nefndir Hraungarðar, og -byrgi frá þeim tíma þegar fiskur var þurrkaður. Talið er að þeir séu að hluta frá þeim tíma er Skálholtsstóll átti og gerði út frá Hrauni.

Kirkja

Bænahús eða kirkja var á Hrauni frá 1397 og fram yfir 1600. Þegar kirkjan var aflögð var hún flutt að Stað. Í lýsingu kirkjunnar að Stað segir m.a.: „Hún á tvær klukkur og þriðju sem kom frá Hrauni“.

Í Chorographica Islandica, sem rituð var um 1700, segir Árni Magnússon: „Á

Hrauni í Grindavík hefur verið kirkja. Sér enn nú til kirkjugarðs og stendur þar nú í staðinn skemma. Þessi kirkja er úr fallin fyrir 100 árum.“

Skömmu eftir aldamótin 1900 hafði vertíðarfiskur verið saltaður í sjóhúsi við Hraunsbæinn. Um vorið fór þakillinn að renna úr stúnni út á túnið. Á Hrauni, eins og allsstaðar, var hvert strá dýrmætt í þá daga, og til þess að saltvatnið brenndi ekki grasið var tekið á það ráð að grafa holu utan við húsvegginn. Átti að veita þaklinum í hana. Við fyrstu skóflustunguna komu upp mannabein. Var þá fljótt hætt við gröftinn. Sýnt þótti, að hér var grafreitur hinnar fornu kirkju, þar sem Skálholtssveinar höfðu verið grafnir eftir sjóslysið mikla á þorranum 1602.

Á Hrauni má sjá signingarfont frá kaþólskri tíð. Sigurður Gíslason á Hrauni fann gripinn er hann var að grafa við framangreinda skemma, nú fjárhús. Gætti Sigurður þess að halda honum til haga.



Hraungarðar, fiskigarðar.



Undiralda við Hraun.



Fontur úr gömlu kirkjunni á Hrauni



Kapellan í Kapellulág



Sauðagerði

Cap Fagnet

Aðfaranótt 24. mars 1931 strandaði franskur síðutogarinn Cap Fagnet á Hraunsfjöllum utan við Skarfatanga í slæmu veðri. Áhöfnin, 38 menn, gátu ekki yfirgefið skipið á björgunarbátum togarans. Slysavarnadeildin Þorbjörn í Grindavík, sem stofnuð hafði verið tæpum fimm mánuðum áður, brást skjótt við. Fluglínutæki voru flutt á strandstað. Í fyrsta skipti var skotið úr línubyssu til björgunar á Íslandi. Skipbrotsmenn voru dregnir á land í björgunarstól og gekk allt að óskum. Ekki mátti tæpara standa með björgun skipverja því örfáum mínútum eftir að sá síðasti var kominn í land valt skipið enn meira á skerinu. Síðar um daginn brotnaði það í spón.

Björgunin markaði tímamót og færði mönnum sannindi þess hversu öflugt björgunartæki línubyssan var og flýtti mjög fyrir útbreiðslu hennar. Alls eiga vel á þriðja þúsund íslenskir og erlendir sjómenn fluglínutækjum og björgunar-sveitum á Íslandi lífið að launa.

Þakkir

Uppdrátturinn er byggður á örnefnalýsingum fyrir Hraun. Sigurði Gíslasyni frá Hrauni eru færðar sérstakar þakkir fyrir ómetanlegan fróðleik og vísan á örnefni og einstakar minjar. Þá er öðrum heimildarmönnum, Herði Sigurðssyni, Gísla Sigurðssyni, Árna Jóni Konráðssyni og Lofti Jónssyni, færðar þakkir.

Staðarhverfi





Staður á þeim tíma er síra Oddur V. Gíslason var prestur þar.

Á kortinu sjást staðsetningar 28 bæja, hjáleiga og nýbýla, sem heimildir eru til um að hafi verið í Staðarhverfi, á mismunandi tímum. Öll býlin eru í eyði. Breytt samfélagsgerð og búskaparhættir höfðu þar mest áhrif.

Staður (9 og 10) var lögbýli og kirkjujörð. Kirkjan á Stað var innan kirkjugarðsins, en var flutt yfir í Járngerðarstaðahverfið 1908 og endurvígð þar ári síðar. Búið var á Stað fram til ársins 1964. Eldri hjáleigur voru Krókur (1), Beinrófa (8), Sjávarhús (12), Krukka (6), Móakot eldra (2) og Blómsturvellir eldri (11). Þær fóru í eyði á 18. öld, síðast Sjávarhús í Básendaflóðinu 1799. Búseta á öðrum bæjum í Staðarlandi lagðist af sem hér segir; Móakot (3) árið 1945, Stóra-Gerði (15) 1918 (hafði byggst 1789), Kvíadalur (13) 1919 (hafði byggst 1789), Bergskot (5) 1927, Litla-Gerði (14) 1914, Nýibær (4) 1910, Merki (17) 1943, Lönd (16) 1946 og Melstaður (18) 1950.

Húsatóftir (25 og 26) fóru í eyði 1946. Fimm tómthúsabýli voru byggð í landi Húsatófta á árunum 1906-1934. Búseta á þeim lagðist af sem hér segir: Dalbær (21 og 22) árið 1946, Vindheimar (20) 1919, Hamrar (24) 1930 og Reynistaður (19) 1938. Í Jarðabókinni 1703 er getið um hjáleigurnar Garðhús (27) og Kóngshús (28). Ekki er vitað með vissu hvar Garðhús var.

Löndunarbryggja var byggð í hverfinu 1933. Ofan við hana má sjá leifar af fiskverkunar-, lifrabræðslu- og salthús-um. Auk örnefnanna má sjá ýmis gömul mannvirki á kortinu.

Hverfin

Margt er á huldu um aldur og upphaf hverfanna þriggja í Grindavík, Þórkötustaðahverfi austast, Járngerðarstaðahverfi í miðrið og Staðarhverfi vestast. Sitthvað

bendir til þess, að rekja megi hverfaskiptinguna allt aftur undir landnámsöld.

Þegar þungamiðja byggðar í landinu færðist nær sjónum og mikilvægi sjávarútvegs og útflutnings sjávarafurða jókst er hugsanlegt að byggð í hverfunum hafi breyst nokkuð, jafnvel strax á 13. öld, einkum þó í Staðarhverfi. Munnmæli herma, að Staðarhverfi hafi eitt sinn verið stærst allra hverfa í Grindavík.

Staðarhverfi hafði nokkra sérstöðu að því leyti, að þar var kirkjustaðurinn og grafreitir sveitarinnar, og því munu flestir Grindvíkingar hafa átt tíðari erindi að Stað en öðrum bæjum í sveitinni. Þá hafði Grindavíkurhöndlun lengi aðsetur í Staðarhverfi, og varð það enn til að auka mönnum erindi þangað.

Árið 1703 var íbúafjöldinn í Staðarsókn 214 (þar af 72 í Staðarhverfi). Árið 1762 var fámennast orðið í Staðarhverfi og íbúar þess aðeins 44. Árið 1783 hafði heimilum í Staðarsókn fækkað um tæpan fjórðung, og má telja næsta öruggt, að sú fækkun hafi að öllu leyti orðið með þeim hætti, að byggð hafi lagst af á hjáleigum og þurrabúðum, einkum í Staðarhverfi.

Staður

Staður var önnur stóra jörðin í Staðarhverfi. Torfhús voru á Stað fram á 20. öld, en 1923 var byggt steinhús, sem var nýtt þangað til búi var brugðið (1964).

Prestsetrið Staður hafði takmarkaða landkosti og þurfti að sæta ágangi sjávar og sandfoks, en var samt ein hæst metna jörðin í sókninni. Heimræði var árið um kring, skammt að róa og mikinn afla að fá, þegar fiskur gekk á miðin og gæftir voru góðar. Rekanum var skipt niður milli staðar og kirkju. Selstöðu fyrir búfénað hafði Staður á Selsvöllum undir Núpshlíðarhálsi.

Fyrr á öldum var fjörugrasa- og

sölvatekja næg, enda mikilvæg í fæðuöflun Staðhverfinga. Hrognkelsaveiði var allmikil alla tíð meðan hér var byggð. Beita, bæði sandmaðkur og skel, var drjúg. Sauðfénaður kunni vel að meta fjörubeytinu. Á veturna var fjaran eina bjargræði hrossanna. Maríukjarni var skorinn fyrir kýrnar á ystu skerjum, látinn rigna, þurrkaður og geymdur í töðunni til vetrarins. Þá var eldsneytið, þang, sótt í fjöruna því hvorki var mór né skán í fjárhúsum fyrir að fara. Höfnin var kennd við prestsetrið Stað og ýmist nefnd Staðarvík, Staðarhöfn eða Staðarsund.

Geir Bachmann segir í lýsingu sinni árið 1840 að á Stað sé „mikið slétt og gróandi yfrið fögur tún; eru þau sandorpin afarmiklu sandfoki af öllum vindum frá útnorðri til landsuðurs, við hvað þau árlega skemmast og til þurrðar ganga. Af sjóar ágangi er túninu líka mikill skaði búinn af sunnaveðrum og brimi. Bera þau enn að sonnu menjar eftir mikla flóðið 1799.“ Árið 1925 gekk sjór langt upp á Staðartún, flæddi næstum upp að kirkjugarði, braut stórt skarð í malarkambinn og gróf sig þar niður í mold.

Gamli torfbærinn var við norðvesturhorn kirkjugarðsins austan við steyptar rústir, sem þar eru. Grunnur og tröppur steinhússins (byggt 1938) sjást enn (1999) rétt norðan við núverandi kirkjugarð (endurbýggður 2005).

Brunnurinn á Stað var hlaðinn árið 1914. Efsti hluti hans hefur verið endurhlaðinn (2006).

Kirkja

Heimildir eru um kirkju á Stað í Vilkinsmáldaga 1397. Þá ber henni að gjalda til Skálholts „6 hundruð skreiðar hvert ár og flytja til Hjalla [í Ölfusi]“.

Allt fram til ársins 1836 var torfkirkja á Stað. Þá var reist timburkirkja, en hún

Við óskum sjómönnum
og fjölskyldum þeirra til
hamingju með daginn!

JONSSON & LEHMANN • JULIA • SÍA



Staðarhverfi



Ibúðahús á Stað á ýmsum tíma.



stóð þó einungis í 22 ár. Sumarið 1858 var reist ný kirkja sömu gerðar, alþiljuð og traustleg, uns hún var flutt yfir í Járngerðarstaðahverfi, 1908 og endurreist þar, 1909. Trúlega hefur Staðarkirkja ávallt verið á þeim stað, sem síðasta kirkjan stóð, inni í kirkjugarðinum.

Í kirkjugarðinum er klukkuturn og í honum bjalla. Á hana er lettrað; SS. Anlaby 1898 Hull. Það er skipsklukkan úr Anlaby, togara frá Hull, sem fórst með allri áhöfn, 11 manns, við Jónsbásakletta aðfaranótt 14. janúar 1902.

Þekktir prestar á Stað voru t.d. séra Oddur V. Gíslason, brautryðjandi í slysavarnarmálum sjómanna, séra Geir Bachmann og séra Gísli Brynjólfsson.

Húsatóftir

Húsatóftir (-tóptir/-tóttir) er hin stóra jörðin í Staðarhverfi. Árið 1703 voru Húsatóftir konungsjörð og lá til Viðeyjarklausturs skv. Jarðabókinni. „Selstöðu hefur jörðin lángrannlega haft þar sem heitir á Selsvöllum“.

Árið 1840 lýsti Geir Bachmann Húsatóftum: „Mörgum þykir fallegt á bæ þessum því þar eru stór tún, slétt og fógur, þegar í blóma standa, eru þau og allvel ræktuð.“ Á túnkorti frá 1918 eru sýndar tvær húsapýrpingar, en tvíbýli var á Húsatóftum. Tóftir gömlu bæjanna eru þar sem nýrra íbúðarhúsið stendur nú, uppi á brekkunni ofan vegarins.

„Frá þeim tíma [þ.e. verslunarinnar] er gólfíð þar í bæjardyrnum steinlagt með tígulsteinum. Er líklegt að Kaupmannshúsin hafi verið rífin þegar verzlunin lagðist niður, en svo aftur byggður bóndabær í „tóptum“ þeirra, og fengið þar af nafnið, sem hann hefur nú“, segir Brynjólfur Jónsson í grein frá árinu 1903.

Hús voru byggð 1777 með „binding úr torfi og grjóti að utan en göflum úr timbri“. Einnig var þar íbúðarhús beykisins, byggt 1779, „með veggjum úr torfi og grjóti, en þaki úr timbri“. Eldra íbúð-

arhúsið sem nú stendur að Húsatóftum, byggt 1930, stendur neðar og vestar en tóftirnar. Þar er golfskáli Grindvíkinga.

Við gömlu sjávargötuna frá Húsatóftum, er lítill klettur (gróinn höll), sem heitir Pústi. Þar hvíldu menn sig gjarnan, er sjófang var borið heim. Ofar eru gróningar, sem heita Háavíti og Lágavíti. Í þeim eru leifar grjóthlaðna hleðslugarðar. „Þá notuðu m.a. Skálholtsmenn til að herða fisk sinn“, segir Þorvaldur Thoroddsen í Ferðabók sinni.

Vörður og leiðir

Hvirflavörður eru á Hvirflum. Syðsta sundvarðan er á sjávarbrúnni rétt vestan við bryggjuna. Hin er um 150 m ofar. Vörðurnar eru leiðarmerki á Staðarsundi og landamerki milli bæjanna.

Nónvörður eru eyktarmark frá Húsatóftum. Vörðurnar standa á hárri ógróinni hraunbungu norðan við þjóðveginn. Fremsta varðan sést greinilega frá veginum. Sagan segir að „þegar Tyrkir komu til Grindavíkur 1627, lentu þeir skipi sínu við Ræningjasker í landi Staðar. Gekk þá Staðarprestur upp á efstu brún Hæðanna, hlóð þar þrjár vörður og mælti svo fyrir um, að Grindavík skyldi ekki verða rænd, á meðan í þeim staði steinn yfir steini“. Hefur það orðið að áhrinisordum.

Árnastigur er austan við túnið á Húsatóftum, vel rudd braut um apalhraun. Gamli vegurinn milli Staðarhervfis og Keflavíkur lá um Árnastíg. Syðsti hluti stígsins var bæði kallaður Staðar- og Tóftarvegur. Norðan Stapafells, kom gatan inn á svonefndan Járngerðarstaðaveg [Skipsstíg] á landamerkjum Njarð- og Grindvíkinga. Leiðin er um 16 km löng.

Prestastigur er gömul þjóðleið milli Húsatófta og Hafna.

Verslun

Aðalaðsetur Grindavíkurverslunarinnar fyrr á öldum var á Húsatóftum. Jörðin

virðst hafa komist að fullu í eigu Viðeyjarklausturs á 15. öld, og eftir siðaskiptin sló konungur eign sinni á hana eins og aðrar eigur íslensku klaustranna. Verslun hófst á ný í Grindavík árið 1664, en hafði fram til 1639 verið í Járngerðarstaðalandi. Grindavíkurverslunin hafði bækistöð sína hér fram til 1742. Hér var „sumarhöfn konungsskipsins“ segir Skúli Magnússon í lýsingu sinni um Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þegar sigling lagðist niður fluttu Grindvíkingar vörur sínar til Básendahafnar og úttekt sína frá henni sjóleiðis eða á hestum. Síðan versluðu Grindvíkingar í Keflavík áður en þeir fóru sjálfir að höndla á nýjan leik.

Lengi voru glögg ummerki eftir siglingu kaupskipsanna í Arfadalsvík, þ.e. festarhringir á Bindiskerjum. Höndlunarhúsin stóðu niður við sjó nálægt Hvirflum, en kaupmenn bjuggu heima á Húsatóftum. Barlest, Kóngshella og Búðasundur eru örnefni er benda til verslunarinnar. Verslunarhúsið, sem reist var á Búðarsandi árið 1731, stóð allt framundir eða framyfir lok einokunar. Síðustu verslunarhúsin voru rífin 1806.


Við gerð uppráttarinnar var m.a. stuðst við „Örnefni í Staðarhverfi“, sem séra Gísli Brynjólfsson skráði, Jarðabók ÁM 1703, örnefni skv. upplýsingum Guðsteins Einarssonar, hreppsstjóra, sóknarlýsingu Geirs Backmanns frá 1840, bókina „Mannfólk mikilla sæva - Staðhverfingabók“, lýsingar Gamaliels Jónssonar bónda á Stað, Árna Vilmundasonar og Þorsteins Bjarnasonar, Sögu Grindavíkur o.fl., auk örnefnalýsingar Lofts Jónssonar frá 1976.

Hafa ber huga að heiti túnbletta og einstakra örnefna gætu hafa tekið breytingum frá einum tíma til annars.

Sérstakar þakkir eru færðar þeim Lofti Jónssyni, Helga Gamalielssyni, Ólafi Gamalielssyni, Guðrúnu Gamalielsdóttur, Kristni Þórhallssyni og Kristínu Sæmundsdóttur fyrir aðstoðina við gerð uppráttarinnar.

Þórkötlustaðahverfi





UPPDRÁTTURINN ER BYGGÐUR Á ÖRNEFNALÝSINGU FRÁ 1976 - ÓSÁ 2007

Þórkötlustaðahverfi

Þú stendur við réttina í Þórkötlustaðahverfi. Réttin var hlaðin um aldamótin 1900. Hún hefur síðan verið endurbætt. Fyrrum var fé Grindvíkinga vel á fjórða þúsund á vetrarfóðrum. Áður var lög-réttin í Krýsuvík, suðvestur undan Arnarfelli. Hætt var að nota hana um 1950. Rétt suðaustan við Bæjarfellið í Krýsuvík var vorrétt. Áður en Þórkötlustaðaréttin kom til réttuðu bændur þar sem nú er grjótgarður vestast innan girðingar Efralands. Þar var Gamla-réttin.

Hér á eftir er að finna nánari upplýsingar um hús, örnefni og örlítið um þróun byggðar á svæðinu. Uppdrátturinn byggir á örnefnalýsingu Lofts Jónssonar, Garðbæ, frá árinu 1976 sem og frásögnum hans, Ingeyjar Arnkelsdóttur, Buðlungu, Margrétar Sigurðardóttur, Hofi, Ólafs Guðbjartssonar, Bjarmalandi, Sigurðar Gíslasonar, Hrauni, og fleiri er þekkja til staðháttanna. Heimildir eru m.a. fengnar úr Sögu Grindavíkur, Jarðabók Á.M. 1703, Fornleifaskráningu í Grindavík, Þjóðsögum J.Á. og Landnámu. Hafa ber í huga að heiti túnbletta og einstakra húsa hafa tekið breytingum frá einum tíma til annars.

Þórkötlustaðahverfið

Í Grindavík hafa verið hverfabbyggðir frá ómunatíð. Hverfin voru þrjú; Staðarhverfið er vestast og Járngerðarstaðahverfi í miðið. Það austasta er hér, Þórkötlustaðahverfið. Í byrjun 19. aldar var heildarfjöldi íbúanna í öllum hverfunum 185 talsins.

Þjóðsagan segir að Þórkatla hafi búið á Þórkötlustöðum í Grindavík, en Járngerður á Járngerðarstöðum. „Báðar voru þær giftar. Einu sinni sem oft var karlarnir þeirra báðir á sjó. Nú gjörði mikið brim og héldu báðir til lands. Þórkötlur karl fékk gott lag á Þórkötlustaðasundi og komst af. Þá varð Þórkatla fegin og mælti hún svo fyrir að á því sundi rétt förnur skyldi aldrei skip farast ef formann þess brysti hvorki hug né dug, og menn vita ekki til að þar hafi farist skip á réttu sundi.

Það er að segja frá Járngerðar karli að hann drukknaði á Járngerðarstaðasundi. Þá varð Járngerður afar grimm og mælti



Buðlunguvör.



Þórkötlustaðagata.

svo um að þar skyldu síðan farast tuttugu skip á réttu sundi“. Segja fróðir menn að það hafi gengið eftir. Leiði kvennanna má sjá í hvoru hverfi. Þórkötluleiði mun vera á túninu austan Þórkötlustaðavegar nr. 11 sem og dysjar hunds og smala.



Heródes, rúna- og álagasteinninn.

Í Landnámu (Sturlubók) er þess getið að Molda-Gnúpur Hrólfsson hafi numið Grindavík, líklega um 934. Lítið er vitað um byggð í Grindavík fyrstu 300 árin. Líklegt má telja að byggðin hafi horfið um tíma. Um 1150 var mikið gos austan (Ögmundarhraun) við Grindavík og aftur um 1188. Um svipað leyti byrjaði að gjósa að vestanverðu. Um 1211 færðist goshrin-an nær (Eldvörpin) og enn 1226 þegar Illahraun og Arnarseturshraun ógnuðu byggðinni. Þórkötlustaða er fyrst getið í heimildum í rekaskrá Skálholtsstaðar frá 1270. Staðsetningin freistaði stólsins einkum vegna nálægðar við góð fiskimið. Þar var ein mesta útgerð stólsins þegar á 14. öld og í raun undirstaða útflutnings-verslunar hans fram eftir öldum. Minjar fiskverkunar má sjá á nokkrum stöðum við Grindavík, s.s. í Slokahrauni austan Þórkötlustaðahverfis og í Strýthólakrauni úti á Þórkötlustaðanesi.

Landamerki Þórkötlustaða og Hrauns liggja um Slokahraun. Þar eru leifar margra fiskigarða (Hraungarðar). Garðarnir liggja þvers og kruss um hraunið án



Þess að mynda ákveðið mynstur. Hleðslu-hæðin er milli 0,5-1,0 m.

Í heimildum er getið um „gömlu Hraunsvör“. Á hún að hafa horfið er bænhús á Hrauni var lagt af skömmu eftir 1600. Kirkja mun hafa verið þar jafnvel frá því um 1200. Á 19. öld reru Hraunsmenn frá Nesi, en um 1840 hóf Jón Jónsson hreppsstjóri að láta gera vör sunnan undan túninu við bæinn.

Enn má sjá hluta af gömlum hlöðnum túngörðum á Hrauni, en fyrir þá fékk Jón m.a. Dannebrogsorðuna.



Gamla Þórkötlustaðaréttin.

Norðan vegarins ofan við Hraun er hóll og á honum hleðsla; Hraundysin. Þar segja kunnugir að hafi verið dysjaðir „Tyrkir“ er drápu eftir að þeir gengu á land ásamt félögum sínum utan við Hraun 1627. Segir sagan að strákur frá Ísólfskála hafi reynt að komast undan þeim á rauðri meri, þeir náð í taglið á henni en sú rauða þá sett hófana í þá með þeim afleiðingum að báðir drápu.

Árið 1703 voru Þórkötlustaðir enn eign Skálholtsstaðar. Bærinn hafði selstöðu í landi Krýsuvíkur, á Vigdísarvöllum. Hjáleigur voru; Eyvindarhús, Ormshús, England (Einland), Klöpp, Buðlunga og tómthúsið Borgarkot. Ekki er vitað hvar Ormshús eða Borgarkot voru. Áður var hjáleigan kölluð Lundun. Árið 1847 hafði hjáleigan Lambhúskot bæst við, en 1787 voru Þórkötlustaðir komnir í þrjá hluta, austurpart, vesturpart og miðpart. Þríbýli var á Þórkötlustöðum lengst af á 19. öldinni. Heimræði var árið um kring. Sjávar-göturnar þrjár, Traðirnar, liggja niður að sjó milli bæjanna. Lending var dágóð á Þórkötlustaðasundi og margvisleg hlunnindi voru í Nesinu, m.a. selalátur. Sjórinn gekk á túnin og braut land að framan. Árið 1840 náðu þau rétt upp fyrir Þórkötlustaðavegin, sem nú er. Þórkötludysin var þá utan garðs. Flestar túnbætturnar ofar í hverfinu eru tiltölulega nýlegar.

Nú eru Þórkötlustaðabæirnir tveir, Miðbær og Vestari-Vesturbær. Áður voru þarna einnig Vesturbær, sem stóð á milli Miðbæjar og Vestri-Vesturbæjar, og síðan Austurbær og Eystri-Austurbær, sem báðir stóðu austan við Miðbæinn.

Þórkötlustaðbrunnurinn sést á túna-korti frá 1918, norðan Miðbæjar. Hann var fallega hlaðinn, en síðan fylltur mól. Brunnurinn er nú undir veginum.

Álagasteinninn Heródes er innan garðs Vesturbæjar. Sagnir eru um að steinninn megi hvorki færa né raska á nokkurn hátt. Fornar rúnir eða tákn er markað á hlið steinsins.

Í rannsókn sinni í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902 segir Brynjúlfur Jónsson að á Þórkötlustöðum átti að



Leiði Þórkötl

byggja heyllöðu í bæjarhúsaröðinni. Þar komu menn niður á merkilegar byggingarleifar. Eldfjallaaska ofan á gólfskálinni benti til þess að bærinn hafi lagst í eyði um hríð og tóftirnar staðið opnar fyrir öskufalli. Samkvæmt hugmynd Brynjúlfs virðist þarna hafa verið um fornaldaskála að ræða. Nú er hlaðan horfin.

Tóftir bæja og gamlir kálgarðar eru allt um kring. Tóftir elstu Klappar og gömlu Klappar eru t.a.m. enn greinilegar. Hleðslur úr torfi og grjóti sýna torfbæ eins og hann var allt fram á 20. öld. Tóftir Hraunkots eru austast í túninu, við túngarðinn. Mikið flóð 1925 tók af nokkur hús á svæðinu austast í Þórkötlustaðahverfi og voru bæirnir í framhaldi af því færðir ofar.

Randeidarstígur (Eyrargata) var gata milli Hrauns og Þórkötlustaða með ströndinni. Ofar í Slokahrauni sést enn móta fyrir Hraunkotsstötu og Þórkötlustaðstötu. Hraunkot byggðist frá Hrauni og reri ábúandinn þaðan.

Við Skarfatanga hafa orðið tvö skipsströnd svo sögur fara af. Hinn 9. maí 1926 strandaði kúttur Hákon frá Reykjavík norðan undir tanganum. Skipverjar björguðust. Franski togarinn Cap Fagnet strandaði þar aðfararnótt 24. mars 1931. Þá varð einnig mannbjörg, en strandið varð frægt í sögu björgunarsveitarinnar í Grindavík, vegna þess að þá voru í fyrsta skipti notuð fluglinutæki hér á landi. Þrjátíu og átta mönnum var bjargað í land.

Ofan hverfisins má sjá mikla steingarða til austurs. Þá hlóð að miklu leyti Þorsteinn Þorsteinsson frá Einlandi um 1930. Þeir hafa haldist nokkuð vel og verið haldið við.

Aðrir áhugaverðir minjastaðir eru og við hverfið, s.s. „Tyrkjahellir“ utan í Vatnsheiði, hlaðnar refagildrur ofan við Hraun, hlaðnir brunnar og kapella frá miðöldum á Hraunssandi.



Fiskigarðar í Slokahrauni milli Þórkötlustaða og Hrauns.

[illegible]



Athafnasvæðið ofan við lendinguna í Þórkötlustaðanesi.

Örnefni á Þórkötlustaðanesi eru mörg og mannvistarleifar víða. Nesið varð til þegar hraun rann til sjávar undan Hagafelli. Heimildir segja að hraun þetta sé að einhverju leyti runnið eftir landnámsöld (sbr. Árb. Fornl.fél. 1903, 47), en aldursgreining á því hefur gefið til kynna að það hafi runnið fyrir um 8000 árum. Meginhraunstraumurinn var um Gjána, langa hrauntröð eftir miðju Nesinu. Upphaflega hefur það verið mun stærra því sjórinn hefur brotið smám saman utan af því í árþúsundirnar. Vestasti hluti Nessins nefnist Hópsnes.

Eitt helsta auðkennið á svæðinu er Nesvitinn, sem reistur var árið 1928. Svæðið geymir fjölmargt annað, sem bæði má lesa um hér og sjá á meðfylgjandi uppdrætti.

Bryggjan úti í Járngerðarstaðahverfi var byggð á árunum 1931-1932. Hún var steipt með veggjum og þekju, grjótfyllt og hallaði í sjó fram. Náði endi hennar u.þ.b. einn metra út fyrir stórstraumsfjöruborð. Þrátt fyrir mikinn fögnuð Grindvíkinga með bryggjuna þótti hún of stutt. Árið 1933 var bryggjan lengd. Sama ár voru gerðar samskonar bryggjur í Þórkötlustaðahverfi og Staðahverfi.

Sjósókn og útgerð

Minjarnar, sem eru ofan við Nesvörina (bryggjuna), eiga sér merka sögu mann-

lífs, atvinnuhátta; útgerðar og búskapar. Um er að ræða gamla þurrkgarða, þurrkbyrgi, fjárskjól, gerði og gamlar tóftir, auk fiskhúsa, ískofa, lifrabræðslu, saltþróa, vara, bryggju, grunna og veggi íbúðarhúsa, gólf beitningaskúra og innsiglingamerki frá fyrri hluta síðustu aldar.

Á Þórkötlustaðanesinu voru þrjú íbúðarhús, sem enn má sjá leifar af; Arnarhvoll, nyrst. Höfn og Þórshamar, syðst. Húsin voru byggð í kringum 1930. Vöxtur útgerðar í Nesinu byrjaði á árunum 1927-28. Byggð voru fiskhús ofan við vörina. Að staðaldri voru gerðir út 12-14 bátar þegar mest var. Þeir voru m.a. frá Hrauni, Þórkötlustöðum, Klöpp, Buðlungu, Einlandi og öðrum Þórkötlustaðahverfisbæjum.

Aðalútgerðin stóð yfir frá miðjum febrúar og mars og síðan var vorvertíðin í maí. Sumir réru líka svo til allt árið, s.s. frá Hrauni, og þá á færi. Á sumrin var venjulega róið á minni bátum.

Útgerðarmennirnir uppi í hverfi og á Hrauni komu gangandi suður í Nes snemma á morgnana þegar gaf á sjó og fóru síðan fótgangandi heim aftur á kvöldin. Fólk kom víðar að á vertíð, jafnvel frá Vestjörðum. Vermennirnir bjuggu á viðkomandi bæjum. Í Höfn voru t.a.m. um 25 manns þegar mest var.

Áður lentu bátarnir í Nesvörinni og var

fiskurinn þá áður seilaður á Bótinni, aflinn síðan dreginn í land og honum síðan skipt á skiptivellinum ofan við vörina. Hver varð síðan að bera sinn afla upp að skúrunum, sem voru í röðum ofan malarkambins. Mörg handtökin voru við fiskinn eftir að honum hafði verið komið í land. Allur þorskur og ufsi var t.d. fluttur og saltaður. Einnig var eitthvað um að fiskur væri þurrkaður þegar vel veiddist. Miklir þurrkgarðar eru beint upp af bryggjunni, svonefndir Hraungarðar.

Þegar steinbryggjan var byggð, um 70 metra löng og 10 metra breið, til að mæta vélvæðingu bátanna, var fiskinum kastað upp á bryggjuna og af henni upp á bíla. Lifrabræðsla var byggð hér á árunum 1934-1935. Útveggirnir standa enn.

Þegar snjóaði á vetrum hlupu menn út og veltu snjóboltum og rúlluðu inn í ískofana. Snjórin var notaður í kæli-geymslurnar. Þær voru tvöfaldir hólfaðir kassar. Hólfin, sem voru ca. 20 cm breið, voru fyllt af snjó og salti stráð í. Með því var hægt að halda bjóðum og beitu frosinni. Bætt var á snjó og salti eftir því sem bráðnaði.

Áður en bryggjan var byggð voru bátanir dregnir á land upp á kambinn norðan hennar. Þegar stokkarnir við bryggjuna voru byggðir um 1938-1939, skömmu áður en bryggjan var lengd, voru



*Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn*



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

www.fss.is

Starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja sendir sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn.

Minnum á að innritun í skólann fyrir næstu önn lýkur 9. júní, fyrir nemendur fædda 1995

Þórkötlustaðanes

bátarnir dregnir upp á þeim og raðað á kambinn ofan við þá. Spilið, sem enn sést, var notað til að draga bátana. Það var drifið með Ford-vél, sem var knúin bensíni. Vélarhúsið við spilið er nú horfið. Grunnurinn sést enn. Járnkengir framan við spilið voru til að stýra uppsetningunni. Þá var blökk hengd í hvern kenginn á eftir öðrum og bátarnir dregnir upp eftir því sem þeir komu að landi.

Eftir að grafið hafði verið inn í Hópið í Járngerðarstaðahverfi árið 1939 og hafnargerð hófst þar innan við eftir 1944, voru flestir hættir að gera út frá Nesinu. Vegurinn náði fyrst að húsunum, en hestvagnsvegur var þá út að vita og síðan lengra til vesturs, að vörðunni Siggu.

Segja má að útgerðin hafi verið aflögð hér árið 1946. Íbúðarhúsið Höfn var flutt út í Járngerðarstaðahverfi árið eftir. Arnarhvoll var flutt þangað árið eftir. Það stendur nú að Arnarhrauni 2.

Norðan við Strýthólahraun má sjá tóftir og minjar í kringum Þórshamar, en útveggir hússins standa enn við Flæðitjörnina. Jóhann vitavörður bjó þar síðastur manna. Suðaustan við húsið er manngerður hóll. Hann virðist hafa verið fjárborg eða tóft, miklu eldri en minjar umhverfis. Sunnan við húsið er heillegt fjárgerði og fjárhústóft. Suðvestan við það eru minjar eina skrautblómagarðsins er þá var til í Grindavík. Eflaust hefur hann vakið mikið umtal og margar vangaveltur á þeim tíma er lífið snerist aðallega um þurrfisk og síðan saltfisk.

Fiskbyrgin og garðarnir fjölmörgu í Strýthólahrauni voru notaðir löngu fyrir tíð búsetu á Nesinu. Þar má enn sjá u.þ.b. 40 hlaðin þurrkbyrgi, líkum þeim er sjá má á Selatöngum og í Slokahrauni.

Mikil veggheðsla var ofan við uppsátrið. Hún var hirt upp á vörubíla, líkt og margar hleðslur og garðar í og við Grindavík þegar verið var að gera bryggjuna í Hópinu. Við sjóinn var hlaðinn djúpur brunnur, sem sjór var sóttur í fyrir fiskþvott. Nú er búið að hylja brunninn með mól.

Rekinn hefur löngum verið Þórkötlustaðabændum notadrjúgur. Örnefni á Nesinu gefa m.a. til kynna hvaða hluti strandarinnar tilheyrði hverjum þeirra.

Sjóslys og björgun

Hér fyrr á öldum gátu sjómennirnir, sem fóru í róður að morgni, aldrei verið vissir um að komast heilir og höldnu að landi að kveldi. Mörg dæmi eru fyrir því. Sem betur fer eru einnig mörg dæmi og merkar sagnir um mannbjörg eftir ófarir manna á hafi úti. Veður gat breyst snögglega og þótt ekki hafi verið róið langt gat róðurinn að landi bæði tekið



Ofan við lendinguna, sést í Höfn.



Sjómerki í Nesinu.

langan tíma og verið erfiður. Stundum urðu sjómenn að bregða á það ráð að leita annað en ætlað var. Þannig gátu sjómenn frá Járngerðarstöðum oft treyst á var í Þórkötlustaðabótinni þegar þannig skipaðist veður í lofti. Þann 24. mars 1916 fóru t.d. 24 arabátar í róður frá Grindavík að morgni. Óveður skall skyndilega á og komust bátsverjar fjögurra báta ekki að landi. Þeim var hins vegar öllum bjargað, 38 mönnum, af áhöfn kútters Esterar frá Reykjavík. Þegar komið var með skipverja að landi þremur dögum síðar urðu miklir fagnaðarfundir í plássinu. Sumir segja það hafi verið sá mesti gleðidagur, sem Grindvíkingar hafi upplifað.

Árið 1940 lenti Aldan frá Vestmannaeyjum upp á skerjum á Hellinum, en svo nefnist klettahleinn, sem gengur fram úr kámpinum, austan við Hópsvörina, og út í sjó. Mannbjörg varð, og báturinn náðist út aftur.

Vélbáturinn Grindvíkingur GK 39 fórst utan við Nesið 18. janúar 1952. Fimm menn fórust.

Sjá má enn járnbrak úr Hrafni Sveinbjarnarsyni, sem strandaði þarna utan við 1988. Mannbjörg varð, en þegar reyna átti að ná bátnum út aftur gerði vonskuveður með þeim afleiðingum að bátinn tók í tvennt.

Flutningaskipið Mariane Danielsen fór upp á Hópsnesið í vonsku veðri eftir að hafa verið siglt út úr Grindavíkurhöfn þann 20. janúar 1989. Átta mönnum úr áhöfninni var bjargað í land með aðstoð þyrilu, en yfirmennirnir neituðu að yfirgefa skipið. Þeir voru síðan dregnir í land með björgunarstól daginn eftir.

Eldhamar GK 13 lenti uppi í grynnningum þann 22. nóvember 1991. Sjórinn kastaði skipinu fram og til baka uns það steiptist með stefnið niður í djúpa gjá. Af sex skipverjum um borð komst einn lífs af. Þetta óhapp varð neðan við vitann á Nesinu. Þar heitir Látur. Þarna var selalátur þar sem urturnar kæptu. Fleiri selanöfn eru á þessum svæði, s.s. Hópslátur og Kotalátur.

Nokkrir bátar hafa strandað við Þórkötlustaðabótina, t.d. frönsk skúta um miðja 19. öld. Áhöfnin gat gengið í land og heim að Einlandi þar sem hún knúði dyra eftir að skipstjórinn hafði fallið í hlandforina framan við bæinn.

Austast í Bótinni varð enn eitt sjóslysið. Það var nóttina áður en Aldan rak upp í Nesið að vestanverðu að annan vélbát frá Vestmannaeyjum, Þurði formann, rak upp í skerinn. Ekki varð mannbjörg.

Gjafir VE 300 fórst fyrir utan Nesið 27. febrúar árið 1973. Tólf manna áhöfn var bjargað frá borði með aðstoð meðlima björgunarsveitarinnar Þorbjörns. Björgunarsveitin Þorbjörn var formlega stofnuð árið 1947. Saga sveitarinnar er samofin sjóbjörgunarsögu Grindavíkur, allt frá stofnun slysavarnardeildarinnar Þorbjörns árið 1930. Fáar björgunarsveitir á landinu hafa bjargað jafn mörgum sjómannslífum.

Framangreindur texti og uppdráttur er byggður á örnefnalýsingum, Sögu Grindavíkur, eftir Jón Þ. Þór, Árbók Sögufélags Suðurnesja 1996-1997, og frásögnum Péturs Guðjónssonar frá Höfn sem og Lofts Jónssonar og Tómasar Þorvaldssonar.



Bjarni.



Gauti.



„Nýjustu sjóararnir“ skapa gömlu sjóurunum meiri tíma við veiðarnar



Bjarni.



Í Borgarnesi.



Í Bröttubrekku.



Á Þingeyri.

Fiskflutningar með bílum hafa aukist á Íslandi jafnt og þétt undanfarin ár. Í Grindavík hafa útgerðarfyrirtækin séð sér hag í að landa allt í kringum landið eftir árstíma svo bátarnir, sérstaklega línubátarnir, þurfa ekki að sigla til heimahafnar svo klukkutímum skiptir til löndunar og síðan aftur á miðin eftir löndun. Þannig nýttist mikill tími við veiðarnar og sparnaður þessa fyrirkomulags legði sig á háar upphæðir ef ætti að meta hann til fjár sem auðvitað er gerður í tölvum fjármálastjóranna og forstjóranna.

Til að mæta þessum þörfum koma flutningabílar til sögunnar og því eru bílstjórar þeirra orðnir hinu nýju sjóarar samtímans, eða hvað?

Í Grindavík hafa feðgarnir Jón og Margeir Jónsson komið upp öflugum flota Volvoflutningabíla enda hefur Margeir ofurást á Volvo frá fyrstu tíð, en þeir hafa verið mjög öflugir um árabíl að keyra fiski utan af landi til Grindavíkur eða út á land til starfsstöðva Vísis hf. og Gjögurs hf.

Ritstjóri blaðsins fór í eina slíka ferð til Þingeyrar í lok mars en bílstjórnarnir í þeirri ferð voru Bjarni Bjarnason sem ekið hefur slíkum bílum í 15 ár og Gauti Þórðarson sem kemur frá Hólmavík þar sem hann ólst upp við snjómokstur á heidum uppi með pabba sínum. Ferðinni var heitið til starfsstöðvar Vísis hf. á Þingeyri með 60 tonn af þorski úr línubátunum Kristínu GK og Fjölni SU en á

Þingeyri er fiskurinn flakaður, léttsaltaður og lausfrystur. Í baka leiðinni fluttu bílarnir tóm kör fyrir næstu veiðiferðir og frystar afurðir til útskipunar í Sundahöfn daginn eftir. Ferðin vestur gekk vel þrátt fyrir smá stríðni í tölvubúnaði í bíl Bjarna. Á Þingeyri tók Sigríður, verkstjóri, við flutningsnótum og kvittaði fyrir móttöku en Bjarni og Gauti sáu um að losa og lesta bílana enda ekki til setunnar boðið því á miðjum morgni datt á blindhríð og því lá á að komast af stað suður.

Skemmtileg ferð með þeim félögum og tala myndirnar sínu máli og auðvitað mættum við Þórði, föður Gauta, þar sem hann var að hreinsa snjó á Arnkötuldalsheiði.



Í Bröttubrekku.



Lagt af stað úr Borgarnesi.



Kvöldmatur í Hólmavík.

Nýja brúin yfir Mjóafjörð er góð samgöngubót.



Sigríður verkstjóri tekur við pappírnum.



Veturinn skall á skyndilega.



Lagt á Gemlufallsheiði.



Ekið um Djúpið.



Á slóðum Kaldalóns, Arngerðareyri.



Við Súðavík.



Sæll pabbi!



Ekið niður af Steingrímsfjarðarheiði.



Góð þátttaka í Saltfiskuppskriftarkeppninni



Frá afhendingu verðlauna í vetur, talið frá vinstri: Sigurvin Gunnarsson, matreiðslu-meistari og formaður dómnefndar, Ólöf Jakobsdóttir, Fanný Erlingsdóttir og Sigrún Franklín Jónsdóttir, verkefnisstjóri.

Saltfisksetur Íslands og félagið Matur-saga-menning stóðu á dögunum fyrir uppskriftarkeppni um bestu saltfiskrétti-ina 2011. Fjöl margar uppskriftir voru sendar inn og var niðurstaða dómnefndar eftirfarandi:

1. sæti var Grillaður saltfiskur

með sætum kartöflum og jógúrtdressingu, höfundur réttarins er Ólöf Jakobsdóttir úr Reykjavík.

2. sæti var Baccalosalat,

höfundur Sigrún Magnúsdóttir, Akureyri.

3. sæti var Saltfiskur

með gljáðum lauk og kryddsmjöri, höfundur Fanný Erlingsdóttir, Grindavík.

Grillaður saltfiskur

með sætkartöflum og jógúrtdressingu eftir Ólöf Jakobsdóttir

Hráefni:

800 gr. saltfiskur

Sætkartöflur:

2 vænar sætkartöflur, olía, salt og grófur pipar

Jógúrt kóríander dressing:

1 dós hrein jógúrt
örlítið vatn til að þynna
1 tsk. hvítvínasedik,
handfylli af kóríander, lime

Aðferð:

Saltfiskurinn skorinn í væna bita og smurður með örlítið af olíu. Hann er svo grillaður eða steiktur á grillpönnu. Sætkartöflurnar afhýddar og skornar í skífur, ca. 1 cm. á þykkt. Þær settar á grillið eða grillpönnuna og kryddaðar með salti og pipar. Gott er að láta þær á efri hilluna á grillinu ef slíkt er til staðar og láta þær eldast hægt og rólega. Það er líka hægt að sjóða skifurnar örlítið til að flýta fyrir áður en þær eru grillaðar. Jógúrt, vatn, edik og kóríander sett í matvinnsluvél og látið vinna vel í smá tíma, limesafi settur út í eftir þörfum.

Salatið skorið, sett í skál og rauðlaukurinn og paprikan skorið út í. Fetaostur og hneturnar settar yfir. Gott er að kaupa fetaost í kryddolíu og nota örlítið af olíunni til að dressa salatið.

Framleiðsla:

Ef þessi réttur er eldaður á grilli á fallegum sumardeggi er rosalega gott að nota AB-mjólk með ávöxtum sem dressingu á salatið.

Baccalósaltfiskur

eftir Sigrúnu Magnúsdóttur

Baccalosalat:

400 gr soðinn saltfiskur í bitum
1 lambhagasalathöfuð rífið
1 dós nýrnabaunir skolaðar
1 askja kirsuberjatómatar skornir til helminga
½ agúrka skorin í bita
200 gr. ananas í bitum, ferskur eða úr dós
1 rauðlaukur skorinn í sneiðar

Salatsósa:

1 msk. Dijon sinnep
3 msk. ólífuoía
ananasafi ef var notaður var ananas úr dós
2 msk. rauðvínasedik
3 hvítlauksrif pressuð
1 msk. esdragon
salt og pipar eftir smekk

Aðferð:

Blandið öllu salatefninu saman. Hristið salatsósefnið einnig saman og hellið yfir. Berið fram með nýbökðu brauði.

Saltfiskur með gljáðum lauk og kryddsmjöri

eftir Fanný Erlingsdóttur

Hráefni:

800 gr. úrvals
saltfiskur, útvatnaður

4 msk. hveiti
1 dl. ólífuoía til
steikingar
2 msk. Dijon sinnep
Gróft salt (mér finnst
maldon salt best)
hvítur pipar

Meðlæti:

2-4 laukar (fer eftir stærð)
2 msk. smjör
8 stk. kartöflur (soðnar)
1 msk. smjörlíki
um ½ dl rjómi
2 msk. Dijon sinnep
2 tómatar,
kjarnhreinsaðir og
smátt saxaðir
gróft sjávarsalt og
hvítur pipar
1 msk. sykurl

Aðferð:

Skerið saltfiskinn í jafna bita og veltið upp úr hveiti. Látið alla ólífuoíuna í djúpa pönnu og hitið vel. Athugið að olían þarf að vera mjög heit.

Steikið saltfiskinn upp úr heitri olíunni á báðum hliðum, fáíð stökka og gullinbrún-an lit á fiskinn, hann settur inn í heitan ofn í nokkrar mín. Kryddið með pipar eftir smekk.

Afhýðið lauk og skerið í sneiðar. Bræðið smjör í potti og sjóðið laukinn í smjörinu í ca 20 mín. á vægum hita, hrærið í þar til hann er orðinn gullinbrúnn á litinn, saltið og piprið eftir smekk.

Sjóðið kartöflurnar og skrælið, smjörlíkið brætt í potti og kartöflurnar stappaðar út í, hrærið upp með rjómanum og bætið sinnepi, söxuðum tómötum, sykri, salti og pipar út í.

Fræhreinsið chili og skerið smátt ásamt skalottlauk, hvítlauk, basilíku og steinselju. Bræðið smjórið í potti og látið sjóða þar til það er farið að brúnast örlítið.

Takið pottinn þá strax af hitanum og kreistið safann úr sítrónunni út í. Bætið fintsorku chili, lauk, og kryddjurtum út í pottinn og saltið og piprið eftir smekk.

Framreiðsla:

Látið góðan skammt af maukuðum kartöflum á annan helming dags og væna skeið af gljáða lauknum á hinn helminginn. Leggið steikta saltfiskinn þar ofan á og heitt brúnað, kryddsmjörið umhverfis. Skreytið með basilíkulaufi eða steinselju.

Við...

... óskum Grindvíkingum
til hamingju
með sjómannadaginn

HVAÐ
GETUM
VIÐ
GERT FYRIR
ÞIG?



Starfsfólk Byrs óskar ykkur til hamingju með sjómannadaginn!
Komdu í heimsókn í útibú okkar að Hafnargötu 90 í Reykjaneshæ eða farðu
inn á **byr.is** til þess að kynna þér þá þjónustu sem við höfum að bjóða.

Hafðu samband og fáðu persónulega þjónustu.
Hvað getum við gert fyrir þig?

Sími 575 4000 | byr@byr.is | [www.](http://www.byr.is)

BYR
REYKJANESBÆR



*Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn*

Eihamar
Ecological seafood from Iceland

Verbraut 3a, 240 Grindavík | Sími: 426 7700

Brimlending við Grindavík

Sveinn T. Þórólfsson skráði

Mynd: Ólafur Rúnar Þorvarðarson.

Ég hefi verið með í mörgum brimlendingum við Grindavík. Að koma af sjó í Grindavík í vitlausu veðri og að reyna að taka land þar var ekkert grín. Innsiglingin í Grindavík var ein sú erfiðasta á Íslandi. Það varð að taka tvær krappar beygjur á Sundinu utan við rennuna á leiðinni inn á höfnina. Sagt var að Grindavík í brimi væri ófarandi fyrir aðra en þá, sem ólust upp í Grindavík. Það voru orð nær sönnu með fáum undantekningum og margir skipstjórar kviðu fyrir lendingu í Grindavík.

Bátarnir lentu oft í ýmsum hrakningum

á Sundinu, en samt fórust eiginlega fáir bátar, miðað við hinar erfiðu aðstæður í innsiglingunni. Margir bátar urðu fyrir áföllum og nokkrir bátar hafa endað sína ævidaga í fjör-unni í Grindavík.

Ég man vel eftir, þegar Fram GK, 65 tonna trébátur úr Hafnarfirði, strandaði í



mars 1959. Við stóðum á brimbrjótinum á hafnargarðinum eða á grjótgardinum niður af verksmiðjunni og horfðum á.

Fram lenti utan í Boðanum og missti stýrið. Það var haugasjór en ágætt veður, næstum logn og farið var að dimma. Klukkan var milli fimm og sex. Skipstjóranum tókst að halda bátinum á Víkinni með að bakka upp í báruna.

Við verðum að kalla út björgunarsveitina sagði Toddi, Tómas Þorvaldsson, og fór að tala við menn, Árni í Tungu fór upp í björgunarskúr að líta á línubyssuna. Brim var það mikið að Sigurður hafn-



arvörður hafði lokað innsiglingunni, en margir skipstjórar virtu ekki það bann. Sigurður hafnarstjóri sendi nú út algert innsiglingarbann með miklum hótunum, ekki síst þegar Fram átti nú í örðugleikum á Sundinu. Litlu seinna sáum við ljós á bát koma siglandi inn í innsiglinguna.

Hver í ósköpunum er nú þetta?

Báturinn tók brimsiglingu og nú stóðu allir með öndina í hálsinum. Myndi hann lenda á Fram, sem var mitt í innsiglingunni rétt utan við Boðann? Þegar báturinn kom inn úr briminu og nálgaðist Fram, var algjör þögn meðal áhorfenda. En svo seig báturinn framhjá Fram, á milli Fram og Boðans. Hvernig var það nú hægt í svona miklu brimi?

Hann hlaut að hafa tekið utan í Boðann? Svo kom mb. Ársæll Sigurðsson GK frá Hafnafirði siglandi inn á víkina og öllum létti, en Fram var áfram á Sundinu.

Nú var farið að þæla í hvað gera skyldi. Fram komst hvorki aftur á bak né áfram. Komu upp ýmsar tillögur, en svo var ákveðið að Arnfirðingur RE, 66 tonna stál bátur, skyldi reyna að sigla út og um leið og hann fór fram hjá Fram, átti að kasta taug yfir í Fram.

Nú var beðið um sjálfbóðaliða, helst ógifta og barnlausa. Báturinn var nú gerður klár fyrir brimsiglingu og dráttartaugar gerðar klárar og æft hvernig ganga skyldi fram. Mig minnir að Siggi Nonni hafi fengið verkefnið að kasta línunni.

Svo lagði Arnfirðingur frá og sigldi út á Víkina. Allir héldu niðri í sér andanum. Nú nálgaðist Arnfirðingur Fram og setti á ferð fram hjá Fram sömu megin og Ársæll kom inn. Við sáum Arnfirðing í særoki miklu berast út í brimgarðinn með fullum ljósum og flóðlýsingu frá kösturinum á stýrishúsinu. Við sáum hvernig brimaldan lyfti Arnfirðingi svo hann stóð næstum upp á endann. Svo strekktist á dráttartauginni og Arnfirðingur stoppaði alveg í brimgarðinum. En svo rann Arnfirðingur allt í einu á fullri ferð út og hvarf. Hvað hafði skeð?

„Hann slitnaði aftan úr,“ var hrópað

í talstöðina í Arnfirðingi. „Hann rekur, hann rekur.“ Pollinn, sem festur var í uppi á hvalbaknum á Fram hafði rifnað úr stálinu.

Þegar tók í taugina snerist Fram og lá nú flatur fyrir bárunni og tók strax að reka upp í fjöru. Hann lendir innarlega í Hópsnesinu, sögðu menn.

„Hvar er björgunarsveitin?“

„Hún er á leiðinni út í Nes,“ var svarað.

Fram rak nú næstum á einni báru langt upp á kamb í Nesinu og stóð þar með fullum ljósum. Það var eins og að sjá draugahöll þversum yfir Víkina.

„Þeir eru öruggir þarna, sagði einhver og öllum létti.

„Sjáið, sjáið!“ Björgunarsveitin er komin fram og við sáum greinilega fólk í fjörunni.

Fram var strandaður með ellefu menn, sem allir björguðust.

Það væri gaman að segja aðeins frá eigin reynslu af brimlendingu við Grindavík. Ég man sérstaklega vel eftir í byrjun janúar 1962, þegar ég skrapp í afleysingatúr með Kalla Sím á mb. Baldvini Þorvaldsyni EA á línu.

Kalli Sím var bróðir Einsa Sím. Baldvin var 65 tonna tré bátur, sem Hraðfrystihús Þórkötlustaða leigði frá Dalvík. Baldvin gekk mjög vel eða 11 mílur og var talinn einn hraðskreiðasti báturinn í Grindavík þá og passaði því vel fyrir línuveiðar.

Vertíðarkarlarnir voru ennþá ekki komnir eftir hátíðarnar og ég lét undan masinu í Kalla Sím að koma með í einn línutúr. Ég átti að fara til Laugarvatns næstu daga svo mér var eiginlega á móti skapi að fara þennan túr.

Við lögðum út um fimmleitið um morguninn í skaplegu veðri. Keyrt var um 1,5 tíma beint út af Grindavík og línán lögð. Tókum við þá eftir svörtum bakka í suðvestri og fórum að tala um að hann myndi rjúka upp með deginum. Svo sennilega væri best að liggja ekki of lengi yfir línunni.

Þegar við fórum að draga línuna fór að bæta í sjóinn og þegar við kláruðum að

draga línuna var kominn hauga sjór og erfitt að vinna á dekki. Við gerðum nú sjóklárt á venjulegan hátt og svo var lagt af stað í land, með báruna á eftir sér. Þegar komið var upp undir Víkina var slegið af og aðstæður athugaðar. Kalli fyrst síðar á þessum slóðum með bát sínum mb. Álftanesi, sem sökk óvænt.

Braut nú fyrir öllu landi og varla hægt að sjá að á Víkinni væri minni sjór. Nú var lónað um og brætt með sér hvað gera skyldi. Að sigla til Keflavíkur fyrir Reykjanes og um röstina, var litlið álitlegt, fyrir bara 5 tonn af fiski. Svo ákveður Kalli sig og stefnan tekin á brimgarðinn með stefnu á fjallið Þorbjörn. Þegar komið er að brimgarðinum er slegið af og beðið eftir lagi.

Okkur strákunum leist nú ekkert á þetta.

Ætla karlinn virkilega inn í þessu helvíti?

Ætla hann að drepa okkur?

Svo setti Kalli á fulla ferð og beint í brimgarðinn. Vel gekk inn að Boða. En þá fengum við á okkur brot. Brotið steypiti sér yfir bátinn aftanfrá og keyrði hann í kaf. Við heyrðum og sáum hvernig línubalarnir losnuðu og hentust um og út úr bátnum. Allt var á ringulreið. En báturinn kom upp aftur, en var nú næstum kominn upp í fjöru þar sem mb. Stefni strandaði um árið.

Enginn var frammi í á meðan á þessu stóð.

Hvernig er ástatt þar?

Kalli setti nú á fulla ferð aftur á bak og svo áfram og tókst að koma bátnum inn í rennuna áður en báturinn fór upp í fjöru. Ég man ekki að við tókum niðri en sumir héldu því fram.


Þegar við komum inn að bryggju kom í ljós að næstum helmingurinn af línubölunum var horfinn og í lestinni var allt í róti, því fiskurinn hafði slengst út um allt.

Jæja, svo var að landa þessum tittum og koma sér heim.

Þannig byrjaði sú vertíðin í Grindavík.



hedinn.is




Sjómenn

til hamingju með daginn

≡ HÉÐINN ≡

Óskum sjómönnum, útgerðarmönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.



WWW.SALTHUSID.IS



SALTHÚSIÐ RESTAURANT
STAMPHÓLSVEGI 2
240 GRINDAVÍK
SÍMI 426 9700

Viðhaldsfrír plastgluggar

íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar



gluggar - hurðir - sólstofur - svalalokanir - rennihurðir

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJA

- glerjað að innan með 28mm gleri
- barnalæsing
- næturöndun í læstri stöðu
- þýskt PVC smíðaefni
- útihurðir með 5 punkta læsingu

sími 510 9700
Seljabót 7 Grindavík - Fiskislóð 45 Reykjavík
www.pgv.is - pgv@pgv.is

Við yrðum kannski ...

Hafsteinn Sæmundsson skrifar í minningu Viðars Hjaltasonar

Það var haustið 1964 að Viðar Hjaltason, vélvirkjameistari, kom að máli við mig og vildi fá mig með sér til Noregs til að læra froskköfun. Hann taldi að nóg yrði að gera fyrir okkur við að aðstoða vertíðarflotann og að það vantaði mjög þessa þjónustu í Grindavík. Bátar væru að fá net og línu í skrúfunu, net væru að rifna á goggbrettum og ýmislegt annað sem kafarar gætu lagfært. Hann sagðist hafa séð auglýsingu í dagblaði frá norskum köfunarskóla þar sem boðið var upp á átta daga námskeið í froskköfun.

Mér leist strax vel á þetta, báturinn minn Gullfari GK 111 var í slipp í Njarðvík svo ég hafði tíma í þessa ferð. Ég sá fram á að geta kafað við skip úti á rúmsjó og fyrir það væri allvel borgað. Ég yrði kannske ...

Við höfðum svo samband við Jan Tommassen í Oslo Froskmansskole og hann bauð okkur velkomna. Við pöntuðum okkur flugfar og fórum með fyrstu ferð til Oslóborgar. Á flugvellinum tók kenn-



Hafsteinn Sæmundsson.

á að ná sokknum trjábolum undan hans landsvæði en það kom svo í ljós að hann þorði ekki undir sjávarborðið og hætti á fyrsta degi. Við vorum þá bara tveir eftir og fengum því topp kennslu virku dagana en nemum fjölgaði svo um helgar með helgarnámskeiðum. Kennslunni var þannig háttað að bókleg kennsla fór fram fyrir hádegi og verkleg eftir hádegi þ.e. köfun.

Eitt kvöldið þegar við höfðum skroppið í land, farið var að skyggja og vorum við á heimleið. Brá okkur heldur betur er við sáum skíðaskip koma á mikilli ferð og stefna beint á okkur, skellt var á fulla ferð

og beygt í stjórn þannig að við sluppum. Við vorum nefnilega ljóslausir og áttum ekki að vera svo seint á ferð.

Að átta dögum liðnum tókum við prófin en verkega prófið var m.a. fólgið í því að kafa niður á tuttugu og fimm metra dýpi og sækja vissan hlut. Í lokin kom blaðamaður frá Aftenposten og tók viðtal við okkur. Hann spurði um eitt og annað sem ég er nú að mestu búin að gleyma. Einni spurningu man ég þó vel eftir „Er arðvænlegt að stunda köfun við skip í höfnunum og á rúmsjó við Ísland? Já við ætlum að verða millar svaraði ég kokhraustur. Þá höfum við það, þetta kom svo í Aftenposten með mynd af okkur með kennaranum. Skömmu eftir að við komum heim birtist greinin í íslensku dagblaði. Þessu hafði ég ekki átt von á og þegar ég fór að mæta kunningjunum sem spurðu með hæðnisglott á vör „Hvernig hefur millinn það?“ dreif ég mig inn í Njarðvíkurslipp þar sem Gullfarinn var í viðgerð og lét ekki sjá mig í Grindavík í nokkra daga. Það gekk svo langt að Sigmund teiknaði skopmynd vegna ummælanna sem var birt í Mogganum.

Það var svo rétt sem Viðar sagði að það mundi verða nóg að gera fyrir okkur, sérstaklega á vetrarvertíðinni. Ég kafaði líka töluvert við báta út á rúmsjó og stundum fleiri en einn sama daginn. Það kom fyrir að við unnum báðir við sama skipið í höfn. Viðar hafði alltaf nóg að gera og kafaði fram undir það síðasta, en hann lést langt um aldur fram. Það voru forréttindi að eiga þá feðga Viðar og Hjalta fyrir vini. Þegar ég kom í smíðjuna til þeirra og



Viðar Hjaltason.

arinn okkar Njal Aga á móti okkur og reyndist hann sérlega góður og skemmtilegur kennari. Skólinn reyndist vera í yfirgefnum vitavardabústað á lítilli eyju í Oslófirði. Við fengum lítinn vélbát til umráða svo við gætum farið í land að lokinni kennslu, fengið okkur að borða og nestað okkur til næsta dags. Nemendurnir reyndust bara þrír, við Viðar og miðaldra bóndi. Hann sagði á renna meðfram jörð sinni og eftir henni væri fleytt miklu magni af trjábolum til sögunarstöðvanna niður við ströndina. Nokkuð af tjábolunum sökkva á leiðinni, hafði hann hug



Félagarnir færir í flestan sjó.


Sjómenn!
Til hamingju með daginn

Þróttur ehf.

**Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki
og fjölskyldum þeirra
bestu kveðjur
á sjómannadaginn**


PROMENS

sæplast plastker og bretti



Allt til netaveiða

ísnet



ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Ösyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

þurfti að fá eitthvað gert sögðu þeir æv-
inlega „gerðu þetta bara sjálfur, þú mátt
fara í vélarnar og tækin eins og þú vilt en
mundu að skrifa efnið“.

Blessuð sé minning þeirra feðga.

Ein rúmsjávarköfun

Við á Gullfaranum GK vorum að toga á
humarbleyðunni suður af Krísuvíkurbergi
þegar Ólafur Sigurðsson á Hrungni GK
(55 tonna) kallar á okkur. Hann hafði
fengið sildarnótina í skrúfunu og vildi fá
mig til að ná henni úr. Ég sagðist ekki geta
komið þar sem við værum að toga og var
rétt búinn að leggja tólið á þegar Símon
Þorsteinsson á Andvaranum VE kallar að
hann hafði siglt inn í nótna hjá Hugin
VE og að skrúfan væri full. Ég sagðist tala
við mannskapinn en báðir bátarnir voru
stutt frá okkur. Þá kallar Erling á Þórkötl-
unni, „Hafsteinn láttu ekki nokkurn mann
heyra að þú sért í vösum, þú færð miklu
meiri pening fyrir að aðstoða bátana en
að skarka á nokkrum humarhöllum“.

Ég byrjaði á Hrungni GK og gekk vel að
skera úr skrúfunni á honum. Andvarinn
VE var næstur en Huginn VE var búinn
að draga sig eins nálægt Andvaranum VE
og hann gat, bakkaði rólega til að halda
sig frá bátunum þannig að nótin var beint
aftur af skrúfu Andvara VE. Það var farið




Úrklippa úr norsku dagblaði. Félagarnir
ásamt kennara sínum.

að skyggja, ég batt vasaljós við vinstra
úlnliðinn, hafði stóra sveðju til verksins
en þegar ég kom að skrúfunni leist mér
ekki á blikuna, skrúfan var kjaftfull og
sást rétt í endann á einu skrúfublaði. Þetta
klára ég aldrei hugsaði ég þegar ég byrjaði
að skera, ég skar þar til bitið var búið og
ég uppgfeinn. Þeir á Hugin VE drösl-
uðu mér um borð í léttbátinn sem var til
reiðu, brýndu fyrir mig hnifinn og eftir
sæmilega hvíld kafaði ég aftur. Ég ætlaði
ekki að trúá mínum eigin augum þar
sem nótin var að mestu laus úr skrúfunni
aðeins nokkur hnífsbrögð og allt farið.
Það var nokkur undiralda og sennilega
hefur Huginn VE bakkað meira meðan á
hvíldinni stóð þannig að losnað hefur um
nótina og hún smokrast eins og hægt var
af skrúfublöðunum. Mér var svo dröslað
um borð í Gullfarann GK og við héldum
áfram að toga.

Hafsteinn Sæmundsson. Köfunarskólinn stóð á kletti út í sjó.



Vélasalan sér um sína



Til lands og sjávar í 70 ár



Klettagörðum 25
104 Reykjavík
Sími, 520 0000
velasalan@velasalan.is
www.velasalan.is



Eyjólfur Vilbergsson

Forfallinn fuglaljósmyndari

Eyjólfur Vilbergsson, fyrrum skipstjóri, var svo hjálplegur að opna upp ljósmyndsafnið og leyfa okkur að velja myndir fyrir ljósmyndagallerí blaðsins sem byrjaði sem fastur liður fyrir 4 árum og hefur vakið mikla athygli.

Eyjólfur fæddist í Grindavík árið 1948 og er næst yngstur í hópi sex systkina. Hann fór ungur að beita, 14 ára gamall, og ári seinna var hann kominn á sjóinn hjá Gauja Sigurgeirs á Guðjóni Einarssyni GK, næsta ár var hann á Þórkötlum GK og síðan lá leiðin í Stýrimannaskólann sem hann útskrifaðist frá með skipstjórnarréttindi 1969. Síðustu 19 árin hefur hann unnið í landi eftir gífuríka sjómennsku, fyrst hjá Íslandslaxi og síðustu 14 árin hjá Hitaveitu Suðurnesja.

Ljósmyndaáhuginn kviknaði upphaflega þegar systkini hans gáfu honum myndavél í fermingargjöf. Hann fór þó ekki að mynda af neinni alvöru fyrr en hann kom í land en þá helltist áhuginn aftur yfir hann. Þegar svo stafræna tæknin hélt innreið sína í fagið þá tvíefldist hann því hann var laus við framköllunarhausverkinn.

Í dag tekur hann allar myndir á Nikon D 700 myndavél og Nikon D 7000 með Nikkor zoom-linsu 24 X 70 mm., ljósop 2,8 á annarri vélinni og Sigma zoomlinsu 50 X 500 mm., ljósop 4,6-6,3 á hinni. Uppáhalds viðfangsefni Eyjólfs eru fuglamyndir en þar er hann forfallinn áhugamaður, enda hefur hann náð í gegnum tíðina mörgum myndum af fágætum fuglum sem má sá á síðunni hans á internetinu ásamt fleiri flokkum mynda: <http://www.flickr.com/photos/ejyovil>.



Auður Vésteins GK.

Segja má að næmni Eyjólfs fyrir fuglunum hafi spurst víða út og eru eldheitir fuglaáhugamenn stöðugt í sambandi við hann og jafnvel mættir til Grindavíkur innan hálf tíma til að mynda fágætan fugl sem hann rekst á og lætur þá vita af á netinu. Að sögn Eyjólfs átti slíkt atvik sér stað fyrir um ári síðan er hann sá glóbrýsting bak við hús í garðinum hjá sér við Heiðarhraunið. Innan skamms voru 6 áhugamenn mættir með myndavélarnar sínar að mynda út um eldhúsgluggann. Lætur nærri að á hálf tíma hafi þeir tekið um 2 þúsund myndir af fuglinum.



Gallerí sjó... Í ólgu sjó

Sighvatur GK.



Sæunn GK.



Páll Jónsson GK.



Einar á Hamri



Hjálmar á Oddgeir ÞH.



Örn, skipstjóri, á Þórkötlum GK.



Við Reykjanesvita.

Dansinn á himninum




Við Hraun.



Við Reykjanes.






Hitaveitan í listaskrúð.





HS orka.



Kvöldsólin við höfnina í Grindavík.



Járngerðarstaðir og Garðhús í lognstillunni.



Við Reykjanes.



Lendingin í Nesinu.



Grænsöngvari.



Matartími hjá kríunni.



Glóbrystingur.



Glókollur.



Auðnutitlingur.



Gráþröstur.



Bókfinka.



Himbrimi með vænan feng.



Hringönd.



Lóuþræll.



Sanderla.



Hákon EA 148
Vörður EA 748
Oddgeir EA 600

*Sendum sjómönnum,
fískvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum hamingju- og
heillaóskir á sjómannadaginn*

GJÖGUR hf.
Hafnargötu 18

EIGENDUR FARARTÆKJA Á HJÓLUM

- ✓ Átt þú fólksbíl, jeppa, sendibíl, vörubíl, hjól, tjaldvagn, lyftara, fellihýsi, hjólbörur, gröfu, golfbíl, dráttarvél, barnavagn, fjórhjól, hjólhýsi, rútu eða eitthvert annað farartæki með vanbúna hjólbarða?
- ✓ Ef svo er þá höfum við mikla reynsluna í meðferð hjólbarða þessara farartækja.
- ✓ Ótrúlegustu dekkjastærðir eru til á lagernum.



Hjólbarðaskiptingar - Hjólbarðasala - Hjólbarðaskiptingar

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI GRINDAVÍKUR

Víkurbraut 17 - Sími 426 8397

*Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki
og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn*



Hafnargötu 16
Fax 426 8176 - Sími 4205700

*Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn*



Fiskvinnsla

BakkaLág 15 b. • 240 Grindavík • Iceland
Tel: 420 8000 • Fax: 420 8001 • stakkavik@stakkavik.is

Uppskriftahornid



Sjávarréttasúpa,

frá Vilhjálmí Lárussyni, matsveini á Hrafní Sveinbjarnarsyni GK.

Sjávarréttasúpa eða kjúklingasúpa

500 grömm blandaður fiskur
2 lítrar gott fiskisoð, úr dós eða lagað úr beinum
2 dl. olía

2 stk. græn epli, skræld og skorin í teninga
2 stk. laukur, fín saxaður
2 stk. gulrætur skornar í teninga
1+1 stk. paprika rauð og græn skornar í teninga
1 lítil dós ananas/kurl
2 msk. mango chutney
1-2 msk. karrý
1-2 msk. kókósmjöl
2 msk. tómatur
½ flaska hvítvín
750 ml. rjómi í lokin
Best er að setja fiskinn og eplin síðast út í pottinn svo það sjóði ekki í mauk. Í staðinn fyrir fiskinn má nota kjúkling og þá þarf soðið að vera af kjúklingi.



Tveir góðir fiskréttir

frá Braga Guðmundssyni, matsveini á Verði EA

Skötuselsréttur

Í réttinn er best að nota meðalstóran skötusel, sem skorinn er í litla bita og settur í lög, sem gerður er úr ½ dl. Teriyaki sósu, ½ dl. soyasósu og ½ dl. hvítlauks-sósu. Fiskurinn látinn liggja í leginum yfir nótt.

Matreiðsla: 1 laukur skorinn í smátt, 1 rauð paprika og 6 sveppir skorið í bita, léttsteikt á pönnu og síðan sett í eldfast mót ásamt skötuselnum. Steikt í 25 mínútur við 160°C.

Borið fram með hrísgrjónum og fersku salati.

Grillaður sólkoli

4 flök sólkoli krydduð með ítölsku sjávarréttakryddi og smá hvítlaukssalti frá Pottagöldrum. Flökunum raðað á grillbakka.

Mexíkanskur ostur skorinn í þunnar sneiðar sem raðast yfir kolaflökin. Sæt kartafli skorin í bita og Teriyaki sósa yfir og grillað.

Borið fram með hrísgrjónum og fersku salati.

Slönguhjól og kefli

Fjaður inndraganleg - plast, stál eða ryðfrí umgjörð
Ýmsar slönguútfærslur fyrir vatn, loft og olíur



ReelWORKS

LANDVÉLAR

Smiðjuvegi 66 • 200 Kópavogi
Sími 580 5800 • www.landvelar.is

Menningarverðlaunin 2011 komu í hlut Bryggjubræðra

Menningarverðlaun Grindavíkurbæjar 2011 komu í hlut bræðranna Aðalgeirs og Kristins Jóhannssona, verta á kaffihúsinu Bryggjunni, sem hafa sett mikinn svip á menningarlíf bæjarins eftir að þeir opnuðu kaffihús á neðstu hæð netagerðarinnar Krosshús við höfnina sem þeir eiga jafnframt en báðir eru þeir netagerðameistarar.

Í umsögn um Menningarverðlaunin segir m.a.: Auglýst var eftir tilnefningum frá bæjarbúum og bærust nokkrar tilnefningar til menningar- og bókasafnsnefndar. Eftir að hafa farið vel yfir allar tilnefningar ákvað nefndin að menningarverðlaun Grindavíkur árið 2011 myndu falla í skaut þeirra Aðalgeirs og Kristins Jóhannssona sem reka kaffihúsið Bryggjuna.

Kaffihúsið Bryggjan var opnað 21. ágúst 2009 og í fyrirsögn fréttar á heimasíðu Grindavíkurbæjar þar sem sagt er frá opnuninni segir „Kaffihús með menningu og stórt hjarta.”

„Þegar inn er komið má einnig sjá gítara og segir Aðalgeir að ætlunin sé að skapa menningu á Bryggjunni. Þegar fram líða stundir er ráðgert að píanó verði líka á staðnum og hver sem hefur áhuga á því að spila á gítar eða setjast við flygilinn sé velkomið að taka lagið.” Þeir bræður hafa sýnt að það er ýmislegt hægt að gera og ef við vitnum nú í orð bæjarbúa sem sendi inn tilnefningu um þá bræður þá segir: „Þetta er alveg frábært sem þeir eru að gera; sameina þjónustu við sjávarútveg, veitingarekstur og menningarhlutverk. Í spjalli við þá kemur líka svo vel fram hversu einlægán áhuga þeir hafa á þessu og eru í þessu af mikilli hugsjón og ástríðu fyrir menningu, hvort sem það eru bókmenntir, leiklist og/eða tónlist.”

Nafnið Bryggjan lá beint við enda liggja bátarnir við kájan nokkrum metrum frá kaffistaðnum þar sem er margbrotið útsýni. Þegar róast fór í veiðarfæragerðinni færðu þeir bræður út kvíarnar en kaffihúsið er nokkurs konar auka búgrein. Aðalgeir og Kristinn hafa staðið fyrir ýmsum uppakomum frá því kaffihúsið opnaði í ágúst 2009 en þar hefur troðið upp margt af fremsta listafólki þjóðarinnar ásamt heimamönnum.



Aðalgeir og Kristinn Jóhannssynir við listann yfir aflakóna í Grindavík frá upphafi sem þeir hafa sett upp á Bryggjunni.



Strigaprent.is s: 849-8157 = 588-5885
Netfang: Strigaprent@Strigaprent.is

Glæsilegur Kostur Orkumikill En Ákveðinn

Kíktu á heimasíðuna og sjáðu Strigaprent.is
Falleg mynd á striga er góð vina gjaf

Strigaprent.is

Hafnargata 7b 240 Grindavík


Toyota Reykjanesbæ

Njarðarbraut 19 260 Reykjanesbæ

Sími: 420 6600 Fax: 421 1488

Þjónustuverkstæði sími: 420 6610

toyotaeykjanesbae.is



TOYOTA



Eineygður?

Er ekki allt í lagi með ljósin?

Frumherji hf, Grindavík - Tímarpantanir 570 9090 eða 426 8540 - www.frumherji.is

Bífreiðaskoðun
Frumherji

VG Bílaverkstæði

VG Smurstöð

VG Verslun

VG Vélsmiðja

VG Renniverkstæði

VG Nýsmíði

VG
VÉLSMIÐJA
GRINDAVÍKUR



Seljabót 3 - 240 Grindavík
Sími 426 8540 - Fax 426 7540



„Það er framtíð í fiski“

Væntanlegir vélaverðir
í verklegu námi.

Fisktækniskóli Suðurnesja í Grindavík

Fisktækniskólinn hefur frá stofnun verið eini skólinn á landinu sem býður upp á kennslu í netagerð, veiðitækni. Það var gert samkvæmt sérstöku samkomulagi við Fjölbrotarskóla Suðurnesja en Fisktækniskólinn yfirtók kennsluna frá árinu 2009.

Allt frá stofnun Fisktækniskólans hefur verið unnið að þróun námsframboðs á framhaldsskólastigi í veiðum, vinnslu og fiskeldi í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og framhaldsskóla um land allt. Skólinn hefur verið með tilraunakennslu frá vorinu 2010 í samstarfi við Vinnu-málastofnun. Sú kennsla hefur gengið vel og búa bæði nemendur og skóli vel að þeirri reynslu.

Næsta haust, 2011, hefst síðan formleg kennsla á þremur námsbrautum samkvæmt nýrri námskrá. Það eru tímamót í sögu skólans og í raun á landinu öllu þar sem ekki hefur verið boðið upp á sambærilegt nám í nærri áratug eða síðan Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði hætti starfsemi sinni. Þessi áfangi er stór í stuttri sögu skólans ekki síst í ljósi þess að farnar eru að mestu áður óþekktar leiðir í starfsmenntun með öflugu vinnustaðanámi í samstarfi við sjávarútveginn.

Námið er til tveggja ára og líkur með framhaldsskólaprófi auk þess sem nem-



Á skrifstofu Fisktækniskólans, frá vinstri Lárus Þór Pálmason, kennari, Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari, Eydna Fossádal, ritari og Nanna Bára Mariasdóttir, kennari og umsjónamaður með endurmenntun.

endur hafa aflað sér ýmissa réttinda eins og skipstjórnarréttinda fyrir smábáta <12 m., vélavarðanám og vinnuvelaréttindi á námsleiðinni svo fátt eitt sé nefnt.

Á komandi hausti, 2011 hefst einnig námlína fyrir matsveina, sjókokka.

Jafnframt undirbýr skólinn framhaldsnám á sviði gæðamála og verkstjórnar ásamt því að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Um

50 manns hafa nú þegar aflað sér svokallaðs “pungaprófs” og 30 manns hafa tekið vélavarðanámskeið.

Byrjað er að taka á móti umsóknum fyrir haustið 2011 um nám við fiskvinnslu-, veiða- og fiskeldisbrautir ásamt sjókokknum hjá Fisktækniskóla Suðurnesja í Grindavík. Upplýsingar eru gefnar í síma 4125968/4125966/4125940 eða nanna@mss.is og olíjon@fss.is.



Lárus að segja til í námi um staðsetningu fiskiskipa.



Drengir úr Grunnskóla Grindavíkur fylgjast með Arnari Ólafssyni frá Veiðarfarþjónustu Grindavíkur hnýta ýmsa hnúta enda öllum hnútum kunnur.

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi

Gröfupjónusta P. Gíslasonar
Sími 893 4343

Tannlæknastofan
Víkurbraut 62
Guðmundur Pálsson
Sími 426-7321

Verkfræðistofa Suðurnesja
sími 420-0100

RH innréttingar ehf.

Verk og tölvupjónusta ehf.
Júlíus Einarsson
Sími 695-8450

Útvegsmannafélag Suðurnesja

Vestmannaeyjahöfn

Sjómannafélag Ólafsfjarðar

Verkalýðs- og sjómannafélag
Sandgerðis

Sjómannastofan VÖR

Íslandsbleikja ehf.

Reykjaneshöfn

Sveitafélagið Garður

Hafrannsóknarstofnun
Rannsóknarstofnun STAÐ



Hafnargata 6 - 240
Grindavík - Sími 426 9900

Söluturninn Víkurbraut 62

Bókabúð Grindavíkur

Grindin ehf.

TG raf ehf.

BESA ehf.
Dúddi Gísla GK-48

Farsæll ehf.
Farsæll GK-162

Víkurborg ehf.
Árni í Teigi GK 1

Jens Valgeir ehf.
Askur GK 65

Sveinstaðir ehf.
Geirfugl GK 66

Grímsnes ehf.



Brimrún

Hólmahlóð 4 · Reykjavík · Sími 5 250 250

Northern Light Inn



Verkalýðsfélag
Grindavíkur




Fisktækniskólinn
Icelandic College of Fisheries

FRAMTAK
BLOSSI ehf

Vesturhrauni 1 - 210 Garðabæ
Sími 535 5850 - www.framtak.is

UNISERVICE skipavörur og varahlutapjónusta



UNISERVICE
EFNAVÖRUR

*Óskum sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn*



*Óskum sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn*

*Tökum að okkur alla
alhliða lóðarvinnu ,
hellulagnir og fl.*

Grindverk ehf.

Sími 898 1114



Ábyrgð
Öryggi
Traust



KORTER . IS

Traustur grundvöllur samstarfs er örugg leið að árangri



Skeljungur

Þjónustusími: 444 3100